# FRÉTTABLAÐIÐ

151. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 28. JÚNÍ 2018




Ferðalok eftir ævintýrið mikla í Rússlandi. Þeir eru komnir heim. Strákarnir okkar í landsliðinu voru landi og þjóð til sóma á sínu fyrsta heimsmeistaramóti. Þreyttir eftir bardagana miklu en sælir við komuna til Reykjavíkur í gærkvöldi eru þeir á leið í verðskuldað sumarfrí. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Formaður Blindrafélagsins fjallar um réttinn til að lesa. 20

**SPORT** Fjórir leikmenn hafa gefið flestar stoðsendingar. 18

**LÍFIÐ** Innipúkinn, ein elsta tónlistarhátíð landsins, verður á sínum stað í ár. 34

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Synjun kjararáðs á beiðni Fréttablaðsins ekki lögleg

**Kjararáði bar að taka afstöðu til réttar Fréttablaðsins til fundargerða ráðsins en gerði það ekki. Málsmeðferð ráðsins ekki í samræmi við ákvæði upplýsingalaga. Ekkert ráð verður til staðar eftir mánaðamót til að taka afstöðu til málsins.**

**STJÓRNSÝSLA** Málsmeðferð Kjararáðs á beiðni Fréttablaðsins um aðgang að fundargerðum ráðsins, sem var synjað, var hvorki í samræmi við ákvæði upplýsingalaga né rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Þetta er niðurstaða Úrskurðarnefndar um upplýsingamál (ÚNU) sem nú hefur fellt úr gildi synjun ráðsins. Nefndin hefur nú vísað málinu aftur til Kjararáðs.

Í febrúar 2017 óskaði Fréttablaðið eftir fundargerðum kjararáðs frá ársbyrjun 2013 en illa gekk að fá svör frá ráðinu og var því leitað til ÚNU um milligöngu í málinu. Synjun kjararáðs barst í mars en samkvæmt henni taldi kjararáð sig ekki vera stjórnvald og því giltu upplýsingalög ekki um störf þess.

> Fréttablaðið óskaði eftir fundargerðum kjararáðs í febrúar 2017.

Aðgangi að gögnunum var synjað á þeim grundvelli.

Fréttablaðið kærði synjunina til ÚNU en nefndin kvað upp úrskurð sinn í gær. Í úrskurðinum segir að samkvæmt núgildandi lögum um kjararáð sé kveðið á um að það skuli fylgja ákvæðum upplýsingalaga í störfum sínum. Af því leiði að ótvírætt sé að almenningur eigi rétt á aðgangi að gögnum í vörslu ráðsins.

ÚNU telur að gögn sem eru í vörslu kjararáðs séu undirorpin ákvæðum upplýsingalaga og geti röksemdir ráðsins um „meinta stjórnskipulega stöðu þess“ engu breytt í því sambandi óháð því hvort þau urðu til í tíð eldri eða yngri laga um ráðið.

Kjararáði bar því að taka afstöðu til réttar Fréttablaðsins til fundargerðanna en það var ekki gert.

Hinn 11. júní voru samþykkt lög um niðurlagningu kjararáðs en þau taka gildi um næstu mánaðamót. Eftir þann tíma verður ekkert kjararáð til, til að taka afstöðu til málsins. – **jóe** / sjá síðu 6

## Vandkvæðalítið að selja Dæluna

**VIÐSKIPTI** Til þess að bregðast við áhyggjum Samkeppniseftirlitsins af því að kaup N1 á Festi muni raska alvarlega samkeppni á eldsneytismarkaði hefur olíufélagið lagt til að sameinað félag selji frá sér vörumerkið Dæluna, sem N1 kynnti fyrst til sögunnar sumarið 2016, og þrjár eldsneytisstöðvar.

Til viðbótar hafa forsvarsmenn N1 boðist til þess að skuldbinda olíufélagið til þess að selja þeim sem vilja eldsneyti í heildsölu á viðskiptalegum grunni og auka jafnframt aðgengi að birgðarými hjá Olíudreifingu.

Samkeppniseftirlitið kallaði í gær eftir sjónarmiðum almennings um sáttatillögur N1. Eftirlitið hefur þegar látið í ljós það álit sitt að kaup N1 á Festi muni að öðru óbreyttu hafa í för með sér „skaðleg“ áhrif á samkeppni. – **kij** / sjá síðu 16



Eggert Þór Kristófersson.

## Veður




Suðaustan 5-13 m/s og fer að rigna í dag, fyrst suðvestanlands. Heldur hægari og bjart veður á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast á norðaustanverðu landinu.

SJÁ SÍÐU 26

# Hjólbörufar í Hlíðunum



Það er mikilvægt að hvíla lúin bein eftir baráttuna við gróðurinn sem ofalinn hefur verið á úrkomu í allt sumar. Þessi starfsmaður Vinnuskóla Reykjavíkur fékk far hjá vinnufélaga sínum í hjólbörum yfir Lönguhlíð í gær. Væntanlega aðframkominn af þreytu eftir baráttuna við sprettuna í borginni. Þúsundir ungmenna eru nú að störfum í vinnuskólum um allt land. Það eru fyrstu skref margra á vinnumarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Með réttarstöðu sakbornings

**LÖGREGLUMÁL** Andri Gunnarsson, lögmaður og viðskiptafélagi Sigurðar Gísla Björnssonar, hefur réttarstöðu sakbornings í stærsta skattsvikamáli sem til rannsóknar hefur verið á Íslandi. Meint brot, vantalinn skattstofn, nemur 1,3 milljörðum króna. Þau munu hafa átt sér stað á árunum 2011 til 2016.

Húsleit var gerð heima hjá Andra 2. maí síðastliðinn. Landsréttur hafnaði í síðustu viku kröfu Andra um að embætti skattrannsóknarstjóra afhenti gögn sem fundust í húsleitinni. Landsréttur staðfesti þar með úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur sem féllst á að umrædd gögn væru nauðsynleg í þágu rannsóknar í einum umfangsmesta skattalagabrotum sem upp hafa komið hér á landi, að sögn embættisins.

Fréttablaðið greindi frá því 18. janúar síðastliðinn að húsleit hafi verið gerð á heimili Sigurðar Gísla fyrir áramót en hann er framkvæmdastjóri fiskútflutningsfyrirtækisins Sæmarks. Eignir hans voru kyrrsettar og bankareikningar haldlagðir. Andri er lögmaður Sigurðar Gísla.



Andri Gunnarsson, lögmaður hjá Nordik.

Embætti skattrannsóknarstjóra hefur haft mál til meðferðar frá Panama-lekanum svokallaða þar sem meðal annars kom fram að Sigurður Gísli hefði stofnað félagið Freezing Point Corp. í Panama árið 2009, en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er hann grunaður um skattsvik í gegnum fleiri en eitt félag.

Ekki liggur fyrir hvort Sæmark tengist meintum skattalagabrotum.

Sigurður á í fjárfestingarfélaginu Óskabeini sem er meðal annars stór hluthafi í tryggingafélaginu VÍS og Kortaþjónustunni. – bg

## Ljósmæður bjartsýnar

**VINNUMARKAÐUR** Samninganefndir ríkisins og ljósmæðra hittast á fundi hjá ríkissáttasemjara í dag klukkan 10.30. Eru fundir þeirra hjá sáttasemjara orðnir ellefu talsins auk sex funda áður en deilan fór inn á borð ríkissáttasemjara.

„Við förum inn á fundinn fullar bjartsýni eins og við höfum gert í hvert skipti og vonum að samninganefndin komi til fundar með umboð og vilja til að semja við okkur,“ segir Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður kjaranefndar Ljósmæðrafélags Íslands.

Deilan hefur staðið yfir síðan í september í fyrra. „Það er ekki hægt að halda svona áfram. Það er öllum til vansa og lítilsvirðingar,“ bætir Katrín við. „Þessi deila hefur staðið yfir í rúma meðgöngu og það stefnir allt í gangsetningu.“

Kosning um yfirvinnuverkfall meðal ljósmæðra hófst í gær og verður opin fram á sunnudag. – sa

# Fluttur á Hólmsheiði fyrir spjall á golfvelli

**Fangi á Kvíabryggju var fluttur í lokað fangelsi eftir spjall á golfvelli fangelsisins. Fanganum er lýst sem fyrirmyndarfanga. Félag fanga segir fangelsisyfirvöld beita hörku í agaviðurlögum og telja að um brot á meðalhófi sé að ræða.**

**FANGELSI** Fangelsisyfirvöld eru harðlega gagnrýnd í yfirlýsingu frá Afstöðu, félagi fanga, vegna beitingar agaviðurlaga gagnvart Barry Van Tuijl sem fluttur var frá opna fangelsinu að Kvíabryggju, þar sem hann hefur afplánað dóm undanfarin ár, í fangelsið á Hólmsheiði fyrr í vikunni.

Málsatvikum er lýst þannig í yfirlýsingunni að Barry hafi fengið símtal frá fyrrverandi samfanga sem bað hann að hitta sig á golfvelli Kvíabryggju þar sem hann kvaðst vera staddur. Golfvöllurinn er á lóð fangelsisins, við framhlið aðalbyggingarinnar og engin leið að leynast á vellinum. Þangað hafi Barry farið án þess að gera sér grein fyrir að í því gæti falist brot á reglum fangelsisins.

Var honum í kjölfarið birt ákvörðun um flutning á Hólmsheiði, með þeim rökum að hann hefði fengið ósamþykkta heimsókn andstætt reglum fangelsisins.

Barry, sem er frá Hollandi og fær ekki margar heimsóknir í fangelsið, gat ekki, að mati félagsins, átt von á því að menn væru í leyfisleysi á lóð fangelsisins og þaðan af síður að hann sjálfur gæti borið ábyrgð á veru umrædds manns þar.

Í yfirlýsingu Afstöðu er Barry sagður fyrirmyndarfangi og vel liðinn meðal samfanga sinna. Hann hafi lagt sig fram um að aðstoða samfanga sína við nám og verið til staðar í andlegum erfiðleikum þeirra.

Barry sótti um náðun í fyrra og í umsókn hans segir að fangaverðir á Kvíabryggju geti vitnað um góða hegðun hans að ofangreindu leyti.



Golfvöllurinn er á flötinni beint fyrir framan fangelsið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Barry Van Tuijl

> Við fyrsta agabroti má ekki beita þyngri viðurlögum en skriflegri áminningu enda sé brotið smávægilegt.

Barry missti fót í bílslysi fyrir nokkrum árum og getur ekki nýtt rétt sinn til að afplána síðasta hluta dómsins á áfangaheimilinu Vernd, enda húsið óíbúðarhæft fyrir jafn fatlaðan einstakling og Barry. Hann nýtur heldur ekki fullra sjúkra- og örorkuréttinda hér á landi og vegna þessara aðstæðna sótti Barry um náðun enda vildi hann helst komast heim til Hollands þar sem hann nyti fullra réttinda. Honum var hins vegar synjað um náðun eins og Fréttablaðið greindi frá í janúar.

Afstaða, félag fanga, gagnrýnir hörkuna í agaviðurlögum stofnunarinnar enda mikill réttindamissir að fara úr opnu fangelsi í lokað. Vísað er meðal annars til ákvæða í lögum um fullnustu refsinga sem kveða á um að við fyrsta agabroti megi eingöngu veita skriflega áminningu ef um smávægilegt brot er að ræða.

Erla Kristín Árnadóttir, staðgengill forstjóra Fangelsismálastofnunar, segist ekki getað tjáð sig um mál einstakra fanga en segir brot á heimsóknarreglum geta verið misalvarleg og varðað mismunandi agaviðurlög. Við slíka ákvörðun þurfi að hafa meðalhófsreglu í huga enda um stjórnsýsluákvörðun að ræða.

adalheidur@frettabladid.is





Kringlan
30 ára
Af öllu hjarta
ÚTSALA
OPIÐ TIL
22
Í KVÖLD
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
EIN STÆRSTA ÚTSALA LANDSINS ER HAFIN!
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

# Segir sáttmála meirihlutaflokkanna hrákasmíð

**AKUREYRI** Minnihluti bæjarstjórnar Akureyrar lagði fram 50 spurningar til meirihlutaflokkanna á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar. Telur minnihlutinn sáttmála meirihlutaflokkanna vera illa skrifaðan, óræðan og að þörf sé á nánari útskýringum á honum.

Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir íbúa eiga að fá að vita hvert stefnan er sett næstu fjögur árin. „Það er ekki hægt að draga upp neina mynd af því sem meirihlutinn ætlar sér,“ segir Gunnar. „Sáttmáli meirihlutans er þannig settur upp að íbúar geta ekki séð stefnuna. Þess vegna erum við að setja fram þessar spurningar. Íbúar bæjarins eiga að fá að vita hvert meirihlutinn er að fara. Annaðhvort er meirihlutinn enn ósammála um það eða að þau treysta sér ekki til að setja það niður á pappír.“

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs og oddviti Framsóknarflokksins, kynnti málefnasamning L-lista, Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar fyrir kjörtímabilið á fundinum. Fulltrúar Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Miðflokks, minnihlutans í bæjarstjórn, bókuðu gegn sáttmálanum. Óskaði minnihlutinn eftir að spurningum hans yrði svarað og umræður teknar á næsta fundi bæjarstjórnar Akureyrar.

„Sé ætlunin að komast í gegnum annað kjörtímabil án mikilla aðgerða er eðlilegt að horft sé framhjá þessari beiðni,“ stendur jafnframt í bókun minnihlutans.

Halla Björk Reynisdóttir, oddviti L-lista og forseti bæjarstjórnar, vísar gagnrýni Gunnars á bug.

„Málefnasamningurinn sem meirihlutinn hefur sett fram er metnaðarfullur og lýsir framtíðarsýn okkar vel. Þetta er stefna en ekki starfsáætlun og nú þegar er hafin vinna við að útfæra stefnuna í samvinnu við starfsfólk. Við vísum því gagnrýni minnihlutans alfarið á bug,“ segir Halla Björk.

Minnihlutinn segir hins vegar í bókuninni að ekki sé hægt að ræða stefnuna út frá sáttmálanum. Hann sé fullkomlega óhæfur sem umræðugrundvöllur um stefnu og áherslur meirihlutans, eins og stendur í bókun minnihlutans. **– sa**

> Það er ekki hægt að draga upp neina mynd af því sem meirihlutinn ætlar sér.
>
> Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokksins



# Laxeldisfyrirtæki þurfa að eitra fyrir laxalús í Tálknafirði og Arnarfirði

**Laxalús er orðin svo mikil í Tálknafirði og Arnarfirði að nota þarf eitur til að drepa lúsina. Hitastig sjávar ekki eins mikil vörn gegn laxalús og talið var. Laxalúsin veldur fyrirtækjum í laxeldi nokkrum búsifjum. Fisksjúkdómanefnd gerir athugasemd við hversu litla tilburði Arnarlax hefur sýnt gagnvart fyrirbyggjandi aðgerðum í baráttunni við laxalúsina. Nefndin lagðist gegn lyfjagjöf fyrir mánuði.**

**UMHVERFISMÁL** Matvælastofnun hefur gefið laxeldisfyrirtækjum í Arnarfirði og Tálknafirði heimild til að meðhöndla eldislax með lyfjum til að koma í veg fyrir lúsafaraldur í kvíum fyrirtækjanna. Við lúsatalningu í Tálknafirði sáust greinileg merki um að sú lús sem lifað hafði af í vetur var lífvænleg og byrjuð að tímgast og sáust merki um ný smit. Er þetta annað árið í röð sem bregðast þarf við lúsafaraldri í laxeldi í Arnarfirði.

Síðastliðið haust þurfti Matvælastofnun einnig að veita heimild til notkunar á lúsafóðri til að drepa laxalús sem hafði herjað á kvíar í Dýrafirði og einnig í Arnarfirði sumarið 2017. Á vef Landssambands fiskeldisstöðva (LF) kemur fram að í íslensku fiskeldi hafi aldrei verið notuð lúsalyf og að hin skaðlega lús eigi erfitt uppdráttar hér á landi vegna lágs hitastigs sjávar. Ljóst er að laxalúsin hefur lifað af síðustu tvo vetur og hefur valdið fyrirtækjum búsifjum.

„Talið var að engar aðrar aðferðir hefðu nægt til að hreinsa fiskinn af lús og ljóst að ef ekki yrði farið í aflúsun á þessu stigi yrði lúsasmit orðið óásættanlegt síðsumars og í haust. Töluverð hætta væri þá á neikvæðum áhrifum á velferð fisksins og að auki verður að taka tillit til smitálags á villtan fisk og eldisfisk í nágrannafjörðum,“ segir í tilkynningu Matvælastofnunar sem hefur eftirlit með laxeldi hér á landi.

„Kuldinn er náttúruleg vörn gegn laxalúsinni en hann eyðir henni ekki,“ segir Kristján Þ. Davíðsson, framkvæmdastjóri LF. Í Arnarfirði var lúsasmit mikið og mikill fjöldi fiska er í stöðinni. Fara á í fyrirbyggjandi aðgerðir í stöðvunum til að hindra að smit komi upp aftur.



**Laxalúsin getur verið hvimleiður fylgifiskur laxeldisins og valdið eldisfyrirtækjum búsifjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Aðrar leiðir gegn lús ekki fullreyndar

Fisksjúkdómanefnd lagðist gegn lyfjagjöf fyrir tæpum mánuði. 28. maí barst nefndinni erindi frá dýralækni Arnarlax hf. þar sem óskað var eftir heimild til að meðhöndla eldislax gegn laxalús með skordýraeitrinu Alpha Max. Málið var tekið fyrir þann 31. maí.

„Að umfjöllun lokinni komst fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að mæla ekki með því við Matvælastofnun að heimila umbeðna lyfjameðhöndlun, hvorki í Arnarfirði né Tálknafirði.“

„[...] fisksjúkdómanefnd gerir athugasemd við hversu litla tilburði Arnarlax hefur sýnt gagnvart lyfjalausum og fyrirbyggjandi aðferðum í baráttunni við laxalúsina. Ekki hefur verið sýnt fram á að aðrar leiðir hafi verið fullreyndar á umræddum eldissvæðum, fyrirbyggjandi eða til að draga úr sýkingu.“

## Hvað er laxalús?



Laxalús er sníkjudýr í sjó. Þetta krabbadýr leggst á laxfisk og lifir eingöngu af honum. Kjörhitastig lúsarinnar er um fimm til sjö gráður og lífsskilyrðin versna með lækkandi hitastigi. Laxalúsin lifir ekki af í ferskvatni og nær villtur fiskur að hrista af sér lúsina fljótlega eftir göngu upp í ferskvatn.



**Jón Örn Pálsson.**

Jón Örn Pálsson sjávarútvegsfræðingur segir þetta staðfestingu á því að hitastig sjávar að vetri til sé ekki nægileg vörn gegn laxalúsinni. „Þessar fréttir staðfesta þetta. Talning á lús staðfestir að lúsinni fækkar ekki. Hún hins vegar fjölgar sér ekki á köldum vetrum. Nú er hins vegar spurning hvað fiskeldisfyrirtækin gera til að hvíla staðina,“ segir Jón Örn. **sveinn@frettabladid.is**




# 15 þúsund krónur urðu að 650 þúsund

**DÓMSMÁL** Félagið Einn á móti X ehf. þarf að greiða frístundabyggðinni Ásum 15 þúsund krónur vegna uppsetningar á öryggishliði að frístundabyggðinni. Deila um gjaldið hefur staðið í tæp fjögur ár.

Frístundabyggðin er í landi Fells í Bláskógabyggð en eigandi jarðarinnar lagði veg um jörðina. Í ágúst var sent út fundarboð til félagsmanna í Ásum en tilefni fundarins var að taka ákvörðun um uppsetningu hliðs við þjóðveginn og að húsunum. Var það samþykkt. Eigandi Eins á móti, sem og eigendur jarðarinnar Fells, vildu ekki una uppsetningu hliðsins. Meðal annars ætluðu eigendur jarðarinnar sér að fjarlægja hliðið yrði það sett upp. Hliðið var engu að síður sett upp en Einn á móti vildi ekki taka þátt í kostnaði við uppsetningu þess. Málið var höfðað til innheimtu kostnaðarhluta hans.

Byggði Einn á móti meðal annars á því að hliðið takmarkaði notkun hans á lóð sinni og að félagið hefði ekki haft heimild til að setja hliðið upp. Þá bryti það á stjórnarskrárvörðum rétti hans til að standa utan félaga að skikka hann til aðildar í Ásum en svo er gert í lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

Hliðið er þannig hannað að hægt er að opna það með því að hringja í símanúmer. Einn á móti hafði ekki kosið að nota það númer og það því talið standa honum næst að falast eftir númerinu. Þá hafði hann tekið þátt í öllum aðgerðum félagsins og greitt gjöld þess og því ekki skyndilega hægt að byggja á réttinum til að standa utan þess. Ákvörðunin um uppsetninguna var talin lögmæt.

Auk krónanna 15 þúsund fyrir uppsetninguna þarf Einn á móti að greiða 650 þúsund í málskostnað. **– jóe**



**Deila um öryggishliðið og gjaldið sem tengist því hefur staðið í fjögur ár.**

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Gildir aðeins fimmtudag til sunnudags

# Sumarblóm

## trjáplöntur og pottaplöntur

# 50% afsláttur




Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.

## Frábær tilboð í Húsasmiðjunni

**Garðhúsgögn**
**25% afsláttur**

**Ferðavörur**
**20% afsláttur**

**Nilfisk**
**Háþrýstidælur**
**20-30% afsláttur**

**Garðverkfæri**
frá Fiskars og Claber
**20-25% afsláttur**



Sjáðu verðið!
25% afsláttur

Garðstóll Manilla
Staflanlegur.
3899591
**6.510 kr**
~~8.690 kr~~



20% afsláttur

Kælibox
30 ltr., 12V.
3899332
**7.190 kr**
~~8.990 kr~~



20% afsláttur

**Nilfisk**
Háþrýstidæla
125 bör, 1,5kW, 460 ltr./klst., 6 m slanga, pallahreinsibursti, þvottakústur, röra- og klóakhreinsir.
5254205
**26.995 kr**
~~33.795 kr~~



Sjáðu verðið!
25% afsláttur

claber
Slönguhjól Ecosei
Tekur 60m af 1/2" slöngu.
5081658
**3.370 kr**
~~4.495 kr~~

Kvika gefur út sex mánaða víxla

Reykjavík, 28. júní 2018

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 1.600 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 18 1220 og er heildarheimild flokksins 2.000 milljónir króna. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta þann 27. júní 2018, og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku, *www.kvika.is/verdbrefalysingar*.

KVIKA
kvika.is

# Á leikvangi byltingarinnar



Landslið Frakklands og Argentínu mætast í 16-liða úrslitum á leikvanginum í borginni Kazan. Þessi mynd er tekin þar en borgin var einn af upphafspunktum rússnesku byltingarinnar árið 1917. Hér heldur ungur drengur frá Kazan bolta á lofti. Byltingarleiðtoginn Vladímír Lenín fylgist með en lætur sér fátt um finnast. NORDICPHOTOS/AFP

# Synjun Kjararáðs ekki í samræmi við lög

**Kjararáði ber að fara yfir fundargerðir sínar frá ársbyrjun 2013 og taka afstöðu til þess hvort afhenda beri Fréttablaðinu þær. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál felldi fyrri synjun ráðsins úr gildi. Ráðið verður ekki til eftir þrjá daga.**

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd um upplýsingamál (ÚNU) hefur fellt úr gildi synjun kjararáðs á beiðni Fréttablaðsins um aðgang að fundargerðum ráðsins. Lagt er fyrir ráðið að taka nýja ákvörðun í málinu.

Í nóvember 2017 óskaði Fréttablaðið eftir aðgangi að fundargerðum ráðsins frá 2008 til 2017. Mánuði síðar var beiðnin ítrekuð og einnig óskað eftir bréfum þeirra sem undir ráðið heyra til þess. Þeirri beiðni var hafnað þar sem hún þótti of víðtæk. Ný beiðni var lögð fram í febrúar þar sem aðeins var óskað eftir fundargerðum frá ársbyrjun 2013.

Illa gekk að fá svör frá kjararáði og var því leitað til ÚNU um milligöngu í málinu. Synjun kjararáðs barst í mars en samkvæmt henni taldi kjararáð sig ekki vera stjórnvald og því giltu upplýsingalög ekki um störf þess. Aðgangi að gögnunum var synjað á þeim grundvelli.

Fréttablaðið kærði synjunina til ÚNU sem kvað upp úrskurð sinn í gær. Í úrskurðinum segir að samkvæmt núgildandi lögum um kjararáð sé kveðið á um að það skuli fylgja ákvæðum upplýsingalaga í störfum sínum. Af því leiði að ótvírætt sé að almenningur eigi rétt á aðgangi að gögnum í vörslu ráðsins.

„Eins og réttur almennings til aðgangs að gögnum er afmarkaður í upplýsingalögum er fyrst og fremst gerður áskilnaður um að þau séu fyrirliggjandi hjá aðila sem fellur undir gildissvið laganna […] Að meginstefnu skiptir engu máli hvenær umbeðin gögn urðu til eða hvenær þau bárust viðkomandi aðila,“ segir í úrskurði nefndarinnar.



Frá húsakynnum Kjararáðs, við Skuggasund 3. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Af því leiðir að öll gögn í vörslu kjararáðs séu undirorpin ákvæðum upplýsinga og geti röksemdir ráðsins um „meinta stjórnskipulega stöðu þess“ engu breytt í því sambandi. Hefði löggjafinn viljað undanskilja gögn sem urðu til fyrir gildistöku nýrra laga um kjararáð árið 2016 hefði verið eðlilegt að taka það skýrt fram í lögunum.

Kjararáði bar því að taka afstöðu til réttar Fréttablaðsins til fundargerðanna en það var ekki gert. Að mati ÚNU samræmdist málsmeðferð kjararáðs hvorki ákvæðum upplýsingalaga né rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Annmarkarnir á synjun ráðsins leiddu til þess að hún var felld úr gildi og málinu var vísað aftur til ráðsins.

Þann 11. júní voru samþykkt lög um niðurlagningu kjararáðs en þau taka gildi um næstu mánaðamót. Eftir þann tíma verður ekkert kjararáð til, til að taka afstöðu til málsins.

joli@frettabladid.is




**Nýjar, litríkar og skemmtilegar rennibrautir og leiktæki fyrir yngstu kynslóðina hafa verið tekin í notkun í Salalaug.** Leiksvæðið er í gömlu vaðlauginni sem hér eftir verður kölluð barnalaugin.

Sundferð með fjölskyldunni eða í góðra vina hópi er dásamleg líkamsrækt og veitir slökun og vellíðan. Salalaug og Kópavogslaug bjóða upp á frábæra aðstöðu, vatnsrennibrautir, leiktæki og heita potta.

Sundlaugar Kópavogs
kopavogur.is



FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið með þér í sumar.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:




Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.



**Kælitaska 16 l**

**999 kr**



**Kælikubbar 2 stk**

**199 kr**




**Kælitaska**

**1.299 kr**



**Kælibox 24 l**

**1.999 kr**



**Útilegustóll með örmum**

**2.499 kr**



**Stálbrúsi sem heldur heitu og köldu í 12 klst**

**1.299 kr**




**Brúsi 750 ml**

**549 kr**




**Dós sem heldur heitu og köldu**

**999 kr**




**Álbrúsi**

**999 kr**




**Vatnsheldur poki 10 l**

**1.999 kr**



**Vatnspoki 14 l**

**499 kr**




**Flösku ferðasett 5 stk**

**499 kr**



**Uppvöskunarbali**

**1.299 kr**



**Pönnu- og pottasett, ál**

**1.999 kr**



**Regnslá**

**399 kr**

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga

# Andstaða við nýbyggingu í Skógarhlíð

**Fyrirhugað tólf íbúða fjölbýlishús við bæinn Þóroddsstaði í Skógarhlíð mætir andspyrnu nágranna sem óttast öngþveiti vegna bílastæðaskorts. Borgarsögusafn segir bygginguna munu þrengja að Þóroddsstöðum og leggst gegn tillögunni. Minjastofnun er jákvæðari.**

**SKIPULAGSMÁL** Áform um að reisa nýtt tólf íbúða fjölbýlishús í Skógarhlíð 22 vekja litla hrifningu nágranna og Borgarsögusafn leggst gegn því að borgin heimili bygginguna.

Um er að ræða þriggja hæða burstahús sem standa á lóð gamla bæjarins Þóroddsstaða sem byggður var 1927 og hýsir nú blandaða starfsemi. Samkvæmt tillögu Hornsteina Arkitekta er ætlun félagsins Verts ehf. að tengibygging verði yfir í Þóroddsstaði og að þar verði innréttaðar sex íbúðir. Samtals verði því átján íbúðir á lóðinni.

„Í deiliskipulagstillögunni er lögð áhersla á að nýta kosti – og staðsetningu – lóðarinnar Skógarhlíð 22 sem best og að flétta nýjum húsum á áreynslulausan hátt saman við þá byggð sem fyrir er. Leitast er við að Þóroddsstaðir haldi stöðu sinni sem sögulegt kennileiti í hverfinu,“ segir í greinargerð.



Nýja byggingin í efri enda Skógarhlíðar á að liggja í L umhverfis Þóroddsstaði sem Borgarsögusafn segir að mjög verði þrengt að. Minjastofnun segir hins vegar bæinn ekki hluta af „stærri varðveisluheild“. MYND/HORNSTEINAR ARKITEKTAR

### Engin ný bílastæði

„Ekki er gert ráð fyrir fjölgun bílastæða á lóð, en töluverður fjöldi bílastæða í nágrenninu og í götu samnýtast áfram,“ segir í greinargerðinni. Þetta fellur alls ekki í kramið hjá nágrönnunum. Tólf íbúar í Eskihlíð 26 senda borginni sameiginlegt athugasemdabréf.

„Teljum við undirrituð fyrirhugað byggingarmagn á lóðinni óhóflegt, hvort sem litið er til umhverfisgildis Þóroddsstaða, yfirbragðs svæðisins í heild eða áhrifa vegna skuggavarps,“ segir í bréfi tólfmenninganna. Benda þeir á að bílastæði suðvestan lóðarinnar séu einnig nýtt af gestum Stofnunar múslima.

> **Leitast er við að Þóroddsstaðir haldi stöðu sinni sem sögulegt kennileiti í hverfinu.**
>
> Úr greinargerð með skipulagstillögu

> **Teljum við undirrituð fyrirhugað byggingarmagn á lóðinni óhóflegt, hvort sem litið er til umhverfisgildis Þóroddsstaða, yfirbragðs svæðisins í heild eða áhrifa vegna skuggavarps.**
>
> Tólf íbúar í Eskihlíð 26

### Stæðin fullnýtt um helgar

„Algengt er að þessi stæði séu fullnýtt um helgar vegna safnaðarstarfs sem þar fer fram. Þannig er varla hægt að ætlast til þess að íbúar Skógarhlíðar 22 noti þessi stæði líka og má telja líklegt að tillagan leiði til öngþveitis verði hún samþykkt,“ segja íbúarnir tólf sem vilja að tillögunni verði hafnað.

Og Stofnun múslima á Íslandi hefur einnig áhyggjur af bílastæðamálunum. „Handan götunnar er moska okkar sem er samkomuhús og höfum við í samkomulagi við borgaryfirvöld tryggt bílastæðaþörf hússins með samþykktu deiliskipulagi,“ segir í bréfi Karims Askari, forstjóra Stofnunar múslima. Karim óskar eftir nánari skýringum á fjölda og staðsetningu bílastæðanna fyrir Skógarhlíð 22.



Þannig lítur húsið út Skógarhlíðarmegin. MYND/HORNSTEINAR ARKITEKTAR

### Sýn að Þóroddsstöðum byrgð

Borgarsögusafn segir í umsögn að vegna hins mikla gildis sem Þóroddsstaðir hafi fyrir umhverfi sitt „sem kennileiti og sýnilegur vitnisburður um sögu og þróun svæðisins“ mæli það ekki með því að leyfð verði slík uppbygging á lóðinni.

„Ekki verður annað séð en að nýbyggingarnar sem tillagan sýnir muni þrengja mjög að hinu eldra húsi og byrgja að miklum hluta sýn að því frá Bústaðavegi og Litluhlíð,“ segir Borgarsögusafnið. Tillagan samræmist hvorki markmiðum hverfisverndar vegna umhverfisgildis hússins né því að Þóroddsstaðir haldi stöðu sinni sem sögulegt kennileiti í hverfinu.

### Áhersla á „sögulega ásýnd“

Minjastofnun segir hins vegar Þóroddsstaði ekki vera hluta af götumynd eða stærri varðveisluheild. Áhersla sé lögð á að varðveita stöðu burstahússins sem kennileitis og „sögulega ásýnd þess“ að Skógarhlíð.

„Fyrirhugaðar nýbyggingar takmarka vissulega sýn á gamla húsið frá Litluhlíð. Sú gata í núverandi mynd hefur þó engin söguleg tengsl við Þóroddsstaði og frágangur hennar rýrir nærumhverfi sitt,“ segir Minjastofnun.

gar@frettabladid.is


FORD KUGA TITANIUM S AWD

YFIRBURÐIR!

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi.

AFSLÁTTUR -420.000 KR.




FORD KUGA TITANIUM S AWD SJÁLFSKIPTUR

VERÐ ÁÐUR: 5.610.000 KR.

TILBOÐSVERÐ:

5.190.000 KR.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford

ford.is

SMÁRALIND




**ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR**
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Tólfti loftsteinsgígurinn fundinn í Finnlandi

**FINNLAND** Hópur vísindamanna við jarðvísindastofnun Finnlands, háskólann í Helsinki og háskólann í Tartu í Eistlandi hefur uppgötvað ævafornan loftsteinsgíg í Mið-Finnlandi.

Gígurinn er 2,6 kílómetrar að þvermáli og liggur undir stöðuvatninu Summanen, sem er í um níu kílómetra fjarlægð frá borginni Saarijärvi. Ekki er vitað hversu gamall gígurinn er, eða hver efnasamsetning loftsteinsins var.

Lengi hafa verið grunsemdir um að gíg væri að finna á botni stöðuvatnsins en rafsegulrannsóknir sem gerðar voru á svæðinu í kringum aldamót renndu stoðum undir þessar grunsemdir. Á endanum staðfesti vettvangsrannsókn vísindamanna á síðasta ári kenninguna.

Þetta er tólfti loftsteinsgígurinn sem fundist hefur í Finnlandi, en þeir eru nú alls 191 sem vitað er um á Jörðinni.

Gígurinn undir Summanen-vatni er lítill í samanburði við stærsta gíg sem fundist hefur í Finnlandi. Hann fannst á svipuðum slóðum og er rúmlega 30 kílómetrar að þvermáli. Talið er að hann skollið á jörðinni fyrir um 1.100 milljónum ára. Engu að síður er talið að Summanen-loftsteinninn hafi valdið meiriháttar hamförum, enda fundu vísindamennirnir skýr merki um öfluga höggbylgju í bergi. Jafnframt er talið að gígurinn hafi verið mun stærri í fyrndinni en veðrun, skriðjöklar og jarðhræringar síðustu árþúsunda hafi orðið til þess að hann minnkaði. – khn

**» Loftsteinsgígurinn liggur undir stöðuvatninu Summanen í Mið-Finnlandi.**




**Gervitunglamynd sýnir staðsetningu gígsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÜRI PLADO

## Leiðtogar funda

**BANDARÍKIN** Leiðtogafundurinn sem beðið hefur verið eftir, milli Donalds Trump Bandaríkjaforseta og Vladimírs Pútín Rússlandsforseta, mun að líkindum fara fram í næsta mánuði. Tilkynnt verður í dag um nákvæman stað og stund fundarins en þar verða málefni Sýrlands og samskipti þjóðanna tveggja meðal annars í brennidepli. Trump verður á ferð um Evrópu um þetta leyti vegna leiðtogafundar NATO.

Þetta verður fyrsti einkafundur forsetanna tveggja en Rússland hefur heldur betur verið samofið umræðunni um Trump undanfarna mánuði, með ásakanir um hin ýmsu afskipti Rússa af niðurstöðum forsetakosninganna, svo fátt eitt sé nefnt. – smj

## Beckham á ferð með Bjögga

**MANNLÍF** Knattspyrnumaðurinn fyrrverandi, David Beckham, er staddur á landinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.is lenti hann á Reykjavíkurflugvelli um tvöleytið í gær. Beckham er líklega hér í boði góðvinar síns Björgólfs Thors Björgólfssonar en þeir sáust á ferð saman í Reykjavík.



**David Beckham.**

Ljóst er af Instagram-síðu Beckhams að hann kom beint af fundi Bretlandsdrottningar í Buckingham-höll þar sem hann var á þriðjudaginn.

Beckham hefur áður heimsótt Ísland í boði Björgólfs árið 2016, þar sem hann renndi meðal annars fyrir lax. Auðkýfingarnir tveir eru mestu mátar og deila hinum ýmsu áhugamálum. Þá gengu börn þeirra í sama skóla í London. – smj

# Hvetja Katrínu til að ræða mál flóttafjölskyldna á NATO-fundi

**Fulltrúar Samfylkingarinnar og Pírata í utanríkismálanefnd Alþingis hvetja Katrínu Jakobsdóttir, forsætisráðherra, til að vekja athygli á málefnum fjölskyldna og barna á flótta á leiðtogafundi NATO og mótmæla aðgerðum Bandaríkjamanna. Forsætisráðherra ætlar að ræða öryggis- og varnarmál í breiðu samhengi.**

**UTANRÍKISMÁL** „Íslensk stjórnvöld eiga að vera staðfastir talsmenn verndar barna á flótta og taka afstöðu gegn hvers konar ofbeldi, útlendingahatri og mismunun, bæði heima fyrir og erlendis,“ segir í bókun sem Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, og Smári McCarthy, fulltrúi Pírata í utanríkismálanefnd, lögðu fram á fundi nefndarinnar í gær.

„Ég tel að íslensk stjórnvöld hafi ekki stigið nógu fast til jarðar í þessum málum. Þess vegna hvetjum við forsætisráðherra til að taka þetta upp á leiðtogafundi NATO og mótmæla sérstaklega þessum grófu aðgerðum gegn börnum og fjölskyldum á flótta,“ segir Logi.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að hún muni koma almennt inn á þessi mál í ávarpi sínu á leiðtogafundinum. „Ég mun tala um öryggismál í breiðu samhengi. Ekki bara um hefðbundin varnarmál, heldur líka um loftslagsmál og málefni flóttafólks. Varðandi málefni Bandaríkjanna sérstaklega, þá ræðum við okkar afstöðu til þeirra í tvíhliða samræðum. Afstöðu okkar í þessu máli og mótmælum hefur þegar verið komið á framfæri við bandarísk stjórnvöld,“ segir Katrín.

Logi fór í síðustu viku fram á að nefndin kæmi saman til að ræða aðskilnað fjölskyldna á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Hann segir að vissulega hafi orðið vendingar í málinu frá því að fundarbeiðnin kom fram.

Bandarísk stjórnvöld hafi dregið til baka hörðustu aðgerðirnar en ástandið sé samt enn mjög alvarlegt.



**Utanríkismálanefnd kom saman í gær til að ræða málefni innflytjenda og flóttafólks á alþjóðavettvangi. Samfylking og Píratar hvetja forsætisráðherra til að mótmæla aðgerðum gegn fjölskyldum á flótta á fundi NATO.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frásögn Elizabeth Warren, öldungadeildarþingmanns frá Massachusetts, af skelfilegum aðstæðum fjölskyldna sem séu í haldi staðfesti það.

Logi segir að mörg samstarfsríki okkar hafi mætt flóttamannavandanum af grimmd í stað ábyrgðar og skilnings. „Mér fannst rétt að beina þessari hvatningu til ráðherra að taka þetta upp við þessi lönd. Ég mun ekki hika við að óska eftir því að nefndin komi aftur saman bregðist stjórnvöld ekki við með skýrari hætti,“ segir Logi.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður nefndarinnar, telur líkt og forsætisráðherra að viðbrögð íslenskra stjórnvalda hafi verið skýr og þessar ómannúðlegu aðgerðir verið gagnrýndar. „Það hefur komið mjög skýrt fram af hálfu stjórnvalda að þessar aðgerðir samræmast ekki þeim gildum sem við aðhyllumst.“

Ákvörðun bandarískra stjórnvalda um að hætta í mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna var einnig rædd á fundinum. Áslaug Arna segir að Bandaríkin hafi lengi verið ósátt við störf mannréttindanefndarinnar. „Við vonumst til að Bandaríkin muni snúa aftur í mannréttindanefndina enda rödd þeirra mikilvæg.“ sighvatur@frettabladid.is

REKSTRAR-
VÖRUR FYRIR
HEIMILIÐ




OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8–17.

Í Rekstrarlandi fæst úrval af ræstivörum fyrir öll heimilisþrif; pappírsvörur og plastpokar, Nilfisk ryksugur, margar gerðir af gasgrillum og ýmsar gas- og grillvörur. Rekstrarland er einnig með mikið af heilbrigðisvörum, náttúruvænar bleiur og ýmsar vörur tilheyrandi umönnun barna.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

PIER

# Sumar SPRENGJA

# 20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



Skoðið úrvalið á

**www.pier.is**

Gildir 28. júní - 4. júlí. Gildir ekki með öðrum tilboðum

# Ástand heimsins



1



2



3

1. Miklir gróðureldar geisa nú í mýrlendinu við Stalybridge á Bretlandi. Ljósmyndari náði mynd af því þegar fullt tungl reis handan við eldhafið. NORDICPHOTOS/GETTY

2. Ferðabanni Trumps Bandaríkjaforseta var víða mótmælt í gær, svo sem í Los Angeles. Þar voru nokkrir handteknir, þar á meðal einstaklingar úr prestastéttinni, eftir að hafa lokað fyrir umferð. NORDICPHOTOS/GETTY

3. Ný verk eftir götulistamanninn Banksy skutu upp kollinum í París í gær. Listamaðurinn staðfesti á Instagram að hann hefði mundað spreybrúsann. NORDICPHOTOS/GETTY

4. Vilhjálmur Bretaprins sýndi afburðatakta þegar hann hitti ungt knattspyrnufólk í Ramallah í Palestínu. Vilhjálmur er fyrsti meðlimur bresku konungsfjölskyldunnar sem heimsækir hernumdu svæðin í Palestínu. NORDICPHOTOS/GETTY

5. Þær voru glæsilegar, skepnurnar sem tóku þátt í nautgripasýningunni í Norfolk í Bretlandi í gær. Hér fer dómari vönum höndum um eitt nautið. NORDICPHOTOS/GETTY



4



5




**20% afsláttur af Viktor & Rolf**
**ilmum dagana 28. júní -4. júlí**

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*


GERÐU GÓ
Glæsilegir bílar á einstaklega góðum kj
NISSAN QASHQAI
Acenta, dísil, beinskiptur.
Sérkjör: 3.240.000 kr.
Listaverð: 3.550.000 kr.
ÞÚ SPARAR 310.000 kr.
RENAULT KOLEOS
Intens, fjórhjóladrifinn, dísil, ssk.
Sérkjör: 4.990.000 kr.
Listaverð:5.990.000 kr.
Reynsluakstursbíll
ÞÚ SPARAR 1.000.000 kr.
RENAULT MEGANE SPORT TOURER
Bose, bensín, beinskiptur.
Sérkjör: 3.490.000 kr.
Listaverð: 3.890.000 kr.
ÞÚ SPARAR 400.000 kr.
100% RAFBÍLL
RENAULT ZOE
Intens, rafmagn, sjálfskiptur.
Sérkjör: 3.290.000 kr.
Listaverð: 3.590.000 kr.
ÞÚ SPARAR 300.000 kr.
HYUNDAI i10
Style, bensín, beinskiptur.
Sérkjör: 1.945.000 kr.
Listaverð: 2.140.000 kr.
ÞÚ SPARAR 195.000 kr.
Kynntu þér allt um Kjarabíla á www.bl.is
ENNEMM / SÍA / NM88906




**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Telur „vandkvæðalítið“ að selja Dæluna

**N1 leggur til að vörumerkið Dælan og þrjár eldsneytisstöðvar verði seldar til þess að sefa áhyggjur Samkeppniseftirlitsins. Olíufélagið skuldbindur sig auk þess til þess að auka aðgengi að birgðarými hjá Olíudreifingu. Ófyrirséð er hvenær rannsókn eftirlitsins lýkur.**

Til þess að bregðast við áhyggjum Samkeppniseftirlitsins af því að kaup N1 á Festi muni raska alvarlega samkeppni á eldsneytismarkaði hefur olíufélagið lagt til að sameinað félag selji frá sér vörumerkið Dæluna, sem N1 kynnti fyrst til sögunnar sumarið 2016, og þrjár eldsneytisstöðvar.

Til viðbótar hafa forsvarsmenn N1 boðist til þess að skuldbinda olíufélagið til þess að selja þeim sem vilja eldsneyti í heildsölu á viðskiptalegum grunni og auka jafnframt aðgengi að birgðarými hjá Olíudreifingu, sem félagið á 60 prósenta hlut í.

Samkeppniseftirlitið kallaði í gær eftir sjónarmiðum almennings um sáttatillögur N1. Eftirlitið hefur þegar látið í ljós það álit sitt að kaup N1, sem er stærsta eldsneytisfélag landsins, á Festi, næststærsta smásölufélagi landsins en það rekur meðal annars verslanir undir merkjum Krónunnar og Elko, muni að öðru óbreyttu hafa í för með sér „skaðleg“ áhrif á samkeppni sem leitt geti til tjóns fyrir bæði keppinauta félaganna og neytendur. Ef eftirlitið fellst ekki á tillögur N1 mun það ógilda kaupin.

Hlutabréf í olíufélaginu féllu um 5,1 prósent í verði í 330 milljóna króna viðskiptum í Kauphöll Íslands í gær, daginn eftir að félagið greindi frá því að endanleg niðurstaða Samkeppniseftirlitsins myndi ekki liggja fyrir í þessum mánuði, líkt og vonir stóðu til. Félagið sagði þess í stað „ófyrirséð“ hvenær rannsókn eftirlitsins lyki og benti auk þess á að vegna tímafresta í kaupsamningi N1 og Festar kynni að þurfa að koma til breytinga á samningnum.

Í upphaflegu samkomulagi félaganna, sem þau skrifuðu undir í júlí í fyrra, er heildarvirði Festar, það er virði hlutafjár og skulda, 37,9 milljarðar króna en endanlegt kaupverð mun meðal annars ráðast af afkomu smásölufélagsins.

### Yrði sterkur keppinautur

Í frummati Samkeppniseftirlitsins, sem lá fyrir í lok febrúar síðastliðins, lýsti eftirlitið áhyggjum af því að kaupin myndu fela í sér „mjög alvarlega röskun á samkeppni á eldsneytismarkaði“. Ekki væri fyrir hendi nægilegur fjöldi keppinauta sem veitt gætu sameinuðu félagi nægjanlegt samkeppnislegt aðhald.

Ein af sáttatillögum olíufélagsins, sem Samkeppniseftirlitið birti á vef sínum í gær, felst í því að sameinað félagi selji frá sér þrjár eldsneytisstöðvar, nánar tiltekið við Hæðarsmára, Salaveg og Fellsmúla, og vörumerkið Dæluna. Undir merkjum Dælunnar hefur N1 selt eldsneyti frá sumrinu 2016 á einu föstu verði sem er að jafnaði um 15 til 17 krónum lægra en hefðbundið listaverð olíufélagsins.

Í bréfi N1 til Samkeppniseftirlitsins, sem Snorri Stefánsson, lögmaður hjá Advel, skrifar undir fyrir hönd olíufélagsins, er bent á að eldsneytissala sjálfsafgreiðslustöðva Dælunnar hafi farið vaxandi undanfarið og nú sé svo komið að þessi hluti rekstrar N1 skili jákvæðri framlegð. Ætla verði að mögulegt sé að selja vörumerkið „vandkvæðalítið í einu lagi og auka þannig samkeppni“. Dælan yrði þannig, að sögn olíufélagsins, keppinautur sem væri ólíkur öðrum eldsneytisfélögum og með „sterka hvata til þess að keppa í verðum“.




N1 telur að kaupin á Festi, næststærsta smásölufélagi landsins, feli í sér tækifæri til þess að hagræða í innlendri smásöluverslun, meðal annars með því að samþætta ákveðna þætti í starfsemi félaganna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1.

### Bjóðast til að selja Kjarval

Olíufélagið leggur auk þess til að sameinað félag selji verslun Kjarvals á Hellu, en tillögunni er ætlað að bregðast við áhyggjum Samkeppniseftirlitsins af því að kaup N1 muni skaða samkeppni á Hvolsvelli og Hellu. Grundvallast það mat eftirlitsins á því að í bæjarfélögunum sé Festi nánasti keppinautur verslunar N1 í sölu dagvara. Þannig gætu kaupin, að mati eftirlitsins, leitt til verðhækkana í verslunum N1, Krónunnar og Kjarvals þar.

### Auka aðgengi að birgðarými

Auk þess var það frummat eftirlitsins að kaup N1 á Festi gætu leitt til þess að erfiðara yrði fyrir keppinauta olíufélagsins að komast inn á markaðinn fyrir smásölu eldsneytis. Tók eftirlitið fram, því til stuðnings, að hvatar hins sameinaða félags til þess að selja eldsneyti í heildsölu myndu minnka í kjölfar kaupanna og það sama ætti við um hvata dótturfélagsins Olíudreifingar til þess að dreifa eldsneyti fyrir keppinauta N1. Samruninn gæti jafnvel valdið því að „keppinautar hrökklist af markaðinum“.

Til þess að bregðast við umræddum ætluðum samkeppnishömlum skuldbindur N1 sig til þess að selja þeim sem eftir því leita eldsneyti í heildsölu „á viðskiptalegum grunni“ og gæta jafnræðis og hlutlægni við söluna. Þá býðst olíufélagið enn fremur til þess að beita sér fyrir auknum aðgangi að þjónustu Olíudreifingar, til dæmis að birgðarými.

Tekur félagið fram í bréfi sínu til Samkeppniseftirlitsins að nægilegt birgðarými sé fyrir hendi, hvað varðar eldsneyti fyrir bíla, þannig að ekki eigi að koma til þess að „Olíudreifing þyrfti að gera upp á milli viðskiptavina“. kristinningi@frettabladid.is

### Segist ekki hafa „vald yfir hluthöfum“ sínum

N1 segist í bréfi sínu til Samkeppniseftirlitsins ekki hafa „vald yfir hluthöfum“ sínum. Þannig geti forsvarsmenn félagsins fyrst og fremst rætt við hluthafana um áhyggjur eftirlitsins af skaðlegum áhrifum eignatengsla í sameinuðu félagi N1 og Festar. „Það er hins vegar þeirra [hluthafanna] að bregðast við því,“ segir í bréfi olíufélagsins.

Í frummati Samkeppniseftirlitsins er bent á að sameiginlegt eignarhald á dagvöru- og eldsneytismarkaði sé umtalsvert og samþjöppunin muni aukast í kjölfar kaupanna.

Lífeyrissjóðir eiga samanlagt um 50 til 60 prósenta hlut í N1 og keppinautnum Skeljungi. Með kaupum Haga á Olís kemst þriðja olíufélagið í eigu félags sem er að meirihluta í eigu lífeyrissjóða, en lífeyrissjóðir halda samanlagt á tæplega 60 prósenta hlut í Högum. Þá eru lífeyrissjóðir stórir hluthafar í Festi.

N1 tekur fram í bréfinu að félagið hafi rætt við stærstu hluthafa sína. Almennt virðist sem vilji þeirra standi til þess að full samkeppni verði á öllum mörkuðum sem olíufélagið starfar á.

Í tillögum N1 er settur „ákveðinn rammi“, eins og það er orðað, um stjórn og framkvæmdastjórn sem er ætlað að „koma í veg fyrir að stjórnarmenn eða aðrir freisti þess að fá N1 til þess að halda aftur af sér í samkeppni á markaði,“ að því er segir í bréfinu.

**37,9**

**milljarðar króna er heildarvirði Festar samkvæmt kaupsamningi þess við N1.**

# Hækkar um 70 prósent í bókum Bláa lónsins

Virði félagsins Gufu, sem rekur baðstaðinn Fontana við Laugarvatn, jókst um hátt í 70 prósent í bókum stærsta hluthafans, Bláa lónsins, á síðasta ári.

Riflega 36 prósenta hlutur Bláa lónsins í Gufu var metinn á 1,6 milljónir evra eða sem jafngildir um 203 milljónum króna í lok síðasta árs. Það þýðir að baðstaðurinn var í heild metinn á um 560 milljónir króna. Til samanburðar var bókfært virði baðstaðarins um 316 milljónir króna í lok árs 2016.

Bláa lónið bætti við hlut sinn í Gufu í fyrra í gegnum dótturfélag sitt, Íslenskar heilsulindir, úr 19 prósentum í 36 prósent. Er Bláa lónið þannig orðið stærsti hluthafi Gufu en Icelandair hótel er sá næststærsti með ríflega 31 prósents hlut.

Baðstaðurinn við Laugarvatn, sem var opnaður sumarið 2011, skilaði 91 milljónar króna hagnaði árið 2016 og þrefaldaðist hagnaðurinn á milli ára. Félagið hefur ekki skilað ársreikningi fyrir síðasta ár. – kij



Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins.

**» Bláa lónið bætti við hlut sinn í Gufu, sem rekur baðstaðinn Fontana við Laugarvatn, í fyrra, úr 19 prósentum í 36 prósent.**

# Oculis metið á fimm milljarða króna

Lyfjaþróunarfyrirtækið Oculis, sem hefur þróað tækni við meðhöndlun augnsjúkdóma, var metið á 4,7 milljarða króna í bókum vaxtarsjóðsins Brunns við árslok 2017. Brunnur á tæplega 24 prósenta hlut í Oculis sem metinn var á 1,13 milljarða króna í ársreikningi fjárfestingarsjóðsins. Brunni er stýrt af Landsbréfum, dótturfélagi Landsbankans, og SA Framtaki GP.

Fram kom í Markaðnum í janúar að Oculis hafi samið við leiðandi alþjóðlega vaxtarsjóði, Bay City Capital, Novartis Venture Fund og Pivotal bio Venture Partners, ásamt Brunni og Silfurbergi um 2,1 milljarðs króna hlutafjáraukningu. Lesa má úr ársreikningi sjóðsins að Brunnur hafi lagt lyfjaþróunarfyrirtækinu til 420 milljónir króna við það tilefni.

Samhliða hlutafjáraukningunni var ákveðið að fyrirtækið opnaði nýjar höfuðstöðvar í Lausanne í Sviss.

Oculis lauk við fjármögnun í júnímánuði árið 2016 sem leidd var af Brunni vaxtarsjóði og Silfurbergi, sem er í eigu Friðriks Steins Kristjánssonar, stofnanda Invest Farma. Þá var allt hlutafé þess metið á 699 milljónir króna og Brunnur átti 17 prósenta hlut. Virði þess tæplega sjöfaldaðist á milli ára.

Oculis var stofnað árið 2003 af dr. Einari Stefánssyni, prófessor í augnlækningum, og dr. Þorsteini Loftssyni, prófessor í lyfjafræði. Þeir leiða enn rannsóknir og nýsköpun fyrirtækisins. Um er að ræða langsamlega stærstu eign Brunns því eignir hans námu samanlagt 1,5 milljörðum króna við árslok. Sjóðurinn safnaði fjórum milljörðum króna frá fjárfestum og óádregin loforð nema 2,7 milljörðum króna.

Brunnur fjárfesti í tveimur nýjum verkefnum í fyrra: Ghostlamp og Visku learning. Miðað við bækur Brunns er allt hlutafé Ghostlamp metið á 208 milljónir króna og Visku learning á 404 milljónir króna. Brunnur á 24 prósenta hlut í Ghostlamp og tæplega 25 prósenta hlut í Visku. Sjóðurinn á tæplega 40 prósenta hlut í DT Equipment, og var allt hlutafé metið á 345 milljónir króna, og rúmlega 28 prósenta hlut í ATMO Select. Sá hlutur var færður niður um 88 prósent á milli ára og var allt hlutafé fyrirtækisins metið á 18 milljónir króna í fyrra miðað við bækur sjóðsins. – hvj

**24%**

**er eignarhlutur vaxtarsjóðsins Brunns í Oculis.**




**Nilfisk**

## Háþrýstidæla

E 150.2-10 H x-TRA. Sjálfvirk gangsetning og stöðvun. Þrýstingsjöfnun. Hámarksþrýstingur 150 bör. Virkni 2100 W. Vatnsnotkun (pr/klst) 500 lítra. Slöngulengd 10 m. Þyngd 19,8 kg.

# 59.995.-

Almennt verð: 69.995.-

**Pinotex**

## Pallaolía, 5 l

Smýgur djúpt inn í viðinn og hrindir vel frá sér vatni. Notið litaða olíu til aðná fram fullnægjandi UV-vörn. Hægt að fá í ýmsum gagnsæjum litbrigðum.

# 2.445.-

Almennt verð: 3.495.-

Tilboðið gildir eingöngu frá fimmtudeginum 28. júní til og með sunnudeginum 01. júlí 2018

# BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Hvernig á að bregðast við?



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þeir Íslendingar sem héldu til Rússlands til að styðja landsliðið á HM skemmtu sér konunglega. Ráðherrar og forseti Íslands voru fjarri góðu gamni, en ríkisstjórnin hafði látið þau boð út ganga að hún myndi ekki senda fulltrúa sína á mótið vegna taugaeitursárásar á Skripal-feðginin í Salisbury í Bretlandi sem Pútín er kennt um. Þessi ákvörðun vakti enga sérstaka athygli landsmanna, fyrir utan megna óánægju hlustenda Útvarps Sögu sem í símatímum fordæmdu fjarveru forsetans á mótinu og sögðu hann kúgaðan af illa innrættri og vonlausri ríkisstjórn. Þeir kvöddu síðan með fullyrðingu um að Ólafur Ragnar Grímsson hefði ekki látið bjóða sér slíka meðferð heldur tekið fyrsta flug til Rússlands.

Forsetafrúin fór til Rússlands til að horfa á fótbolta og vel má túlka þá ferð sem svo að forsetinn hafi ekki með öllu verið sáttur við ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Borgarstjórinn Dagur B. Eggertsson mætti einnig galvaskur á leiki íslenska liðsins. Hann hefur örugglega farið á eigin kostnað sem prívat manneskja en um leið getur hann ekki alveg hrist af sér opinberu persónuna. Það hefði verið fullkomin hræsni af hans hálfu að mæta til Rússlands ef hann styddi í hjarta sínu ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Sennilega er hann á þeirri skoðun að í þessu tilviki hafi verið hæpið að blanda saman íþróttum og pólitík.

Samband pólitíkur og íþrótta er flókið og stundum er eins og ekki sé til neitt rétt svar. Á sínum tíma hefði til dæmis mátt færa mjög gild rök fyrir því að ekki væri forsvaranlegt að senda íþróttafólk á Ólympíuleika Hitlers í Berlín árið 1936. Rökin gegn þeirri skoðun eru að þar var unnið afrek sem komst í heimssöguna þegar blökkumanninum Jesse Owens tókst með sigrum sínum að afsanna kenningar nasista um yfirburði hins aríska kynstofns.

Þegar stjórnmálamenn byrja að taka ákvarðanir um að senda ekki fulltrúa á íþróttaviðburði í löndum þar sem stjórnvöld fremja fólskuverk þá er erfitt að draga mörkin. Hinn siðferðilegi vandi er æpandi þegar kemur að heimsmeistarakeppninni í fótbolta í Katar árið 2022. Íslendingar eru bjartsýnisfólk og gera vitanlega ráð fyrir þátttöku landsliðs síns í landi þar sem ýmislegt bjátar á.

Í Katar er þegar byrjað að vinna að uppbyggingu leikvanga fyrir HM og yfirgnæfandi hluti þeirra sem koma að því verki eru farandverkamenn frá Suður-Asíu. Fullyrt er að hundruð þeirra hafi þegar látið lífið á vinnusvæðinu. Sharan Burrow, formaður Alþjóðasambands verkalýðsfélaga, segir að svo geti farið að allt að fjögur þúsund verkamenn hafi látið lífið vegna bágra aðstæðna áður en heimsmeistaramótið hefst.

> **Hin siðferðilegi vandi er æpandi þegar kemur að heimsmeistarakeppninni í fótbolta í Katar árið 2022.**

Íslenskir ráðamenn ákváðu að stilla sér upp við hlið vestrænna þjóða og mótmæla árásinni á Skripal-feðginin í Salisbury með því að senda ekki fulltrúa sína á HM í Rússlandi. Nú vill svo til að Skripal-feðginin eru á lífi og sögð við góða heilsu meðan nokkrar þúsundir bíða dauðans í Katar. Það er fórnin sem er færð til að halda HM í Katar. Spurningin sem bíður heimsbyggðarinnar er: Hvernig á að bregðast við?




## Halldór




## Frá degi til dags

**Sundfólki forðað frá djúpum skít**

**Nokkurt uppnám varð í gær meðal sjósundfólks sem hugðist þreyta árvisst Fossvogssund í dag. Sjóbuslið hefði nefnilega orðið hið mesta glapræði ef Kópavogur hefði fylgt áformum um að taka rafmagn af dælustöð í nótt og láta skólp renna í sjóinn á meðan. Hjá bænum fannst tæknileg lausn sem kom í veg fyrir yfirfall í stöðinni og sjósundfólkið andaði léttar. „Þetta er gert til að skapa ekki mengun í sjónum og vegna sjósunds,“ sagði Sigríður B. Tómasdóttir, upplýsingafulltrúi bæjarins, við frettabladid.is í gær og bæjarstjórinn Ármann Kr. Ólafsson uppskar þakkir á samfélagsmiðlum.**

**Skoðað í kistuna**

**Landslið Suður-Kóreu afgreiddi það þýska úr HM heldur óvænt í gær. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Miðflokksins, hélt þó ró sinni enda greinilega við öllu búinn. „Stóru liðin, Ísland og Þýskaland dottin út. Nú þarf að grafa í kassanum,“ skrifaði Sigmundur á Facebook og birti mynd af enskri landsliðstreyju. Í ljósi þess að hann er annálaður safnari er allt eins líklegt að hann geti mætt brottfalli hvaða liðs sem er með því að draga þá einfaldlega treyju annars liðs upp úr kassanum.**

thorarinn@frettabladid.is

# Ferðamenn heita ábyrgri hegðun



Ásta Kristín Sigurjónsdóttir
framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar



Inga Hlín Pálsdóttir
forstöðumaður hjá Íslandsstofu

Síðasta sumar hófu Íslandsstofa og samstarfsaðilar í íslenskri ferðaþjónustu herferð sem hvatti ferðamenn til að vinna þess heit að ferðast um landið með ábyrgum hætti.

Heitið, sem gengur undir nafninu „The Icelandic Pledge“, nær til átta atriða sem stuðla að ábyrgri ferðahegðun, svo sem að bera virðingu fyrir náttúrunni, skilja við hana eins og komið var að henni, að keyra ekki utan vega, eða koma sér ekki í hættulegar aðstæður við að taka myndir; að tjalda á viðeigandi tjaldsvæðum sem og að vera vel útbúinn á ferðalagi um Ísland og reiðubúinn öllum veðrum. Við teljum að það hafi jákvæð áhrif á hegðun ferðamanna að vinna slíkt heit og hefur verið ákveðið að endurtaka leikinn í sumar.

Nú þegar hafa yfir 30.000 manns strengt heitið og koma þau frá yfir 100 löndum. Ísland var fyrsta landið til að bjóða gestum sínum að heita þess að ferðast um landið á ábyrgan og öruggan hátt og að ganga vel um náttúru landsins. Þetta framtak hefur vakið athygli erlendis bæði hjá fjölmiðlum sem og öðrum áfangastöðum með tilliti til sjálfbærni. Fyrirtæki í ferðaþjónustu tóku virkan þátt í framkvæmd verkefnisins í fyrra og vonum við að sami áhugi sé í sumar. Isavia mun m.a. hafa stóran hnapp í komusal á flugvellinum þar sem ferðamenn geta unnið heitið strax við komuna til landsins og Landsbjörg mun dreifa yfir 3.000 heitum um landið til ferðamanna.

Í ár viljum við sérstaklega hvetja öll þau fyrirtæki sem taka þátt í Ábyrgri ferðaþjónustu með Festu og Íslenska ferðaklasanum að taka þátt ásamt öllum öðrum sem hafa áhuga. Það er gert með því að deila heitinu á samfélagsmiðlum og vefmiðlum ásamt því að hafa það sýnilegt fyrir gestum og viðskiptavinum með sérstökum borðspjöldum sem dreift verður.

Við óskum ykkur góðs ferðasumars!

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Með hverjum heldur þú?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Róm – Hér í sumarblíðunni á Ítalíu eru götur og gangstéttir krökkar af bílum og fólki eins og vant er hvað sem heimsmeistarakeppninni í Rússlandi líður. Á börunum horfir næstum enginn á fótboltann í sjónvarpinu heldur talar fólkið hvert við annað eða grúfir sig yfir símana sína. Það eru viðbrigði fyrir Ítala og vonbrigði að hafa ekki getað áunnið sér rétt til að taka þátt í heimsmeistaramótinu nú í fyrsta sinn í 80 ár. Ítalar hafa fjórum sinnum orðið heimsmeistarar eins og Þjóðverjar, oftar en nokkur önnur þjóð nema Brasilía sem hefur hreppt heimsmeistaratitilinn fimm sinnum. Þessar þrjár þjóðir hafa því farið með sigur af hólmi í 13 skipti samanlagt á þeim 20 heimsmeistaramótum sem fram hafa farið frá fyrstu keppninni í Úrúgvæ 1930. Ekkert mót var haldið í miðri heimsstyrjöldinni 1942 né heldur strax eftir stríðið 1946. Evrópulið hafa unnið heimsmeistaratitilinn 11 sinnum, þar af Englendingar, Frakkar og Spánverjar einu sinni hvert lið. Suður-Ameríka hefur sigrað níu sinnum, þar af Argentína og Úrúgvæ tvisvar hvort land.

**Þjóðrækni, frændrækni, fegurð**

Vandfundinn mun vera sá Íslendingur sem hefur ekki haldið ákaflega með íslenzka liðinu í Rússlandi. Þjóðrækni ræður miklu um það. Og úr því að þjóðræknin fékk að ráða för, ætti þá ekki frændræknin að leysa hana af hólmi þegar íslenzka liðið snýr heim frá Rússlandi eftir frábæra frammistöðu? Ætti stuðningur Íslendinga þá ekki að flytjast yfir á Dani eða Svía? – og þaðan yfir á aðrar suðlægari Evrópuþjóðir ef Danir og Svíar skyldu einnig heltast úr leik.

**Aðrir láta sér fegurðina í léttu rúmi liggja og styðja helzt það lið sem þeir telja sigurstranglegast. Þeim líður bezt í þéttu faðmlagi við sigurvegarann og valdið. Enn aðrir snúa málinu á hvolf og styðja langhelzt lítilmagnann, ný lið sem eiga á brattann að sækja.**

Nú vandast málið, munu sumir segja, því fleiri sjónarmið koma til álita en frændræknin ein. Sumir hafa fegurðina í fyrirrúmi. Þeir halda með því liði sem þeim finnst spila fallegasta fótboltann og berast þá böndin að Suður-Ameríkuliðunum, Brasilíu, Kólumbíu og Úrúgvæ, en einnig sumum afrísku liðunum sem spila líka liðmjúkan dansandi fótbolta í andstöðuumerkingu við stálin stinn sem einkenna enska og þýzka boltann. Aðrir láta sér fegurðina í léttu rúmi liggja og styðja helzt það lið sem þeir telja sigurstranglegast. Þeim líður bezt í þéttu faðmlagi við sigurvegarann og valdið. Enn aðrir snúa málinu á hvolf og styðja langhelzt lítilmagnann, ný lið sem eiga á brattann að sækja. Þannig stendur á miklum og áköfum stuðningi við Afríkuliðin og einnig við íslenzka liðið úti um allan heim. Einn fréttaþulurinn í San Francisco hafði orð á því um daginn að



knattspyrnumenn í Argentínu eru mun fleiri en allir Íslendingar.

**En stjórnmál?**

Og svo er a.m.k. eitt sjónarmið enn. Er rétt að halda stjórnmálum utan girðingar? Er með góðu móti hægt að halda með liðum frá spilltum löndum þar sem lýðræði á undir högg að sækja? – t.d. Íran eða Rússlandi. Sumir kæra sig kollótta, aðrir ekki. Skoðum tölurnar um nokkur landanna sem keppa. Freedom House í Bandaríkjunum hefur kortlagt lýðræði um heiminn frá 1972. Svíþjóð fær nú einkunnina 10 fyrir lýðræði eins og alltaf áður, fullt hús þar. Úrúgvæ fær 9,8, Danmörk og Portúgal fá 9,7, Belgía 9,5, Spánn og Þýzkaland fá 9,4, Frakkland 9,0, Brasilía 7,8, Kólumbía 6,5 og Nígería fær 5,0 (rétt nær!). Rússar og Íranar kolfalla á prófinu með 2,0 og 1,7.

Spillingarvísitölur frá Transparency International segja svipaða sögu nema nú fær Nígería einkunnina 2,7 og skrapar botninn ásamt Rússum með 2,9 og Írönum með 3,0. Brasilía og Kólumbía eru litlu skárri með 3,7, en Þjóðverjar, Svíar og Danir hljóta hæstu einkunnirnar í hópnum frá 8,2 upp í 8,8. Belgía stendur þeim ekki langt að baki með 7,5, Frakkland og Úrúgvæ með 7,0, Portúgal með 6,3 og Spánn með 5,7. Lágar einkunnir vitna um mikla spillingu og öfugt.

Nú er vandinn þessi: Hvernig er hægt að bræða þau saman, þessi ólíku sjónarmið? Leiða þau mig að stuðningi við Danmörku eða Svíþjóð eða jafnvel Úrúgvæ? – úr því að Ísland féll úr leik. Eða eigum við kannski bara að láta alla rökhugsun lönd og leið og leyfa tilfinningunum að taka völdin? Það væri þá ekki í fyrsta sinn.



# Rétturinn til að lesa er mannréttindi



Sigþór U. Hallfreðsson
formaður Blindrafélagsins

Opið bréf til menntamálaráðherra frá formanni Blindrafélagsins.

Á aðalfundi Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, sem haldinn var þann 12. maí síðastliðinn var samþykkt að skora á íslensk stjórnvöld að standa dyggan vörð um starfsemi Hljóðbókasafns Íslands. Jafnframt að sýna í verki vilja sinn til að stuðla að bættu aðgengi að lesefni með því að gerast aðili að Marrakesh-samningnum um aðgengi að útgefnu efni, undirrita hann og lögfesta.

Áætlað er að innan við 10% útgefins lesefnis sé aðgengilegt þeim u.þ.b. 300 milljónum manna sem eru lestrarhamlaðir á prentletur (e. persons with print disabilities). Þar á meðal eru blindir, sjónskertir og lesblindir einstaklingar. Þetta hefur bitnað sérstaklega illa á fátækari löndunum. Þar sem ástandið er verst er innan við 1% útgefinna titla gefið út á aðgengilegu formi s.s. punktaletri, stækkuðu letri eða sem hljóðbók.

Af þessum ástæðum hefur lengi verið unnið að því að ná fram alþjóðlegu samkomulagi við höfundarrétthafa um að aðilar sem ekki starfa í hagnaðarskyni hafi rétt til að gefa út útgefið efni á aðgengilegu formi og opna á aðgang til þeirra sem á þurfa að halda og enda þar með þessa bókaþurrð.

Staðan á Íslandi er nokkuð góð samanborið við mörg nágrannalönd okkar. Hljóðbókasafn Íslands gegnir þar lykilhlutverki. Á árinu 2017 var heildarfjöldi prentaðra bókatitla í Bókatíðindum 607 titlar. Hljóðbókasafnið tryggði aðgengi tæplega 50% þeirra á hljóðbókarformi. Þó svo að þetta sé hátt hlutfall miðað við löndin þar sem staðan er verst, eru þetta samt sem áður innan við helmingur útgefinna bókartitla.

Starfsemi og hlutverk Hljóðbókasafns Íslands byggir á Bókasafnslögum nr. 150/2012 og samningi á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Rithöfundasambands Íslands, auk þess að vera í fullu samræmi við ákvæði Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Samkvæmt þessu hefur Hljóðbókasafnið heimild til að gera allt höfundarréttarvarið efni sem gefið er út á Íslandi aðgengilegt til útláns til notenda safnsins sem skv. lögum eru eingöngu þeir sem ekki geta nýtt sér prentað letur.

**Mikilvægasta þjónustan**

Í nýlegri skoðanakönnun sem Blindrafélagið lét gera meðal félagsmanna sinna var þjónusta Hljóðbókasafnsins metin mikilvægasta þjónustan sem blindum og sjónskertum einstaklingum stendur til boða. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um hversu mikilvægur rétturinn til að lesa er.

Því miður hefur Hljóðbókasafn Íslands og viðskiptavinir safnsins þurft að sitja undir dylgjum og rógburði frá einstaka aðilum sem finna starfsemi safnsins allt til foráttu. Verði farið að kröfum þessa fámenna hóps mun réttur þeirra sem ekki geta nýtt sér prentletur og aðgengi þeirra að lesefni fljótt verða fyrir borð borinn.

En sem betur fer er ríkur skilningur á mannréttindahlutverki safnsins á meðal flest allra höfunda og rétthafa sem endurspeglast í samningi Rithöfundasambands Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Í september 2016 tók gildi alþjóðlegur samningur, kenndur við Marrakesh, sem felur í sér mikla réttarbót fyrir þá sem eru lestrarhamlaðir á prentletur en markmið samningsins er að að liðka fyrir aðgengi að útgefnu efni. Samningurinn krefur samningsaðila um að gera ákveðnar takmarkanir og undantekningar á höfundarréttarreglum til að leyfa endurgerð, dreifingu, tryggja aðgang að útgefnu efni á aðgengilegu formi og að leyfa skipti á þessum verkum yfir landamæri. Samningurinn takmarkast við að þetta sé ekki gert í hagnaðarskyni og ávinningurinn er eingöngu þeirra sem njóta loks aðgangs að útgefnu efni. Læsi og aðgangur að lesefni er undirstaða menntunar, atvinnuþátttöku og virkrar þátttöku í samfélaginu. Marrakesh-samningnum er ætlað að gera því fólki sem er lestrarhamlað á prentletur kleift að njóta þessa til jafns við aðra.

Evrópusambandið (The Council of the European Union) samþykkti löggjöf um Marrakesh-sáttmálann 17. júlí 2017. Með löggjöfinni um framkvæmd Marrakesh-sáttmálans sem nú er í gildi hafa aðildarríkin frest til 10. október 2018 til að innleiða Marrakesh-viðmiðin í eigin löggjöf. Íslensk stjórnvöld hafa ekki enn sem komið er skrifað undir Marrakesh-samninginn.

**Það er því eðlilegt að menntamálaráðherra ríkisstjórnar Íslands sé inntur svara um afstöðu og áform íslenskra stjórnvalda þegar kemur að Marrakesh-samningnum um leið og við hvetjum stjórnvöld til að standa dyggan vörð um þau sjálfsögðu mannréttindi að hafa aðgang að lesefni.**

Það er því eðlilegt að menntamálaráðherra ríkisstjórnar Íslands sé inntur svara um afstöðu og áform íslenskra stjórnvalda þegar kemur að Marrakesh-samningnum um leið og við hvetjum stjórnvöld til að standa dyggan vörð um þau sjálfsögðu mannréttindi að hafa aðgang að lesefni.

# Ofurafl fjárfesta, verðlaunaiðnaðar og 'dómnefnda' á 'arkitektúr'



Örnólfur Hall
arkitekt

I – Á netinu má sjá fjölda verðlauna í byggingarlist, um hundrað talsins, svonefnd Architecture Awards (AA), fyrir áhugaverðustu byggingar í heimi. Ósköpin öll af byggingum hampa AA-prísum, hver annarri heimsfrægari. Ein verðlaun kalla gjarnan á hrinu annarra – eins og tíðkast í heimi 'sjóbissnessins'. Margir arkitektar í Evrópu hafa um þetta stór orð og eru uggandi vegna þessarar þróunar. Þeir segja að fjölmiðla- og áróðursmeistarar risastóru teiknistofanna séu duglegir við að afla þeim prísa úr þeirri miklu prísaflóru. Altalaður er ábatasamur verðlaunaiðnaður. Stórgóðir arkitektar með afburðaverk, en á litlum teiknistofum, eiga litla sem enga möguleika á þessu sviði og segjast hvorki hafa burði til að 'lobbýa' né eiga gilda sjóði til að koma sér á framfæri við verðlaunaveitendurna.

II – Fjárfestinga-arkitektúr: Öflugt fyrirbrigði ríður nú húsum í Evrópu, sem venjulegir evrópskir arkitektar (m.a. þýskir, austurrískir og svissneskir) kalla „Investment-Architektur“ þar sem fjárfestirinn er að sjálfsögðu aðalarkitektinn. Ef ekki er makkað rétt er ekkert mál að finna annan „Investment Architekt“. – Sem betur fer eru dæmi um það, m.a. í Frankfurt, að íbúar hafi hafnað tillögu af þessu sauðahúsi í nálægð við sögufrægar byggingar. Hér á landi hafa borgarar engan slíkan rétt. – Í Kvosinni og á hafnarsvæðinu rísa óaðlaðandi og ótótlegar byggingar sem fjölda borgarbúa óar við, m.a. hótela-, 'moll'- og verslanabákn þar sem auðjöfrarnir og aurana og 'Chef'-arkitektarnir ráða ferðinni.

**Öflugt fyrirbrigði ríður nú húsum í Evrópu, sem venjulegir evrópskir arkitektar (m.a. þýskir, austurrískir og svissneskir) kalla „Investment-Architektur“ þar sem fjárfestirinn er að sjálfsögðu aðal-arkitektinn. Ef ekki er makkað rétt er ekkert mál að finna annan „Investment Architekt“.**

III – Mies van der Rohe-verðlaunin: Fjöldi arkitekta og áhugafólks furðaði sig á 1. sætinu við úthlutun Mies-verðlauna 2014 – og þá einkum hvers vegna sneitt var hjá frábærri torglausn í Ghent í Belgíu, sem er magnaður arkitektúr á viðkvæmum stað við miðaldabyggingar. Arkitektúr sem er afgerandi í anda meistara Mies van der Rohe sjálfs, með einkunnarorð sín, „Less Is More“ – og mjög rómuð af UNESCO. Verkið fékk flest atkvæði evrópskra arkitekta og áhugafólks um byggingarlist, sem veittu því 70% atkvæða. Hins vegar fékk Miesprísinn ráðstefnu- og tónlistarhúsið Harpa með aðeins 10% atkvæða að baki sér. Starfandi arkitektar í Þýskalandi bentu m.a. á forn vinatengsl Mies-nefndarmanns og THL. Antonio Borghi (málkunningi) var formaður ACE, Sambands evrópskra arkitekta. Hann hafði umsjón með þeirri kosningu, en verðlaunin voru hins vegar í höndum úthlutunarnefndar sem taldi að Harpan félli vel að mælikvarða Kvosar og útliti – sérkennileg fullyrðing!

ES: –Frægur varð svo gallaveggurinn í húsinu, suðurveggurinn sem þurfti að rífa niður vegna hættulegra galla (klúður verktaka) og sem við skattgreiðendur fengum svo líka að taka þátt í að greiða. Enn höfum við ekki fengið að sjá heildarreikninginn yfir klúðrið.

# Ávinningur barna af góðum samskiptum fráskilinna foreldra



Dagný Rut Haraldsdóttir
lögfræðingur Félags einstæðra foreldra

Við skilnað geta samskipti milli foreldra orðið bæði erfið og óþægileg. Samskiptamynstrið breytist og takast þarf á við það strax frá upphafi. Heilbrigð samskipti milli fráskilinna foreldra eru vel möguleg ef réttur tónn er settur frá upphafi.

Lykillinn að góðum samskiptum fráskilinna foreldra er að geta aðgreint hið persónulega samband við fyrrverandi maka frá hinu sameiginlega uppalenda-sambandi. Það getur verið gagnlegt að hugsa um þetta samband sem algjörlega nýtt – samband sem snýst eingöngu um velferð barnsins, og ekki um ykkur. Sambandi ykkar, eða hjónabandi, getur verið lokið, en fjölskyldan er þarna enn þá. Að setja barnið í fyrsta sæti á að vera í algjörum forgangi. Fyrsta skrefið í átt að þroskuðu og ábyrgu uppalendasambandi er að setja ávallt þarfir barnsins á undan þínum eigin.

**Hvernig setjum við réttan tón?**

Heilbrigð samskipti milli fráskilinna foreldra velta að miklu leyti á þeim tóni sem aðilar velja sér að nota. Það að nota faglegan tón í samræðum auðveldar að halda tilfinningum utan við samtalið. Talaðu við hitt foreldrið í sama tón og þú myndir tala við vinnufélaga – vinsamlega, skýrt og með opnum hug. Hlustaðu eftir „dýnamíkinni“ í röddinni þegar þú talar við hitt foreldrið, hvort sem er augliti til auglitis eða í gegnum síma. Hafðu í huga að það, hvernig þú segir eitthvað, getur breytt því hvernig viðmælandinn tekur því. Að velja réttan tón er góð æfing í hvaða samtali sem er. Það mun leiða til betri og heilbrigðari samskipta milli fráskilinna foreldra.

Leggja þarf særindi og reiði til hliðar. Þetta er sá hluti sem er eflaust sá allra erfiðasti, en um leið sá allra mikilvægasti. Þá er mikilvægt að þú fáir útrás fyrir tilfinningar þínar í burtu frá börnunum. Vinir, sálfræðingur eða gæludýr eru allt mun betri aðilar til að tala við heldur en börnin, þegar þú þarft að fá útrás fyrir neikvæðar tilfinningar.

**Þegar börn finna fyrir að samskipti foreldra eru góð, eru þau mun fljótari að aðlagast nýjum og breyttum aðstæðum, þau hafa betri sjálfsmynd og meira sjálfsöryggi.**

Haltu fókus á barninu. Þegar þú finnur fyrir reiði eða gremju mundu þá af hverju þú þarft að koma fram af yfirvegun, hagsmunir barnsins eru húfi.

**Barnið er ekki sendiboði**

Ekki stilla barninu upp á milli ykkar. Það getur verið að þú verðir aldrei alveg laus við biturð og gremju varðandi sambandsslitin, en það sem þú getur gert er að afmarka þessar tilfinningar og minna þig á að þær eru vandamálið en ekki vandamál barnsins. Miðaðu ávallt að því að halda þeim vandamálum, sem þú átt við hitt foreldrið, fjarri barninu.

Aldrei nota barnið sem boðbera. Þegar þú notar barnið til að bera á milli skilaboð, þá seturðu það mitt í ykkar deilu. Markmiðið skal ávallt vera það að halda barninu utan við ykkar sambandsvandamál. Notist því við samskiptaleiðir án milliliða.

Halda vandamálunum fyrir þig. Aldrei segja neikvæða hluti við barnið um hitt foreldrið eða láta þau finnast þau þurfi að velja á milli ykkar. Barnið á rétt á sambandi við báða/alla foreldra sína án afskipta hins/hinna.

**Til mikils að vinna**

Ávinningur góðra samskipta fráskilinna foreldra er ómetanlegur.

Þegar börn finna fyrir að samskipti foreldra eru góð, eru þau mun fljótari að aðlagast nýjum og breyttum aðstæðum, þau hafa betri sjálfsmynd og meira sjálfsöryggi.

Ávinningur af stöðugleika er mikill. Þetta geta fráskildir foreldrar haft áhrif á með því að hafa svipaðar reglur, aga og umbun á báðum heimilum svo börnin vita við hverju megi búast og hverju búist er við af þeim.

Þau börn sem sjá foreldra sína vinna saman og eiga samskipti eru líklegri til að taka upp betri samskiptahætti við aðra og læra lausnamiðuð vinnubrögð. Þau verða einnig andlega og líkamlega sterkari, en börn sem verða vitni að slæmum samskiptum foreldra sinna eru mun líklegri til að eiga við þunglyndi og/eða kvíða.

Góðar fyrirmyndir. Með því að eiga góð samskipti eru foreldrar að kenna börnum sínum samskiptamynstur sem þau taka með sér út lífið og auðveldar þeim að byggja upp sterk tengsl.

Félag einstæðra foreldra býður upp á sáttamiðlun milli foreldra, svo og ráðgjöf hjá lögfræðingi og/eða félagsráðgjafa.


YUASA
Sumartilboð
Neyslugeymar
Neyslugeymar í
Fellihýsi
Hjólhýsi
Húsbíla
80 Amper kr. 16.900
100 Amper kr. 19.900
115 Amper kr. 19.900
YUASA
LEISURE
CARAVANS & MOTOR HOMES
L26-80 12V 80Ah 540A
YUASA
LEISURE
CARAVANS & MOTOR HOMES
L36-100 12V 100Ah 700A
Stilling
Allt fyrir bílinn
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Vonbrigði að vera ekki valinn þegar á hólminn var komið

**Tryggvi Snær Hlinason lítur sáttur en um leið vonsvikinn um öxl þegar hann rifjar upp aðdraganda NBA-nýliðavalsins og valið sjálft. Tryggvi Snær telur sig standast þeim bestu snúning en áttar sig betur á því hvað þarf að bæta eftir að hafa æft með leikmönnum í hæsta gæðaflokki. Fram undan eru leikir með landsliðinu.**

**KÖRFUBOLTI** Síðustu vikur hafa verði ansi viðburðaríkar hjá Tryggva Snæ Hlinasyni, landsliðsmanni í körfubolta, en hann hefur á þeim tíma ferðast mikið, æft með fjölmörgum afar frambærilegum körfuboltamönnum og tekið þátt í nýliðavali NBA. Þar var Tryggvi Snær ekki valinn, en þrátt fyrir að vera ánægður með allan þann lærdóm sem hann hefur dregið af ferlinu í kringum valið varð hann fyrir vonbrigðum með að vera ekki valinn.

„Þetta var auðvitað fyrst og fremst mjög gaman. Það var bæði gagnlegt og skemmtilegt að sjá hvar maður stendur í þessum bransa. Að máta sig við leikmenn í svona háum gæðaflokki sem eru að spila svipaða stöðu og ég mun nýtast mér í framhaldinu. Þetta tók líka vel á, það var mikil keyrsla á þessu öllu saman, mikið um ferðalög og nokkur þeirra löng. Það rífur líka í þegar það er mikil óvissa um næstu verkefni og að vera alltaf á hraðferð. Ég var aldrei viss um það hvernig næsti sólarhringur yrði og fékk vanalega bara að vita samdægurs hvert ég væri að fara næst,“ sagði Tryggvi Snær sem æfði í æfingabúðum NBA-liða víðs vegar um Bandaríkin í aðdraganda valsins.

„Mér fannst ég standa mig ágætlega og eiga alveg heima á þessu kalíberi. Það er mikil áhersla á leikstöðuna einn á móti einum og þar átti ég í nokkrum vandræðum. Það er gott að sjá hvaða vankanta ég hef og hvar ég get helst bætt mig á næstu misserum. Það er mikið einangrað í stöðu þar sem menn eiga að ráðast á körfuna og ég verð að leggja áherslu á að verða betri í þeim hluta leiksins. Þetta opnar augun og gefur manni viðmið um hvað þarf að laga. Ég fékk leiðbeiningar frá reynslumiklum og mjög færum þjálfurum sem ég get klárlega nýtt mér,“ sagði Tryggvi Snær aðspurður um hvernig hefði gengið á æfingum með þessum hæfileikaríku leikmönnum.

„Flestir þjálfararnir voru jákvæðir í minn garð og þeir vita að ég hef líkamlega eiginleika sem geta nýst vel. Nú er bara að bæta líkamlegan styrk, tæknina og fínpússa minn leik. Ég tel mig eiga fullt erindi í þessa leikmenn og stefnan er að komast í NBA einn daginn. Það var vissulega stór stund að komast í valið að þessu sinni og mögnuð stund að vera viðstaddur valið. Það voru hins vegar vonbrigði að vera ekki valinn. Þegar maður er kominn svona nálægt þessu er leiðinlegt að komast ekki alla leið. Ég var hins vegar alveg viðbúinn því að þetta gæti farið svona að þessu sinni, en ég var svekktur að heyra ekki nafnið mitt,“ sagði Tryggvi Snær um upplifun sína af því að vera viðstaddur valið sem fram fór í Brooklyn í New York.



Tryggvi Snær Hlinason á æfingu með íslenska liðinu, en fram undan eru tveir mikilvægir leikir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Mér fannst ég standa mig ágætlega og eiga alveg heima á þessu kalíberi. Það er mikil áhersla á leikstöðuna einn á móti einum og þar átti ég í nokkrum vandræðum.
>
> Tryggvi Snær Hlinason

„Hugmyndin er að fylgja þessu eftir með að fara í sumardeild NBA eftir landsliðsverkefnið, taka svo stutt frí og æfa svo á fullu í Santa Barbara í Los Angeles við toppaðstæður. Svo er það bara undirbúningstímabil með Valencia þar á eftir. Ég er samningsbundinn Valencia á næstu leiktíð og býst ekki við öðru en að vera þar áfram. Hlutirnir eru hins vegar fljótir að breytast í körfuboltaheiminum svo maður veit aldrei. Mér líður hins vegar vel í Valencia og langar að vera þar allavega eitt keppnistímabil í viðbót,“ sagði Tryggvi Snær sem er staddur í Búlgaríu þessa stundina með liðsfélögum sínum í íslenska landsliðinu þar sem þeir eru að búa sig undir leik gegn heimamönnum í undankeppni HM 2019 sem leikinn verður á morgun.

Ísland er í harðri baráttu um að komast áfram í milliriðla undankeppninnar, en þrjú af fjórum liðum í riðlakeppni forkeppninnar komast þangað. Ísland er sem stendur í öðru til þriðja sæti riðilsins með tvo vinninga, líkt og Finnland, sem eru næstu andstæðingar íslenska liðsins í riðlakeppninni á eftir leiknum gegn Búlgaríu. Búlgaría nartar svo í hæla Íslands og Finnlands með einn sigur á botni riðilsins. Tékkland er hins vegar á toppi riðilsins með þrjá sigra. Tveir leikir eru eftir af riðlakeppninni og sigur á Búlgaríu tryggir sæti í milliriðlunum. **– hó**

# Ragnar ákveður að leggja landsliðsskóna á hilluna

**FÓTBOLTI** Ragnar Sigurðsson, sem verið hefur í lykilhlutverki í vörn íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu undanfarin ár, hefur ákveðið að láta staðar numið með liðinu. Þetta tilkynnti Ragnar í færslu á Instagram-síðu sinni í gær. Tap íslenska liðsins gegn Króatíu í lokaumferð Heimsmeistaramótsins í Rússlandi var þar af leiðandi síðasti leikur hans fyrir liðið.

Ragnar lék sinn fyrsta landsleik árið 2007, en hann átti ekki fast sæti í liðinu á meðan það lék undir stjórn Ólafs Jóhannessonar og Péturs Péturssonar. Þegar Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson tóku við stjórnartaumunum hjá liðinu lögðu þeir traust sitt á Ragnar og hefur hann myndað öflugt teymi með Kára Árnasyni í hjarta íslensku varnarinnar undanfarin ár.

Kári gaf loðin svör um það hvort hann væri hættur með landsliðinu eftir leikinn gegn Króatíu í gær. Sagði að mögulega væri heppilegast að láta gott heita, en hann myndi eiga erfitt með að segja nei við landsliðinu ef kallið kæmi. Mögulegt er því að nýtt miðvarðateymi mæti til leiks hjá íslenska liðinu þegar liðið hefur leik í Þjóðadeildinni næsta haust.

Ragnar, sem er 30 ára gamall, lék 80 landsleiki og skoraði í þeim leikjum þrjú mörk. Eftirminnilegasta markið er án vafa það sem hann skoraði í sigrinum á Englandi í 16 liða úrslitum Evrópumótsins árið 2016. Hann lék alla leiki íslenska liðsins á Evrópumótinu árið 2016 sem og Heimsmeistaramótinu í sumar. Ragnar lék með rússneska liðinu Rostov á síðustu leiktíð við hlið Sverris Inga Ingasonar, en búist var við því að þeir yrðu miðvarðapar íslenska liðsins næstu árin. Nú er ljóst að svo verður ekki.



Ragnar Sigurðsson eftir síðasta leik sinn fyrir Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Nú er kominn tími á að yngri leikmenn taki við keflinu í vörn liðsins. Bestu þakkir til allra sem tóku þátt í þessu ferðalagi.
>
> Ragnar Sigurðsson

„Þetta hefur verið ótrúleg vegferð í langan tíma með þessu lið. Við vildum gera betur á heimsmeistaramótinu, en höfðum ekki heppnina með okkur. Það hefur verið heiður að spila með landsliðinu með góðum vinum mínum og njóta þeirrar velgengni sem við höfum notið. Nú er kominn tími á að yngri leikmenn taki við keflinu í vörn liðsins. Bestu þakkir til allra sem tóku þátt í þessu ferðalagi,“ segir Ragnar í færslu sinni á Instagram um lok landsliðsferilsins. **– hó**

## Stjarna dagsins á HM 2018

Andreas Granqvist er valinn úr sænska landsliðinu sem kom mörgum að óvörum með því að leggja Mexíkó að velli með sannfærandi hætti í lokaumferð F-riðils í gær.

Liðsheildin hefur verið aðalsmerki sænska liðsins og Granqvist hefur, sem fyrirliði liðsins, séð til þess að það standi saman á mótinu. Þá hefur hann sýnt fádæma öryggi af vítapunktinum og skoraði úr öðru víti sínu á mótinu þegar hann kom Svíum yfir, 2-0, í leiknum gegn Mexíkó.



Svíar skutust upp á topp F-riðilsins með þessum sigri og mæta þar af leiðandi Sviss í 16 liða úrslitum mótsins. Mexíkó mætir svo Brasilíu í baráttu Ameríkuþjóðanna í norðri og suðri.

**HM 2018 í Rússlandi í gær**

### E-riðill

**Brasilía - Serbía 2-0**
1-0 Paulinho (36.), 2-0 Thiago Silva (68.).

**Sviss - Kostaríka 2-2**
1-0 Blerim Dzemaili (31.), 1-1 Kendall Waston (56.), 2-1 Josip Drmic (88.), Yann Sommer (sjálfsmark) (90.).

### F-riðill

**Svíþjóð - Mexíkó 3-0**
1-0 Ludwig Augustinsson (50.), 2-0 Andreas Granqvist (víti) (62.), Edson Alvarez (sjálfsmark) (74.).

**S-Kórea - Þýskaland 2-0**
1-0 Young-Gwon Kim (90.), Heung-Min Son (90.).

# Titilvörn reynst þrautin þyngri

**FÓTBOLTI** Þýskaland, ríkjandi heimsmeistari í knattspyrnu karla, er úr leik á mótinu sem fram fer í Rússlandi þessa dagana. Þetta varð ljóst eftir 2-0 tap liðsins fyrir Suður-Kóreu í lokumferð í F-riðli mótsins í gær. Svíþjóð vann á sama tíma Mexíkó með þremur mörkum gegn engu og tyllti sér á topp riðilsins. Mexíkó fylgir Svíþjóð í 16 liða úrslitin þrátt fyrir tapið.

Þetta er í fyrsta skipti síðan árið 1938 sem Þjóðverjar komast ekki áfram úr fyrstu umferð á heimsmeistaramóti, en liðinu hefur aldrei mistekist að komast áfram eftir að núverandi fyrirkomulag með riðlakeppni var tekið upp. Það er hins vegar engin nýlunda að ríkjandi heimsmeisturum gangi illa í titilvörn sinni. Raunar hafa ríkjandi heimsmeistarar fallið úr leik í riðlakeppni í fjórum af síðustu fimm mótum, það er Frakkar árið 2002, Ítalir árið 2010, Spánverjar árið 2014 og nú Þjóðverjar. **– hó**

## HM í dag

**14.00** Japan - Pólland
**14.00** Senegal - Kólumbía
**18.00** England - Belgía
**18.00** Panama - Túnis

# Fólk

FIMMTUDAGUR 28. JÚNÍ 2018

## Tíska



**Bergþór Bjarnason býr með manni sínum, Olivier, í Nice. Þar rekur hann vefverslun með töskur sem eru án dýraafurða.** →4



# 30 ára afmælishátíð!

Álnavörubúðin í Hveragerði er landsmönnum að góðu kunn og geysivinsæl. Hún fagnar 30 ára afmæli sínu með 30 prósenta afslætti um helgina. →2

Vera Dögg Höskuldsdóttir er verslunarstjóri í Álnavörubúðinni í Hveragerði þar sem haldin verður mikil afmælishátíð um helgina og hægt að gera góð kaup.




ÚTSALAN ER HAFIN!

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND

**Framhald af forsíðu ➪**

Álnavörubúðin verður 30 ára þann 2. júlí og við ætlum svo sannarlega að halda upp á daginn," segir Vera Dögg Höskuldsdóttir verslunarstjóri, full tilhlökkunar og mikið stendur til.

„Við verðum með fagnað á laugardaginn þar sem boðið verður upp á kaffi og köku ásamt því að börnin fá Sun Lolli-safa og Kindersælgæti á meðan birgðir endast. Frá föstudegi til mánudags bjóðum við svo 30 prósent afslátt af flestöllum vörum ásamt því sem útsalan okkar hefst," upplýsir Vera en allir þeir sem versla í Álnavörubúðinni í Hveragerði þessa daga eiga möguleika á að verða dregnir úr sérstökum afmælispotti og vinna gjafabréf að upphæð 5.000 krónur upp í 30 þúsund krónur.

## Nýjasta tíska á betra verði

Álnavörubúðin hefur frá upphafi verið í Hveragerði en fyrst um sinn var hún aðeins neðar í Breiðumörkinni.

„Fljótlega var búðin færð í Breiðumörk 2; í hús sem var eitt sinn gagnfræðaskólinn í Hveragerði. Ásýndin hefur haldist að miklu leyti; hér eru til að mynda enn sömu loftljós og þá voru," útskýrir Dóróthea H. Gunnarsdóttir sem keypti Álnavörubúðina árið 2007 og gaf versluninni dálitla yfirhalningu en gætti þess að halda vel í gömlu stemninguna.

Álnavörubúðin er 500 fermetrar og sneisafull af öllum mögulegum vörum; nýjum, flottum og fyrir allan aldur.

„Hér fæst allt það nýjasta sem er í gangi hverju sinni en við bjóðum það ódýrara en flestir aðrir," segir Dóróthea sem þó vill ekki alhæfa neitt í þeim efnum því það sé bannað.

„Við erum með virkilega mikið og flott úrval af skóm, til dæmis merkin Vagabond, Tamaris, Skechers og SIXMIX, ásamt VIKING-gúmmístígvélum á allan aldur og kyn. Einnig glæsilegt úrval af útivistarfatnaði á alla fjölskylduna frá Didriksons, North Rock og Whistler," segir Dóróthea um freistandi vöruval Álnavörubúðarinnar sem fæst á ótrúlegu afmælistilboði um helgina.

„Við erum með æðislegan Hummel-fatnað á börn og fullorðna, sem og danska íþrótta- og lífsstílsmerkið Endurance. Einnig tískufatnað á dömur frá dönsku merkjunum Ofelia og Cassiopeia, en Cassiopeia er í stærðunum 42 til 56. Þá eigum við til almennan fatnað fyrir karlmenn, margt upp í stærðir 6XL," upplýsir Dóróthea.

Í Álnavörubúðinni fæst líka lopi og allt sem tengist prjónaskap, mikið af vefnaðarvöru frá 400 krónum metrinn, og ágætt úrval leikfanga.

„Við erum með eitthvað fyrir alla á betra verði. Því er algjörlega ómissandi hluti af ferðalaginu að kíkja í Álnavörubúðina í Hveragerði. Hér er alltaf heitt á könnunni, andrúmsloftið er létt og gott og við leggjum mikið upp úr ríkri þjónustulund starfsmanna," segir Dóróthea.

## Landsfræg tuskubúð

Álnavörubúðin er fyrir margt löngu orðin landsfræg fyrir sérkenni sín.

„Ég hef haldið fast í þá sérstöku og kaótísku stemningu sem ævinlega hefur einkennt Álnavörubúðina. Hann Helgi, sem átti þessa verslun áður, var af mörgum kallaður Tuski og enn heyri ég raddir nálgast búðina sem segja: „Komum aðeins við hjá Tuska." Einmitt þess vegna vildi ég ekki breyta nafninu á búðinni og halda sem mestu eins og það var hér innanstokks," segir Dóróthea sem tekist hefur vel að viðhalda gamla, góða andanum.

„Álnavörubúðin er eins og félagsmiðstöð og verslunarreksturinn er ólíkur öllu öðru sem ég hef staðið í. Mig hefði ekki órað fyrir því hvað þetta yrði skemmtilegt og hingað kemur fólk ekki síður inn til að spjalla en að versla."

Frá Reykjavík er hálftíma akstur í Hveragerði.

„Að koma til okkar í Álnavörubúðina er bæði tilvalinn og skemmtilegur sveitabíltúr sem enginn verður svikinn af," segir Vera Dögg og minnir á vinsæla Facebook-síðu Álnavörubúðarinnar. „Þar er hægt að skoða nánast allt vöruúrvalið og á hverjum degi afgreiðum við fjölmargar pantanir í gegnum síðuna, enda eigum við dygga viðskiptavini um land allt. Þjónustan er persónuleg enda er framúrskarandi þjónusta í hávegum höfð og lykilatriði í velgengni Álnavörubúðarinnar í 30 ár."

Álnavörubúðin er í Breiðumörk 2 í Hveragerði. Opið mánudaga til laugardaga frá 10 til 18 og á sunnudögum frá 11 til 17. Sími 483 4517. Sjá nánar á alnavorubudin.is og Facebook.


Didrikson-regnkápur á fullorðna.


Í Álnavörubúðinni fæst nýjasta tíska á enn betra verði en gerist og gengur.


Æfingafatnaður frá Endurance.


Úlpur og vindjakkar fást í úrvali.


Litríkir pollagallar og hvers kyns útivistarfatnaður fyrir börnin fæst á ómótstæðilegu afmælistilboði um helgina.


Skódeildin er sérlega freistandi og úrvalið ríkulegt fyrir allan aldur og bæði kyn, allt frá spariskóm yfir í gúmmístígvél.


Litríkir og frisklegir íþrótta- og gönguskór fyrir dömuna frá Skechers.


Íþróttafatnaður frá Hummel.


Dásamlega þægilegir gönguskór fást á frábæru verði í Álnavörubúðinni.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# ÚTSALAN ER HAFIN
## 30-50% afsláttur




hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Selur vegan handtöskur

**Bergþór Bjarnason býr í Nice þar sem hann rekur eigin vefverslun. Hann selur handtöskur sem unnar eru án dýraafurða. Bergþór er umhverfissinni og borðar hvorki kjöt né mjólkurvörur.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Bergþór flutti til Parísar árið 1995 og bjó þar í sextán ár. Hann og maður hans, Olivier Francheteau innanhússhönnuður, ákváðu þá að flytja til Nice. Bergþór segir að vorið og sumarið í Nice hafi ekki verið neitt sérstakt og það var ekki sól þegar við náðum tali af honum. „Það er mjög óvanalegt að sumarið komi svona seint hér,“ segir hann. „Yfirleitt kemur vorið í apríl og í júní er komið hásumar. Þetta er öðruvísi í ár,“ segir hann.

„Það var ævintýralöngun sem rak okkur hingað til Nice,“ segir Bergþór þegar hann er spurður af hverju hann hafi farið frá París. „Okkur langaði að reyna eitthvað nýtt auk þess sem það er mjög dýrt að búa í París. Nice er yndislegur staður en íbúar hér eru öðruvísi en Parísarbúar. Þeir eru sjálfhverfir og hugsa ekki mikið um aðra. Það hefur verið sagt um fólkið hérna að það vilji hafa öll réttindi en engar skyldur,“ segir Bergþór og bætir við að Frakkar séu langt á eftir Íslendingum þegar kemur að umhverfisvernd og flokkun.



Þessi mynd var tekin af þeim Olivier og Bergþóri á fimmtugsafmæli Bergþórs sem var 9. júní en nítján Íslendingar komu til Nice til að samfagna honum.



Bergþór og Olivier á góðri stundu í Nice.

Bergþór fór til Parísar á sínum tíma til að læra frönsku sem hafði lengið verið honum hugleikin. Hann er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum og þar var ekki kennd franska. „Ég hafði ekki hugsað mér að setjast hér að en örlögin leiddu til þess. Fyrst fékk ég vinnu á veitingastað en síðan fór ég að vinna fyrir tískuhús í París. Ég byrjaði reyndar fyrst hjá H&M sem þá var að opna á einni af aðalverslunargötum Parísar, Rue de Rivoli,“ segir hann. Vinnan hjá H&M leiddi hann svo yfir í fínar tískuverslanir eins og Chanel, Yves Saint Lauren, Valentino og loks Michael Kors í Nice.

Eftir að Bergþór flutti til Nice ákvað hann að setja upp vefverslun en þar safnar hann merkjum sem eru þekkt fyrir umhverfisvernd og nota mikið af endurunnum efnum. Verslunin nefnist Vegan Vogue og er vinsæl hjá veganistum. „Þetta er eins manns fyrirtæki sem gengur hægt og bítandi. Í upphafi reyndist ekkert sérstaklega auðvelt að finna vörur hér í Frakklandi en ég er sérstaklega ánægður með Jean Louis MAHÉ sem er sköpun Virginie Barbier. Hún er hönnuður sem gerir hágæða töskur úr jurtaleðri. Önnur er Camille sem vinnur til dæmis með ananasblöð. Síðan er ég með merki sem heitir Fantôme og kemur frá Bordeaux. Það er allt öðruvísi en hin fyrirtækin sem ég er með þar sem það framleiðir einungis úr endurunnum reiðhjólaslöngum. Það er hægt að panta hjá mér til Íslands en framtíðardraumur minn er að koma upp íslensku útibúi heima,“ segir Bergþór en hægt er að fræðast um töskurnar og hönnunina á bak við þær á síðunni hans, veganvogue.com. Olivier hefur sömuleiðis áhuga á að taka að sér verkefni á Íslandi. „Það væri gaman ef hann fengi tækifæri til að kynnast Íslandi betur,“ segir Bergþór. „Við erum hreyfanlegir og það er allt opið.



Ég aðhyllist vegan en er það þó ekki hundrað prósent. Ég borða stöku sinnum fisk en hef verið að taka út mjólkurvörur. Olivier er ekki samtaka mér í þessu og það getur verið flókið þegar annar aðilinn er vegan. Hugsunin þarf að breytast mikið þegar maður gerist vegan því það er heilmikill skóli að breyta mataræðinu. Ég hef alltaf verið umhverfissinni,“ segir Bergþór.

Á myndunum má sjá nokkrar af þeim töskum sem hann selur og eru allar án dýraafurða.







Allar þessar glæsilegu töskur eru unnar án dýraafurða.


**20%**
**afsláttur**
**af völdum vörum**

My Style tískuhús
Stærðir 38-52
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464



**20% afsláttur**
**af öllum bolum og toppum**



**fimmtudag til laugardag**
Str. 36-56
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030


SHIMANO
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
TRI
FIFA WORLD CUP
RUSSIA 2018
Íslenska landsliðið
í fótbolta er á CUBE
reiðhjólum í Rússlandi!
- CUBE ATTENTION SL VIKING -
#fyririsland
STAGES CYCLING
Wilier TRIESTINA
WWW.TRI.IS
LOUISGARNEAU
ParkTool
Tacx
STAGES CYCLING
#becube #triverslun
RFR.
RolfPRIMA
RFR.
Suðurlandsbraut 32,108 Reykjavík
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

# Bleikt á bannlistanum

**Ólöf Vala Sigurðardóttir hefur frá unglingsaldri gert í því að klæða sig öðruvísi en aðrir. Hún forðast bleikan fatnað eins og pestina en blár bleiserjakki er í uppáhaldi.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Ólöf er nýútskrifuð með BA-gráðu í ferðamálafræði frá Háskólanum á Hólum. Hún ætlar ekki að láta þar staðar numið heldur stefnir á MPM-nám í verkefnastjórnun við HR í haust. „Síðustu fjögur árin hef ég verið í aukavinnu við að keyra erlenda ferðamenn á breyttum jeppum um hálendi Íslands en það er fátt skemmtilegra en að fá borgað fyrir að leika sér. Ég er einnig framkvæmdastjóri í nýju fyrirtæki sem heitir DUTY ehf. og sérhæfir sig í alhliða textíllausnum fyrir fyrirtæki. Við erum þrjár öflugar konur sem erum að byggja fyrirtækið upp og það eru spennandi tímar fram undan,“ segir Ólöf.

Hún lýsir fatastíl sínum sem fjölbreyttum en að útivistarföt séu ágætispartur af fataskápnum þar sem hún hafi gaman af því að vera uppi á fjöllum.

„Annars geng ég í fötum sem mér finnst þægileg og læt tísku sem höfðar ekki til mín ekki hafa áhrif á minn stíl. Hvernig ég vakna á morgnana og hvað fram undan er yfir daginn hefur áhrif á hvort ég taki fram skyrtu, pils og hælaskó eða hettupeysu, gallabuxur og flatbotna götuskó.“

## Tískuvikan á Snapchat

Ólöf segist fylgjast með nýjum tískustraumum og hefur lúmskt gaman af því að sjá hvað er að gerast á tískuvikum hér og þar og þá ekki síst á Snapchat. „Mér finnst fróðlegt að sjá hvernig forritið er notað á tískusýningum þar sem farið er á bak við tjöldin og bæði módel og áhorfendur beðnir um að koma með stutt innslag og sínar pælingar um fatnaðinn og almennt umgjörðina í kringum sýninguna.“

Ólöf segir að áhugi hennar á tísku hafi þróast með aldrinum og hún sé ekki frá því að alveg frá unglingsaldri hafi hún gert í því að vera öðruvísi í klæðaburði en aðrir. „Ég reyni að festa mig ekki í einhverjum stöðlum heldur tek ég stundum upp á því að fara í þveröfuga átt. Það er til að mynda ekki hægt með góðu móti að fá mig til að klæðast bleikum fatnaði. Það að staðalímyndin sé svo sterk að kvenfólk velji og vilji allt bleik fær mig til að forðast þann lit eins og pestina.“

Stundum líða mánuðir á milli þess sem Ólöf fjárfestir í nýrri flík en hún kaupir föt bæði hérlendis og erlendis. „Ég er ekki frá því að það skiptist nokkuð jafnt. Ég kaupi mér oftast flík þegar ég fer til útlanda. Til að mynda held ég enn mikið upp á pils sem ég keypti á götumarkaði í Flórens á Ítalíu í kringum 2005. Önnur uppáhaldsflík er hettupeysa frá Tommy Hilfiger sem ég keypti í Illum í Kaupmannahöfn árið 2003 og er enn í reglulegri í notkun. Í augnablikinu held ég mikið upp á bláan bleiser sem ég keypti í Primark í Edinborg 2013. Mér finnst hann passa bæði fyrir fínni tækifæri sem daglega notkun við til dæmis gallabuxur. Þegar ég fer til staða þar sem stærðir eru töluvert frábrugðnar evrópskum stærðum, eins og til dæmis í Japan, kaupi ég þeim mun meira af fylgihlutum,“ upplýsir hún.

*En bestu og verstu fatakaupin?*

„Þar sem ég er töluvert uppi á fjöllum í alls konar veðri allan ársins hring þá finnst mér merínóull það besta sem hægt er að klæða sig í sem innsta lag, enda eru ófá sett af ullarfötum til á heimilinu. Ég reyni að gleyma verstu fatakaupum jafnóðum. Hver kannast ekki við að nenna ekki að máta í versluninni en fatnaðurinn lítur vel út á herðatrénu eða gínunni en þegar heim er komið er eins og þetta sé allt önnur flík sem engan veginn passar? Svona erum við nú misjafnar í sniði eins og við erum nú margar.“

*Notar þú fylgihluti?*

„Já, töluvert. Ég á töluvert af töskum, sólgleraugum og skartgripum. Mér finnst fylgihlutir gera mikið fyrir heildarútlitið og með því að skipta þeim út breytist upplifunin af fatnaðinum töluvert. Sami fatnaður getur farið úr því að vera hversdagslegur yfir í að vera partíhæfur með réttum fylgihlutum.“



**Ólöf hefur yndi af útiveru og á heilmikið af útivistarfatnaði.** MYNDIR/ERNIR



**Fylgihlutir gera mikið fyrir heildarútlitið og upplifunin af fatnaðinum breytist við að skiptaþeim út, að sögn Ólafar,**



**Ólöf reynir að festa sig ekki í einhverjum tískustöðlum heldur tekur stundum upp á því að fara í þveröfuga átt.**














































ZIK ZAK
TÍSKUHÚS

# 30-80%

afsláttur af **öllum útsöluvörum - Opið til 22 í dag**

# ÚTSALAN HEFST Í DAG!

Skoðaðu úrvalið á **www.zikzakverslun.is**
















Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314



Fatnaðurinn frá Raf Simons var í dramatískara lagi og litríkir kvöldfrakkar úr satínefnum í bland við áprentuð voru áberandi. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Á Paul Smith sýningunni var áherslan á sígild snið um leið og leikið var með líflega liti og áberandi mynstur.



Hönnuðirnir hjá Comme des Garcons leggja áherslu á bjarta pastelliti, silki og satín, rómantísk snið.

# Litrík og leikandi herratíska 2019

Herratískan vor- og sumar 2019 var kynnt á tískuvikunni í París sem fram fór um helgina.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Næsta sumar verður litríkt og frjálslegt í herratískunni ef marka má helstu hönnuði herrafatnaðar og það sem þeir kusu að sýna á tískuvikunni í París sem fram fór 19. til 24. júní. Myndir sem prentaðar eru á efni eru áberandi, litir og efni björt og finleg en einnig er leikið með mörk og rammi skilgreininga þaninn til hins ýtrasta. Hér má sjá hvað var á pöllunum í París.

**Lanvin**

„Mig langaði að færa mig út fyrir götutískuna og finna nýja fágun með áherslu á handverk og hönnun," sagði Lucas Ossendrijver, aðalhönnuður vor- og sumarlínunnar hjá Lanvin. Áherslan var á fjölnota fatnað sem stundum mátti snúa við og samruna hugmynda úr ýmsum áttum eins og hefðbundin jakkaföt með veiðivesti. Áprentaðar skyrtur með munstrum eftir flúrmeistara og stórar tunnulaga töskur settu einnig svip sinn á pallinn.

**Comme des Garçons**

Bjartir pastellitir, silki og satín, rómantísk snið og brjáluð mynstur voru leiðarstefið hjá Comme des Garçons Homme Plus. Buxur sem gátu verið síðar og stuttar eftir hentugleikum voru áberandi og hægt að rúlla skálmum upp og niður eins og rúllugardínum.

**Louis Vuitton**

Frumraun Virgils Abloh hjá Louis Vuitton var undir áhrifum frá Galdrakarlinum í Oz með áprentuðum myndum af Judy Garland í hlutverki Dorothy á jökkum. Litapallettan var sjálfur regnboginn sem kallaðist á við regnbogana sem skreyttu Parísarborg í tilefni gleðigöngunnar og dró athyglina að áherslum Vuitton á umburðarlyndi og mannréttindi. Í sýningarskránni var kort þar sem mátti sjá fæðingarstað fyrirsætanna og foreldra þeirra sem átti að sýna hnattræna sýn Abloh á fjölbreytileika merkisins.

**Paul Smith**

Áherslan á sígild snið snýr aftur hjá Paul Smith með tvíhnepptum jakkafötum og stökum jökkum sem vísa í ýkt form níunda áratugarins og breska jaðarmenningu. Ljósmyndir af strandlífi og pálmatrjám eftir Paul og föður hans ganga eins og rauður þráður gegnum línuna, prentuð á boli og skyrtur. Og köflóttu sokkarnir voru punkturinn yfir (eða undir) i-ið.



Galdrakarlinn í Oz var helsti innblástur hönnuðarins Virgils Abloh hjá Louis Vuitton.

**Issey Miyake Men**

Leiðarstefið var að kanna hin óljósu mörk milli leiks og starfs. Nú á dögum, þegar hægt er að gegna skrifstofustarfi á fartölvu á kaffihúsi eða í skemmtigarði frekar en að það tjóðri fólk við skrifborð, gefur augaleið að vinnufatnaður þarf að aðlagast þessum breyttu aðstæðum. Þetta kallar til dæmis á formlegar vinnustuttbuxur þegar sólin kallar og skyrtur með afslöppuðu sniði sem þurfa ekki nauðsynlega að fylgja með jakkafötum. Ferskur andblær.

**Raf Simons**

Eftir fjögurra árstíða fjarveru frá tískuvikunni í París valdi Simons að kynna nýjustu línuna fyrir standandi áhorfendum í sýningarsal sem minnti mest á næturklúbb. Fatnaðurinn var meira í ætt við kvöldklæðnað og meðal annars kjólfatafrakkar úr satíni í sterkum litum og efnum sem oftar eru nýtt í hátískukvenfatnað. Einnig mátti sjá áprentaða stuttermaboli og satíntöskur.



Hin óljósu mörk milli leiks og starfs og fatnaður við hæfi voru leiðarstefið hjá Issey Miyake.

20-50%
afsláttur
af völdum vörum
Stærðir 38-58
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is






# Brandtex®

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland

Brandtex SIGNATURE® Jensen IMITZ Císo

# Lítill stuðningur við hönnuði

Sunna Örlygsdóttir fatahönnuður vinnur nú nýja fatalínu. Hún hlaut tilnefninguna Looking forward to í flokknum Fashion Design of the Year á hönnunarverðlaunum Grapevine 2018.

Sunna hóf nám í fatahönnun í LHÍ árið 2009 eftir að hafa verið tvær annir í Skals Højskolen for design og håndarbejde á Jótlandi í Danmörku. „Ég fór síðan aftur til Danmerkur í skiptinám við Danmarks Designskole. Var þar í eina önn á meðan ég var í LHÍ en þaðan útskrifaðist ég árið 2012. Það var síðan eiginlega fyrir röð tilviljana að ég endaði á því að fara í starfsnám í Amsterdam í Hollandi árið eftir útskrift. Ég var að vinna hjá hollenska fatahönnuðinum Lilian Driessen. Lilian er með eigið fatamerki og hannar líka innréttingar fyrir ilmvatnsbúðir og einkaheimili. Þetta var afar fróðlegur tími og Lilian endaði á því að bjóða mér að vera lengur en til stóð. Það sem upphaflega áttu að vera þrír mánuðir urðu hátt í sjö. Undir lokin, þegar ég var búin að tæma sparireikninginn minn, fékk ég að sofa í herbergi í kjallaranum í vinnustofunni," segir hún.

## Nám í Arnhem

„Lilian hafði verið að kenna af og til í ArtEZ Fashion Masters í Arnhem í Hollandi. Ég ákvað að sækja um eftir að hafa heimsótt Arnhem. Þetta er lítill skóli með tvær megindeildir, Fashion Master og Fashion Strategy. Við vorum fimm sem hófum nám í Fashion Master í árganginum mínum en þrjár sem útskrifuðumst. Þetta nám hentaði mér vel og kennararnir voru jafn frábærir og þeir voru mismunandi. En þetta var mikil og stöðug keyrsla undir gríðarlegri pressu og í rosalegri samkeppni, þar af leiðandi var þetta það erfiðasta sem ég hef nokkurn tímann gert," segir Sunna.

„Ég hafði alltaf séð fyrir mér að ég myndi vilja vinna fyrir aðra eftir útskrift – helst stórt nafn í lúxustískugeiranum. Að vinna við að gera „haute couture" fatnað eða því sem næst væri til að mynda draumurinn. Eftir heimkomuna frá Hollandi gerði ég litla tískustuttmynd, One year and ten days, fyrir útskriftarverkefnið mitt og hef sinnt einstaka prívat verkefnum sem ég hef mikla ánægju af. Ég er með litla vinnustofu í miðbænum þar sem ég vinn að nýju línunni hvenær sem færi gefst. Ég vonast til að hún verði tilbúin undir lok sumars. Þetta er kvenfatalína sem er unnin upp úr sniðum úr útskriftarlínunni minni sem mikil vinna fór í að teikna og máta til.


Sunna Örlygsdóttir fatahönnuður. MYND/EYÞÓR

Mér finnst meiri skilningur á starfsumhverfi fatahönnuða í Hollandi en hér. Það þyrfti að styðja við nýstofnuð fatamerki upprennandi fatahönnuða sem eru að stíga sín fyrstu skref í bransanum eftir nám. Hvort sem er með fjárhagslegum stuðningi eða með því að skapa vettvang þar sem þessi merki eru sýnilegri. Það er aðeins meiri tilraunastarfsemi í gangi hjá ungum hönnuðum í Hollandi. Þeir eru óhræddari við að fara aðrar og óhefðbundnari leiðir með merkin sín en hönnuðir hér á Íslandi en það gæti skýrst af því að markaðurinn úti er margfalt stærri en hér."


Þessi fatnaður er úr ArtEZ Mini Collection 2015. MYNDIR/MAGNÚS ANDERSEN

## Boð og bönn tískunnar

Þegar Sunna er spurð um eigin fatastíl, svarar hún. „Ég er rosalega löt að klæða mig hversdags og eyði mjög litlum tíma í að finna til föt. Hversdags er ég klædd í gallabuxur, einlitan stuttermabol og einlita, prjónaða peysu úr fínni ull. Ég held að tískuáhuginn hafi þróast í öfuga átt, þótt ég sé fatahönnuður og allt það. Ég hef í raun sáralítinn áhuga á tísku sem slíkri, þá meina ég ef við tölum um tísku sem við sjáum í blöðunum og á sýningarpöllunum, hvort stórir jakkar séu úti eða inni eða hvort fjólublár er litur gærdagsins eða morgundagsins. Öll boð og bönn í tísku finnst mér eiginlega hallærisleg. En hins vegar elska ég flíkur og allt sem er hægt að tjá með minnstu smáatriðum í frágangi og efnisvali – alla litlu „núansana". Ég er mikil áhugamanneskja um ímyndarsköpun.


Þetta dress er sömuleiðis úr ArtEZ Mini Collection 2015 frá Sunnu.

Eftir að hafa lært fatahönnun verður maður óhjákvæmilega dálítið vandlátur á föt og það verður erfiðara að finna föt í búðum. Ég er oftast frekar dökkklædd en er annars mikið fyrir djúpa og sterka litatóna, sérstaklega í eigin hönnun. Á síðustu árum hef ég orðið sífellt hallari undir bleika tóna, hvernig sem á því stendur. Ég á gulbrúna rúllukragapeysu sem amma mín prjónaði á mig þegar ég var svona 11-12 ára og er mér kær. Ótrúlegt en satt þá passa ég enn í hana og mun halda áfram að nota hana þangað til hún dettur í sundur.

Það er reyndar smá áhugamál hjá mér að kíkja í fínu búðirnar erlendis. Þá fær maður tilfinningu fyrir því hvað fólk er að kaupa og svo finnst mér gaman að kíkja inn í flíkur til að skoða hvaða aðferðir eru notaðar í frágang og hvaða efni er verið að nota. Þjóðbúningurinn minn er í miklu uppáhaldi hjá mér en mamma saumaði hann á mig þegar ég fermdist," segir Sunna.

Fimmtudaginn 4. júlí mun Fréttablaðið gefa út aukablaðið

NÝSKÖPUN Á ÍSLANDI

Blaðið er unnið að hluta í samstarfi við Rannís og Tækniþróunarsjóð.

Ætlum við þar að sýna þá grósku sem er í íslenskri nýsköpun og kynna það sem vel hefur farið af stað á síðastliðnum árum.

Í blaðinu gefst nýsköpunar fyrirtækjum færi á að kynna sína starfsemi og vöruþróun.
Um leið er blaðið öflugur auglýsingamiðill fyrir fyrirtæki og stofnanir sem bjóða nýsköpunarfyrirtækjum upp á ýmiskonar vörur eða þjónustu.

Boðið er upp á hefðbundin auglýsingahólf sem og umfjallanir sem eru settar upp af blaðamanni okkar í góðu samráði við auglýsanda.
Stór dreifing og mikill lestur Fréttablaðsins tryggir að blaðið nær afar vel til ákjósanlegra markhópa.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon
Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
arnarm@frettabladid.is Sími: 512-5442



# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

Bílalíf



**7 MANNA**
BMW 2 GRAN TOURER LUXURY. Árg.2017,ek.aðeins 26.þús km, dísel,sjálfskiptur,með öllum lúxus og öryggisbúnaði.Verð 4.980.000. Rnr.248345.Á staðnum.



**GOTT VERÐ.**
NÝR HYUNDAI IX35 2.0 CRDI PREMIUM PANORAMA . Dísel,sjálfskiptur,leður,glerþak, mjög vel útbúnir.Verð 3.990.000. Rnr.248639.Á staðnum.

**Bílalíf**
**Kletthháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
SKODA Octavia 1.6 Dísel Elegance 4X4. Árgerð 2014, ekinn 76 Þ.KM,. Verð 2.790.000. Rnr.136574.



**100% LÁN**
SKODA Octavia 1.6 Dísel Ambition Sjálfskiptur. Árgerð 2011, ekinn 143 Þ.KM,. Verð 1.490.000. Rnr.171307.



**100% LÁN**
SKODA Octavia 2.0L Dísel Elegance Sjálfskiptur. Árgerð 2014, ekinn 73 Þ.KM,. Verð 2.980.000. Rnr.136684.



**NÝR BÍLL**
VW Golf 1.6 Dísel Comfortline. Árgerð 2018, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.690.000. Rnr.136950.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

NÝJA BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is



DODGE Ram 1500 laramie premium diesel . Árgerð 2017, Nýr bíll, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 10.980.000. Tilbúinn til afhendingar Rnr.212830.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

BRAUT BÍLASALA



FENDT Tendenza 515 SG Árgerð 2018 Nýtt og ónotað stórglæsilegt hús á frábæru verði ásett verð/ skiptiverð 5.380.000.- Tiboðsverð Staðgreitt kr4.590.000.-Rnr.105777 Braut Netbílasala frítt að skrá vantar bíla á skrá mikil sala bilabraut@ bilabraut.is

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Bátar




## Viðgerðir

VAKA
VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!
VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!
Sími: 567 6700 | vakahf.is

# Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU ÚTI.**
Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.
**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Þjónusta



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000
HANDAFL STARFSMANNAVEITA
info@handafl.is | handafl.is

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opið: Mánudaga-föstudaga kl. 10-18. Lokað um helgar í sumar.

**GÓÐIR FYRIR LANDSMÓT HESTAMANNA**



**GMC Sierra 3500hd denali.**
Árgerð 2018, Nýr bíll, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð án vsk 7.967.000**
Tilbúinn til afhendingar. Rnr.212928.



**CHEVROLET Silverado 3500 ltz.**
Árgerð 2018, Nýr bíll dísel, sjálfskiptur.
**Verð án vsk 7.725.000.**
Tilbúinn til afhendingar. Rnr.212981.



**DODGE Ram 3500 limited tungsten.**
Árgerð 2018, nýr bíll dísel, sjálfskiptur.
**Verð án vsk 7.967.000**
Tilbúinn til afhendingar. Rnr.115242.



**FORD F350 platinium ultimade.**
Árgerð 2017, ekinn 8 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð án vsk 7.975.000.**
Tilbúinn til afhendingar. Rnr.115630.



**FORD F350 lariat ultimate fx4.**
Árgerð 2017, Nýr bíll dísel, sjálfskiptur.
**Verð án vsk 7.653.000.**
Tilbúinn til afhendingar. Rnr.212931.

Yfir 150 bílar á staðnum | Bíll með myndum selst betur | Innisalur

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

STIGA 4WD



**Stiga Estate Pro 9122**
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
B&S 8240 Intek mótor
Sérstyrktur sláttubúnaður
360 lítra grasuppsöfnunarkassi

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

**EINBÝLI / HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 RVK EÐA NÁGRENNI ÓSKAST**
Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

## Sumarbústaðir



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**
12 manns. Verð 40.000 þús kr. nóttin virka daga og 45 þús kr. nóttin um helgar, lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 & ktsumarhus@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Atvinna í boði

**HÚSASMIÐUR - VERKSTJÓRI Á AKUREYRI**
Verktakafyrirtæki með góða verkefnastöðu óskar eftir að ráða verkstjóra.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í húsasmíði
- Reynsla af mótauppslætti
- Enskukunnátta

**Umsóknir sendist á verk.job@gmail.com og nánari uppl. í s. 840 0609**

## Atvinna

**Vísir hf óskar eftir að ráða skipstjóra, vélstjóra og háseta á Daðey GK-777**
Daðey er beitningarvélarbátur í krókakerfinu upplýsingar í síma 420-5700 eða umsókn á heimasíðu Vísis

**www.visirhf.is.**

VÍSIR

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Athugun Skipulagsstofnunar**

### Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum

Fannborg ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum, Hrunamannahreppi.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 28. júní til 10. ágúst á eftirtöldum stöðum: Bókasafni Hrunamanna, bæjarskrifstofu Hrunamannahrepps, Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 10. ágúst 2018 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

**Kynningarfundir:** Fannborg ehf. stendur fyrir kynningarfundi á frummatsskýrslu þann 3. júlí kl. 12:00 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Einnig verður kynningarfundur 3. júlí kl. 17.00 í húsi Verkfræðingafélags Íslands, Engjateigi 9 í Reykjavík. Allir eru velkomnir.

## Þjónusta

Útvegum starfsmenn

**TIL FJÖLBREYTTRA STARFA UM LENGRI EÐA SKEMMRI TÍMA**

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

PROVENTUS Starfsmannaþjónusta **551 5000**

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is

## Fasteignir

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

**KEILUGRANDI 2 - 3JA HERB. ÍBÚÐ**




**OPIÐ HÚS! Í dag milli kl.17:30 og 18:00**
**FALLEG 3JA HERB. ÍBÚÐ M/BÍLSKÝLI Á EFTIRSÓTTUM STAÐ – 107 REYKJAVÍK!** Fallegt og björt, 115,9 fm íbúð með tvennum svölum á þessu vinsæla barvæna stað í Vesturbænum. Eldhús og baðherbergi er nýlegt og herbergin rúmgóð sem og stofan. ATH! Bara ein hæð upp frá aðalinngangi. Sjón er sögu ríkari! – Ekki missa af þessari!
**Ásett verð 44,8 millj. Allar nánari uppl. veitir Jóhann Friðgeir, s: 896-3038 eða á johann@hofdi.is**

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

EYJALIND **Startarar og Alternatorar**

- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar



Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð**
**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***á aðeins 5.500.-***

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**

**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**

Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

HÖFÐABÓN

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Landsmenn lesa Fréttablaðið allan ársins hring

# LÍKA Á SUMRIN!

## Auglýsing í Fréttablaðinu er ávallt jafn verðmæt

| apríl | maí | júní | júlí | ágúst | september |
|---|---|---|---|---|---|
| 89% | 89% | 89% | 89% | 89% | 89% |

**89% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring**




*meðallestur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

**Fréttablaðið - mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin**

FRÉTTABLAÐIÐ



Grímur Thomsen.

## Merkisatburðir

**1762** Katrín mikla tekur við keisaratign í Rússlandi eftir lát eiginmanns síns Péturs 3.

**1840** Hátíðahöld eru í Reykjavík í tilefni af krýningu Kristjáns VIII Danakonungs og drottningar hans.

**1863** Fyrsta kirkjan á Akureyri er vígð.

**1867** Grímur Thomsen, skáld og alþingismaður, kaupir fæðingarstað sinn Bessastaði á Álftanesi.

**1912** Fyrsti leikurinn í fyrsta Íslandsmótinu í knattspyrnu er haldinn. KR keppir á móti Fram á íþróttavellinum við Melana. Leikurinn fór 1-1.

**1914** Fyrri heimsstyrjöldin hefst þegar Frans Ferdinand erkihertogi er myrtur í Sarajevó.

**1941** Hestamenn fjölmenna til Þingvalla. Það varð upphaf að landsmótum hestamanna.

**1947** Landbúnaðarsýning er haldin í Reykjavík og heimsækja hana yfir 60.000 manns eða hátt í helmingur landsmanna, sem þá eru rúmlega 130.000.

**1973** Aðalfundir Flugfélags Íslands og Loftleiða samþykkja báðir að félögin skuli sameinuð í Flugleiðir.

**2006** Sigurbjörg Sandra Pétursdóttir, 12 ára, bjargar ófleygum erni úr Kirkjufellslóni við Grundarfjörð. Hann hafði lent í grút og misst stélfjaðrirnar, var fluttur í Húsdýragarðinn í Reykjavík þar sem hann fékk nafnið Sigurörn og dvaldist þar í um sex mánuði þar til honum var sleppt nálægt þeim stað sem hann fannst.



# Er svo heppin að vera ættuð alls staðar að

**Ragnhildur Stefánsdóttir myndhöggvari fyllir sjötta tug ára í dag en er að hugsa um að halda upp á þau tímamót síðar, jafnvel bara þegar hún verður 61.**

Það er búið að vera mikið að gera undanfarið og ég hef bara ekki verið með hugann við afmælið, svo allt í einu er komið að þessu," segir Ragnhildur Stefánsdóttir myndhöggvari þegar hún er minnt á sextugsafmælið sem er í dag. Hún býst við að verða að heiman og halda upp á tímamótin síðar, annaðhvort bara með sínum nánustu eða stóru partíi.

„Kannski væri bara sniðugt að gera það þegar ég verð sextíu og eins," stingur hún upp á. „En þetta er dálítið fyndið," bætir hún við. „Þegar ég varð fimmtug þá hugsaði ég: Á sextugsafmælinu verð ég með yfirlitssýningu og kannski búin að gefa út bók! Það er ekki alveg þannig, allt slíkt verður að bíða eftir sjötugsafmælinu en ég veit að tíminn þangað til verður líka fljótur að líða. Við vorum að tala um það, ég og maðurinn minn, að fara að vanda okkur aðeins meira í sambandi við hvernig við verjum tímanum."

Eiginmaður Ragnhildar er Friðrik Örn Weishappel og þau eiga tvær dætur, Röggu Láru og Möggu Helgu eins og Ragnhildur kallar þær. „Ragga Lára er myndlistarmaður og Magga Helga grafískur hönnuður. Þær eru báðar hugmyndaríkar, góðar og yndislegar. Ég er mjög heppin í lífinu. Það er eiginlega hátíð á hverjum degi."

Ragnhildur er meðal þeirra myndlistarmanna sem standa að Akademíu skynjunarinnar sem heldur sýningar, meðal annars úti á landi. „Við vorum að enda við að setja upp rosa stóra sýningu á Egilsstöðum. Hún er hluti af sýningaröð sem nefnist Umhverfing," lýsir hún. „Við settum upp slíka sýningu í Skagafirðinum í fyrra svo þessi er númer tvö. Það er gaman að gera þetta, við finnum listamenn sem eru ættaðir frá þeim stöðum sem við sýnum á og setjum listaverkin upp í óhefðbundnum rýmum. Þessi á Egilsstöðum er til dæmis á hjúkrunarheimilinu Dyngju og Safnahúsinu. Heilbrigðisstofnun Austurlands og þær þrjár stofnanir sem eru í Safnahúsinu eru samstarfsaðilar okkar og líka Menningarmiðstöð Austurlands, Sláturhúsið. Það eru 37 listamenn með verk á sýningunni sem dreifist um þessi hús. Svo heldur akademían áfram að fara umhverfis landið á næstu árum."

Ragnhildur er fædd og uppalin í Reykjavík en kveðst svo heppin að vera ættuð alls staðar að af landinu. „Það hentar mér vel þegar ég er að skipuleggja sýningarnar," segir hún glaðlega.

Spurð hvort hún hafi verið listhneigt barn svarar Ragnhildur: „Ég var kannski dálítið inni í mér og fannst gaman að teikna, en var ekkert sérstök í því, held ég. Var að minnsta kosti ekkert að pæla í því. Mamma var frábær teiknari og hún var oft að segja mér til. Kannski hef ég þetta í genunum."

Hún kveðst hafa farið fyrir rælni í Myndlista- og handíðaskólann meðfram síðustu önninni í MH, líka í Myndlistarskólann í Reykjavík á kvöldin og eitt sumar í listaskóla í Minneapolis. Svo hafi hún unnið dálítið með Ragnari Kjartanssyni myndhöggvara eftir að skólanum lauk. „Það var þroskandi, hann var svo gefandi listamaður," segir hún og rifjar upp að Ragnar hafi verið með vinnuaðstöðu í fyrirtækinu Gliti sem bjó yfir stórum og flottum leirofnum. „Í gegnum Ragnar fékk ég leir eins og ég vildi og líka að nota þessa stóru ofna. Ég vann verkin á fyrstu sýninguna mína eiginlega þarna. Hún var haldin 1984 og í framhaldi af henni fór ég í mastersnám í Bandaríkjunum."

Á tímabili segist Ragnhildur hafa verið að spekúlera í að fara í líffræði, en svo hafi myndlistin orðið fyrir valinu. „Ég ólst upp við myndlistaráhuga, foreldrar mínir fóru á sýningar og keyptu mikið af listaverkum, ég fór með þeim á vinnustofur málara. Man til dæmis vel eftir þegar við fórum til Karls Kvaran, þá var hann uppi í gamla Símahúsinu og það var mikil terpentínulykt í kringum hann. Svo gáfu foreldrar mínir mér málverkið í fimmtugsafmælisgjöf sem þau keyptu af Karli, sögðu að ég hefði hjálpað þeim að velja það." **gun@frettabladid.is**



**Skúlptúrar eru sérgrein Ragnhildar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

**Þegar ég varð fimmtug þá hugsaði ég: Á sextugsafmælinu þá verð ég með yfirlitssýningu og kannski búin að gefa út bók! Það er ekki alveg þannig.**

ÞETTA GERÐIST 28. JÚNÍ 1997

## Tyson beit stykki úr eyra Holyfields

Hnefaleikakappinn Mike Tyson gerði sér lítið fyrir og beit stykki úr hægra eyra kollega síns, Evanders Holyfield, þennan dag árið 1997. Þeir mættust í hringnum í MGM Grand Garden Arena-höllinni í Las Vegas og kepptu um WBA-beltið í þungavigt. Þegar 40 sekúndur voru eftir af þriðju lotu gerðust ósköpin og þegar Tyson endurtók leikinn og beit Holyfield í vinstra eyrað batt dómarinn enda á bardagann.






Okkar ástkæra

**Jóhanna Guðný Þórarinsdóttir**

húsfreyja á Frostastöðum,

andaðist miðvikudaginn 20. júní. Útför hennar fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 30. júní kl. 13.00. Jarðsett verður að Flugumýri. Þeir sem vilja minnast hinnar látnu eru beðnir að láta Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki njóta þess.

**Gísli Magnússon** **Ólöf Arngrímsdóttir**
**Þórarinn Magnússon** **Sara Regína Valdimarsdóttir**
**Ólafur Magnússon** **Sigurlína Alexandersdóttir**
**Guðrún Kristín Magnúsdóttir** **Gísli Salómonsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Við sendum hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Jóns Þorkels Eggertssonar**

netagerðarmeistara, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hlévangi í Reykjanesbæ fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Hólmfríður Guðmundsdóttir**
**Eggert Jónsson** **Una Hafdís Hauksdóttir**
**Ingimundur Jónsson**
**Aðalgeir Jónsson** **Þóra Lilja Ragnarsdóttir**
**og barnabörn.**

# *græjaðu þig inn í sumarið :)*

## Pioneer

hljómtækjastæða

**PIX-EM26-B**

20W (10W + 10W RMS) (8Ω) / 7,6cm Full Range hátalarar. / Innbyggt Bluetooth 4.0 m. A2DP 1.2, AVRCP 1.4 stuðningi. / Hljómstillir með 5 stillingum / CD Geislaspilari með MP3 stuðningi. / USB afspilun með MP3 stuðningi. / FM Útvarp m. 20 stöðva minni og RDS stuðningi. / Auto Power Off, Klukka, Sleep Timer, 0,5A USB hleðsla. Tengi: USB, Audio-In, Loftnet

Verð áður: 25.900,-

**Verð nú: 19.900,-**

## new NINTENDO 2DS XL

Nintendo New 2DS XL er ný og uppfærð útgáfa af Nintendo 2DS tölvunni sem kom út árið 2013. Hún er með 82% stærri skjá en eldri útgáfan og komin með sama útlit og 3DS tölvurnar - þ.e. þú getur lokað henni. Einnig spilar hún alla sömu leiki og 3DS tölvan spilar, nema ekki í þrívídd

**Verð: 25.900,-**

POKEBALL

PICACHU

## muse

**M-22 BT**

Ferðatæki með CD, útvarpi og Bluetooth. Spilar CD / CD-R / CD-RW / geisladiska. Aux in.

**Verð: 9.900,-**

**M-28 RDW**

Ferðatæki með CD, útvarpi og USB. Spilar CD / CD-R / CD-RW / geisladiska. Aux in.

**Verð: 9.900,-**

## TAKTU SWITCH ALLA LEIÐ!

**Variety Kit: 9.900,-**

**Robot Kit: 11.900,-**

## Pioneer

**PIX-MRX-5-B/W**

**Þráðlaus Multiroom hátalari.**

2 Way (77 mm Woofer x 2 + 26 mm Tweeter )
Hátalari með Bluetooth og þráðlausri WiFi tengingu.
Stuðningur við Spotify, TuneIn og Deezer streymisþjónustur.
Aux-in

Verð áður: 59.900,-

**Verð nú: 47.900,-**

## NINTENDO SWITCH

**Fjölnota leikjatölvan**

Gott úrval af leikjum

**Verð: 49.900,-**

Hello Kitty Kruisers
**Verð: 3.990,-**

LUMO
**Verð: 3.990,-**

## Pioneer · Skullcandy

**25% afsláttur af heyrnartólum**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

**Opnunartímar:**
Virka daga 10-18
Lokað laugardaga í sumar

Netverslun ORMSSON.IS

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Suðaustan 5-13 m/s og fer að rigna í dag, fyrst suðvestanlands. Heldur hægari og bjart veður á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast á norðaustanverðu landinu.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° ↑ 7 | 8° ← 2 | 14° ↑ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 17° ↑ 12 | 9° ← 4 | 8° ↑ 9 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° ↑ 6 | 6° ↗ 11 | 10° ↗ 9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 15° ↑ 8 | 8° ↗ 6 | 3° ↑ 11 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | | 3 | | 7 | | 4 | |
| | | | 5 | | | 6 | | |
| | 1 | | | 8 | | 3 | 2 | |
| 5 | 8 | | 6 | | | 4 | | |
| | | 7 | 1 | 9 | | 8 | 5 | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | | | 3 | | 1 | |
| 4 | 5 | 2 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 1 | | | 2 | | |
| 3 | | | 2 | | 4 | 9 | 8 | |
| | | | 3 | | | 4 | 6 | 5 |
| | | 1 | | 9 | 8 | | | |
| | | | 5 | | 1 | | | 9 |
| 4 | | | 6 | | 7 | 3 | | |
| | | | | 5 | 2 | | | |
| | 2 | | | | | 5 | 7 | |
| | | 7 | | | | | 2 | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | 3 | | 6 | |
| | 2 | | 6 | | | 7 | | |
| 1 | 5 | | 4 | | 7 | | 8 | 2 |
| 6 | | 5 | | | | | | |
| | 3 | 8 | | | 6 | | | |
| | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| 5 | | 1 | | | | | 4 | |
| | | | | | 9 | | | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 9 | 2 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. stólpi
5. efni
6. ekki
8. fráreín
10. tveir eins
11. fag
12. seytlar
13. sæla
15. hrekjast
17. skopleikrit

**LÓÐRÉTT**
1. undirstaða
2. leikur
3. for
4. flytja
7. hugarþel
9. umráðs
12. stækka
14. bátsstafn
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** staur, **5.** tau, **6.** ei, **8.** afrein, **10.** ll, **11.** iðn, **12.** agar, **13.** unun, **15.** rekast, **17.** farsi.
**LÓÐRÉTT: 1.** stallur, **2.** tafl, **3.** aur, 4. reiða, **7.** innræti, **9.** eignar, **12.** auka, **14.** nef, **16.** ss.

## Skák Gunnar Björnsson

Beljavsky átti leik gegn Tavadjan í Jaroslavl í Júgóslavíu árið 1982.




**Hvítur á leik**
**1. Hxe5! Dxe5 2. Hd8+! Bxd8 3. Dxe5+ Kd7 4. Dd4+ Ke6 5. Bxd8 1-0.**
**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.




## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




CHEAP MONDAY
STOCKHOLM
TOMMY HILFIGER
FILA
THE FINEST QUALITY
THE Herschel SUPPLY CO. BRAND
TRADE MARK
KENZO
Calvin Klein
SAMSØE SAMSØE
carhartt
DIESEL
Dr. Martens AirWair
Nudie Jeans co
ÚTSALAN HEFST Í DAG
40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM
OPIÐ TIL 21:00 Í SMÁRALIND OG 22:00 Í KRINGLU
galleri sautján
Kringlan | Smáralind



Jón segir ævi Katrínar hafa verið reyfarakennda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vitur móðir þjóðar

## Jón Þ. Þór sagnfræðingur er höfundur bókar um Katrínu miklu keisaraynju Rússlands sem ríkti í 34 ár til dauðadags.

Sagnfræðingurinn Jón Þ. Þór segir sögu Katrínar keisaraynju Rússlands í nýrri bók sinni, sem heitir einfaldlega Katrín mikla. „Í byrjun aldarinnar þurfti ég að fara nokkuð oft til Pétursborgar vegna erlendra verkefna og ég var einnig að kenna þar. Á þessum tíma kynntist ég rússneskum kollegum og stúdentum og fann að það var mikill áhugi hjá þeim á Katrínu miklu. Ég smitaðist og varð mér úti um bækur um hana og ætlaði bara að lesa mér til, en mér fannst hún svo spennandi að ég fór að hripa ýmislegt niður,“ segir Jón.



Katrín mikla vann merkt starf og gerði Rússland að stórveldi.

**Merkilegt starf**

„Ævi Katrínar er eins og reyfari. Keisaraynjan í Rússlandi var búin að ættleiða frænda sinn, Pétur, sem átti að verða keisari og hann þurfti brúði sem væri líkleg til að ala afkomendur. Keisaraynjan skrifaði Friðriki mikla í Prússlandi sem benti á fjölskyldu í litlu furstadæmi sem tilheyrði prússneska ríkinu og þar var þessi fjórtán ára gamla stúlka sem var send til Rússlands til að giftast ríkisarfanum. Þau voru gift í ein tólf ár og það gengu sögur um að þau hefðu aldrei sængað saman. Hún eignaðist samt börn og það var látið svo heita að þau væru börn eiginmannsins.

Þegar gamla keisaraynjan dó varð Pétur keisari en reyndist gjörsamlega vonlaus þannig að Katrín steypti eiginmanni sínum af keisarastóli og hann dó í fangelsi stuttu seinna, sennilega var hann drepinn. Katrín ríkti í 34 ár til dauðadags árið 1796 og vann gríðarlega merkilegt starf. Hún opnaði Rússum leið suður að Svartahafi, færði landamæri ríkisins út og gerði Rússland að evrópsku stórveldi.“

**Á ÞESSUM TÍMA KYNNTIST ÉG RÚSSNESKUM KOLLEGUM OG STÚDENTUM OG FANN AÐ ÞAÐ VAR MIKILL ÁHUGI HJÁ ÞEIM Á KATRÍNU MIKLU.**

**Kom Diderot til bjargar**

Jón segir Katrínu hafa verið merkilegan menningarfrömuð. „Hún var mjög vel menntuð og kunni fjölmörg tungumál. „Hún keypti gríðarlega mikið af málverkum og stofnaði listasafn í Vetrarhöllinni. Hún keypti einnig bókasafn Voltaire eftir hans dags. Hún kom Diderot til bjargar þegar hann var kominn í mikla fjárþröng í Frakklandi og ætlaði að selja bókasafn sitt, sem var það eina sem hann átti sem var einhvers virði. Katrín frétti af þessu og keypti bókasafnið fyrir óhemju mikla upphæð. Hún sagði að það versta sem hægt væri að gera lærdómsmanni væri að svipta hann bókunum og hann ætti því að varðveita þær svo lengi sem hann lifði. Þar með var hann orðin bókavörður hennar í París og hún borgaði honum laun á hverju ári.“

**Sögur um ástir og kynlíf**

Ýmsar sögur spunnust um Katrínu miklu og hafa verið lífseigar. „Þegar Katrín kom til valda ypptu flestir kóngar og keisarar í öðrum löndum öxlum, töldu ólíklegt að hún héldist lengi við völd. Raunin varð önnur og þegar hún lést var hún talin í hópi fremstu og voldugustu þjóðhöfðingja í Evrópu,“ segir Jón. „Enn má sjá ýmislegt sem minnir á hana í Sankti Pétursborg og um einkalíf hennar, ekki síst ástir og kynlíf, spunnust ótal sögur sem sumar hafa lifað góðu lífi fram á þennan dag. Þær eru flestar lognar, margar ýktar en sumar sannar. Meðal annars má nefna að sú saga hefur lengi lifað en er ósönnuð að hún hafi gifst Grigorij Potemkin á laun. Rússar elskuðu hana margir og þjóðskáldið Alexander Púskín lýsti henni sem „viturri móður rússnesku þjóðarinnar“.“ **kolbrunb@frettabladid.is**

# Loksins komnir heim

## SÍM rekur gestavinnustofur á tveimur stöðum í Reykjavík. Katrín Helena verkefnisstjóri segir erlenda listamenn hrífast af Íslandi og sumir þeirra hafa jafnvel flutt til landsins.

SÍM (Samband íslenskra listamanna) hefur frá árinu 2002 rekið gestavinnustofur í Reykjavík, á Seljavegi og á Korpúlfsstöðum. Þar gefst erlendum listamönnum kostur á að dvelja og starfa í einn til þrjá mánuði hverju sinni. Katrín Helena Jónsdóttir er verkefnastjóri gestavinnustofa SÍM.

„Hugmyndin var upphaflega að láta íslenska listheiminn og hinn alþjóðlega mætast og hafa þannig áhrif hvor á annan. Í kringum 200 erlendir listamenn koma hingað árlega til að starfa í vinnustofunum. Reynslan er mjög góð og það hefur sýnt sig að fjölmargir erlendir listamenn hafa mikinn áhuga á íslenskri myndlistarsenu og langar að mynda tengsl við hana,“ segir Katrín.

Listamennirnir koma víða að, þar á meðal frá Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Skandinavíu og Asíu. „Vinnustofur okkar eru vel kynntar á erlendri grundu og listamenn vita af þeim. Það má segja að vitneskjan um þær sé sterkari utan landsteinanna en innan þeirra, hér heima vita ekkert margir af gestavinnustofunum,“ segir Katrín. „Við fáum fjölmargar umsóknir á hverju ári og þurfum að hafna hátt í 60 prósent þeirra. Umsækjendur sækja um á netinu og senda ferilskrá og nefnd fer síðan yfir umsóknirnar. Þetta er flott listafólk sem hefur fjölbreyttan bakgrunn, við gerum ákveðnar kröfur um reynslu og menntun umsækjenda og valið á milli þeirra getur oft verið erfitt.“



„Það er ótrúlega gaman að sjá fólk fléttast inn í samfélagið og hafa áhrif með þessum hætti,“ segir Katrín Helena. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Loksins komnir heim**

Katrín segir upplifun listamannanna af dvölinni á Íslandi afar jákvæða. „Þeir eru yfirleitt yfir sig ánægðir, svo ánægðir að margir koma aftur og aftur. Það eru meira að segja dæmi um listamenn sem hafa komið hingað og myndað svo sterk tengsl við land og þjóð að þeir hafa síðan flutt til landsins. Nokkrir hafa meira að segja lýst því að á Íslandi líði þeim eins og þeir séu loksins komnir heim.“

Áhrifin frá Íslandi endurspeglast jafnvel í verkunum sem listamennirnir vinna hér á landi. „Í tengslum við dvöl listamannanna í gestavinnustofunum er listamannaspjall, sem er opið öllum, en þar segja gestirnir frá því sem þeir hafa verið að gera í gegnum tíðina og að hverju þá langar að vinna að í gestavinnustofunum. Vegna þeirra áhrifa sem þeir verða fyrir hér á landi fara þeir síðan stundum í allt aðra átt en þeir höfðu ætlað sér í upphafi. Þar að auki koma margir til að vinna markvisst með íslenska náttúru, efnivið eða menningararf,“ segir Katrín.

**Samstarf með leikskólabörnum**

Upphaflega hugmyndin með vinnustofunum var að láta íslenska listheiminn og hinn alþjóðlega mætast. Það hefur sannarlega tekist og Katrín nefnir tvö skemmtileg dæmi: „Eldri listamaður frá Bandaríkjunum dvaldi á Seljavegi þar sem leikskóli er við hliðina á vinnustofunni. Hann tók upp á því að hefja samstarf með leikskólabörnunum og er að koma aftur í haust til að halda verkefninu áfram með þeim. Þýsk listakona, Katrin Hahner, hefur komið hingað nokkrum sinnum og með hverri heimsókn hefur hún styrkt tengsl sín við íslenskan myndlistarheim. Hún vann til dæmis að uppsetningu Guð blessi Ísland í Borgarleikhúsinu í fyrra og sýnir nú eigin verk í Galleríi Porti. Það er ótrúlega gaman að sjá fólk fléttast inn í samfélagið og hafa áhrif með þessum hætti.“

**ÞAÐ ERU MEIRA AÐ SEGJA DÆMI UM LISTAMENN SEM HAFA KOMIÐ HINGAÐ OG MYNDAÐ SVO STERK TENGSL VIÐ LAND OG ÞJÓÐ AÐ ÞEIR HAFA SÍÐAN FLUTT TIL LANDSINS.**

Í hverjum mánuði er haldin sýning í húsakynnum SÍM, Hafnarstræti 16, á þeim verkum sem hinir erlendu listamenn hafa unnið á gestavinnustofunum á Seljavegi og Korpúlfsstöðum. Hver sýning stendur einungis í tvo daga. Sýningu júnímánaðar lýkur í dag, fimmtudag, klukkan 15. Næsta sýning verður síðan í lok júlí.

**kolbrunb@frettabladid.is**

nettó

# SUMARBÆKLINGURINN ER KOMINN!




ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!



-40%

**KJÚKLINGALUNDIR**
700 G
**888 KR PK**
~~ÁÐUR: 1.480 KR/PK~~



-40%

**GRÍSAGRILLSNEIÐAR**
HVÍTLAUKSPIPAR
**779 KR KG**
~~ÁÐUR: 1.298 KR/KG~~



-20%

**GRÍSARIF**
FULLELDUÐ Í BBQ
**798 KR KG**
~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~



-28%

**LAMBARIBEYE**
MEÐ HVÍTLAUK
OG RÓSMARÍN
**2.994 KR KG**
~~ÁÐUR: 4.159 KR/KG~~



-40%

**LAMBABÓGSTEIK**
Í SVEPPAMARINERINGU
**2.099 KR KG**
GOÐI
~~ÁÐUR: 3.498 KR/KG~~



-20%

**KALKÚNASNEIÐAR**
SUÐRÆNAR
**2.238 KR KG**
~~ÁÐUR: 2.798 KR/KG~~



-30%

**NAUTGRIPAHAKK**
12-16% FITA
**1.259 KR KG**
~~ÁÐUR: 1.798 KR/KG~~



-20%

**KJÚKLINGABRINGUR**
Í KRYDDMARINERINGU
**2.158 KR KG**
ÍSFUGL
~~ÁÐUR: 2.698 KR/KG~~



-25%

**BLÁSKEL**
1 KG
**1.199 KR KG**
~~ÁÐUR: 1.598KR/KG~~

*BERJADAGAR*
*30% AF BLÁBERJUM OG JARÐARBERJUM!*



-30%

nettó
Á NETINU
www.netto.is

**Tilboðin gilda 28. júní - 1. júlí 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss



„Leikur hennar var einbeittur og fágaður," segir í dómnum um frammistöðu Guðnýjar Guðmundsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Afmæli fagnað með Mozart

**TÓNLIST**

★★★★☆

**Kammertónleikar**

Guðný Guðmundsdóttir og Delana Thomsen fluttu tónlist eftir Mozart.

**Hannesarholt**

sunnudaginn 24. júní

Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari var aðeins 26 ára þegar hún tók við stöðu konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ungur aldur hennar vakti athygli, en ekki síður að hún var kona. Kannski voru því einhverjir sem efuðust um getu hennar til að valda starfinu, en hún sannaði sig heldur betur. Hún gegndi stöðunni allt til ársins 2010 og var afar farsæl. Á þessu ári fagnar hún sjötugsafmæli og af því tilefni hyggst hún halda tónleikaröð í Hannesarholti þar sem hún mun leika öll verk Mozarts fyrir fiðlu og píanó. Þetta eru sex tónleikar og aldrei sami píanóleikarinn. Á tónleikunum í hádeginu á sunnudaginn kom hin bandaríska Delana Thomsen fram með Guðnýju, en hún hefur leikið af og til með henni í fjölmörg ár.

Mozart var undrabarn og farinn að semja músík á sama aldri og önnur börn eru að uppgötva legókubba. Á hans mælikvarða var hann orðinn aldurhniginn þegar hann samdi fyrsta verkið á tónleikunum, tíu ára gamall! Þetta var sónata í Es-dúr KV 26 (KV er skammstöfun fyrir Köchel Verzeichnis, þ.e. skrá Köchels, sem raðaði öllum tónsmíðum Mozarts í tímaröð að honum gengnum). Tónmálið er furðu þroskað fyrir svo ungan dreng, og sónatan lék í höndunum á hljóðfæraleikurunum. Túlkunin var stílhrein, samspilið nákvæmt, hröð tónahlaup skýr og jöfn, stemningin lífleg, akkúrat eins og hún átti að vera.

Hlutur píanistans, bæði hér sem og annars staðar á tónleikunum, var veigamikill. Píanóröddin er í fyrirrúmi, fiðlan skreytir, bætir við, undirstrikar, en er sjaldan í einleiksrullu. Píanóverk voru vinsæl í tíð Mozarts, og reyndar allar götur síðan. Það að bæta einfaldri fiðlurödd við þýddi að áhugafiðluleikarar gátu fengist við tónlistina líka, því hún var ekki of erfið. Slíkt fyrirkomulag jók mjög á sölu nótnabókanna og allir græddu.

Í næstu tónsmíð dagskrárinnar, 12 tilbrigðum við franskt stef, var stórt hlutverk píanóleikarans áberandi. Eitt af tilbrigðunum var í einleiksformi, þ.e. fiðlan kom þar hvergi nærri. Delana lék af fagmennsku, en stundum hefði þó meiri léttleiki verið ákjósanlegur, auk þess sem trillur voru oftar en ekki heldur hægar. Guðný var hins vegar með allt sitt á hreinu, leikur hennar var einbeittur og fágaður.

Tilbrigðin voru fjölbreytt. Stefið franska var ofureinfalt, nánast eins og Gamli Nói. Það er til marks um snilld Mozarts hve honum tókst þarna að búa til stórfenglega list úr fátæklegum efniviði. Þetta er einmitt eitt af einkennismerkjum hans sem tónskálds. Stef hans sjálfs eru kannski bara brotinn hljómur, hálfur tónstigi, ofurlítil hending, en úr þeim verður til heil sinfónía eða ópera.

Tvö agnarlítil verk, KV 404, voru næst á efnisskránni, bæði ágætlega flutt, en lokaatriðið var sónata í C-dúr KV 296. Hún er mun þroskaðri en sú fyrsta sem leikin var á tónleikunum. Píanóið er í forgrunni, vissulega, en fiðluröddin er engu að síður mikilvæg líka, sérstaklega í forkunnarfögrum hæga kaflanum. Hér hefði píanóleikurinn á tíðum mátt vera fínlegri, og aftur voru trillur kynlega þunglamalegar. Að öðru leyti var flutningurinn fínn, samspilið var agað og fiðluleikurinn kröftugur og glæsilegur. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA** Skemmtilegir tónleikar með flottri tónlist.


FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141


# Tunglið sjálft hinn leyndi stjórnandi útgáfunnar

**Tunglið forlag gefur út tvær bækur í kvöld í Listasafni Einars Jónssonar á Skólavörðuholti. Þær sem ekki seljast fyrir klukkan 22 verða brenndar, en fyrst er listahátíð haldin vegna fimm ára afmælis útgáfunnar.**




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


Með útgáfu tveggja Tunglbóka fögnum við þeirri staðreynd að daginn er farið að stytta og nóttina að lengja. Enda fullt tungl," segir skáldið Ragnar Helgi Ólafsson um Tunglkvöld sem haldið verður í Listasafni Einars Jónssonar á Skólvörðuholtinu í kvöld og hefst klukkan 20.

Ragnar Helgi er forsvarsmaður Tunglsins, ásamt Degi Hjartarsyni. Hann er einnig höfundur annarrar bókarinnar sem kemur út í kvöld. Sú ber titilinn Bókasafn föður míns. Hina bókina, Vör/Lip, á kanadíska ljóðskáldið Anne Carson. Báðar eru gefnar út í litlu upplagi og ef þær seljast ekki allar á tveimur tímum verður kveikt í þeim sem eftir eru. Af hverju?

„Það er löng og flókin saga," segir Ragnar Helgi. „Hugmyndin var sú að þróa útgáfu fyrir bækur sem ekki væru að finna sér farveg. Við vissum af handritum hér og þar í styttri kantinum og í óræðu formi, milli minninga, ljóða, skáldsagna og einhvers annars. Í stað þess að útgáfan sé eins og gróðursetning trés er hún eins og pinni sem er tekinn úr handsprengju. Okkar bækur eru ávallt gefnar út tvær saman, í takmörkuðu upplagi, 69 eintökum hvor titill, eru bara til sölu í þá tvo klukkutíma sem Tunglkvöldið stendur, þar sem við erum með lestur á bókum, gjörninga, tónlistarflutning og alls konar furður sem gerast. Klukkan tíu er lokað fyrir söluna og því sem er óselt af upplaginu er eytt í eldi."

Ragnar Helgi segir Tunglið með þessu innleiða í bókmenntaheiminn hluti sem þekktir séu úr myndlistarheiminum, eins og gjörninga en þetta fyrirkomulag þýði að nú séu nokkrar stórkostlegar Tunglbækur kannski bara til í 50 eintökum í heiminum. En er ekki eftirspurn eftir þeim?

„Jú, jú. Safnarar hafa boðið okkur stórfé fyrir að hafa uppi á bókum fyrir sig, en við veitum enga slíka þjónustu, fólk verður bara að mæta á staðinn, standa í röðinni og kaupa bókina. Þetta er líka hugmynd um að snúa aðeins upp á markaðshagkerfið, búa til tilfinningu fyrir skorti strax frá byrjun, þannig verður bókin rarítet um leið og hún kemur út."

Dagskráin byrjar inni í safni þar sem höfundarnir lesa úr bókunum, svo verður fyrsta Listahátíð Tunglsins í mannkynssögunni haldin – og kannski síðasta líka, að sögn Ragnars Helga. Hún hefst klukkan 21 og stendur til klukkan 21.30. „Í þennan hálftíma verða viðburðir í öllu safninu. Á efstu hæðinni verða skáld að lesa, í gula herberginu verður Nikulás Stefán að fremja myndlistargjörning, í rauða herberginu verður hin gríska Sophie Fetokaki að syngja Miðjarðarhafssöngva, í bláa herberginu verður Laura Leif, þjóðlagasöngkona frá Kanada, að flytja sín verk. Í lok kvölds munum við safnast saman í garðinum og slíta kvöldinu með óvæntum gjörningi og stíl."

Fimm ár eru frá því að fyrstu bækur Tunglútgáfunnar komu út. Ragnar Helgi segir tilraunina hafa fengið meiri athygli en þeir félagar áttu von á. „Það hefur verið tekið viðtal við okkur fyrir Guardian, þetta þykir svo sérstakt. Við héldum einu sinni Tunglkvöld í Þýskalandi og það kostaði miklar útskýringar fyrir hinn þýskumælandi heim að það er ekki pólitískur gjörningur hjá okkur að brenna bók, heldur ljóðrænn gjörningur og er drifinn áfram af ást á bókinni, ekki hatri," tekur hann fram og bætir við: „Tunglið sjálft er hinn leyndi stjórnandi þessarar útgáfu því bækurnar koma alltaf út á fullu tungli."



Ragnar Helgi segir fyrirkomulag Tunglútgáfunnar hafa vakið athygli langt út fyrir landsteinana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Um höfundana

**Anne Carson fæddist í Toronto í Kanada. Hún hefur gefið út fjölda ljóðabóka, einnig skáldsögur og enskar þýðingar á klassískum bókmenntum Grikkja. Carson hefur hlotið ógrynni verðlauna og viðurkenninga fyrir verk sín, meðal annars Guggenheim-verðlaunin, þýðingarverðlaun PEN samtakanna og T.S. Eliot verðlaunin. Hún af mörgum talin eitt mikilvægasta skáld sinnar kynslóðar. Meðal þekktustu verka hennar eru bækurnar: Eros the Bittersweet og Autobiography of Red.**

**Tvímála útgáfa á sonnettusveignum „Vör/Lip" er jafnframt frumútgáfa bókarinnar. Hana skreyta skissur eftir Robert Currie. Ingibjörg Sigurjónsdóttir íslenskaði. Bókin er 47 blaðsíður.**

**Ragnar Helgi er menntaður í heimspeki, myndlist og ritlist. Jafnhliða ritstörfum hefur hann um árabil starfað að myndlist og sýnt verk sín víða. Hann hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar haustið 2015 og í fyrra var bók hans Handbók um minni og gleymsku tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Bækur hans hafa verið þýddar á þýsku og frönsku.**

**Bókasafn föður míns er fimmta bók Ragnars. Þar fjallar hann um hið ómögulega verkefni að fara í gegnum 4.000 titla bókasafn látins föður síns og finna því stað á 21. öldinni.**

**Í Bókasafni föður míns er fjallað um þjóðlegan fróðleik, algóriþma, bækur og missi. Bókin er 153 blaðsíður.**



Helga og Þórhildur kynna Huldu allvíða um landið nú í sumar.
MYND/DANÍEL STARRASON

# Huldu minnst í tali og tónum

Hver á sér fegra föðurland? er yfirskrift dagskrár um líf og ljóð skáldkonunnar Huldu. Þær Helga Kvam píanisti og Þórhildur Örvarsdóttir söngkona flytja hana í Hannesarholti við Grundarstíg í kvöld og byrja klukkan 20.

„Við segjum frá Huldu og lesum og syngjum ljóðin hennar,“ upplýsir Helga sem er á suðurleið, ásamt Þórhildi, þegar hún svarar síma, því báðar búa þær á Akureyri. „Við flytjum ljóð eins og Grágæsamóðir og Segðu það móður minni og syngjum Við fjallavötnin fagurblá, Lindin og fjölmörg fleiri sönglög. Hann Daníel Þorsteinsson tónskáld samdi tvö þeirra sérstaklega fyrir okkur.“

Helga og Þórhildur hafa haldið saman marga þematengda tónleika þar sem efnistökin eru oftar en ekki ákveðin skáld bæði úr klassískum grunni og heimi dægurtónlistar.

**HULDA VAR STÓRBROTIN KONA OG FJÖLHÆF, ORTI EKKI BARA LJÓÐ HELDUR SKRIFAÐI HÚN SKÁLDSÖGUR OG ÆVINTÝRI LÍKA.**

„Okkur fannst þörf á að vekja athygli á þessari konu, hún hefur fallið svolítið í gleymskunnar dá, þrátt fyrir að vera stórskáld. Hún er komin ofan í kassa í geymslum bókasafna, sem væri ekki gert við Davíð Stefánsson eða Stein Steinarr. Hulda var stórbrotin kona og fjölhæf, orti ekki bara ljóð heldur skrifaði hún skáldsögur og ævintýri líka.

Þær stöllur frumfluttu dagskrána í Hofi á Akureyri 19. júní og voru á Húsavík þann 20. „Við verðum svo á Hólmavík á morgun, Ísafirði á laugardag og í ágúst förum við á Kópasker og Eskifjörð,“ segir Helga og tekur fram að dagskráin sé hluti af afmælisdagskrá fullveldis Íslands, styrkt af sóknaráætlun Norðurlands eystra, KEA og listamannalaunum.

Aðgangseyrir á tónleikana er 3.000 krónur en 200 fyrir eldri borgara og öryrkja en frítt er fyrir 12 ára og yngri.

Kvöldverður er framreiddur í Hannesarholti í sumar alla fimmtudaga, föstudaga og laugardaga og leikur Guðmundur Reynir á píanóið undir borðhaldi í kvöld.

**gun@frettabladid.is**

### HÚN HÉT UNNUR BJARKLIND

**Hulda var skáldnafn Unnar Benediktsdóttur Bjarklind (1881-1946) Hún skrifaði ljóð og prósa. Eitt þekktasta ljóð hennar er Hver á sér fegra föðurland? úr ljóðaflokknum Söngvar helgaðir þjóðhátíðardegi Íslands 17. júní 1944. Það var annað tveggja ljóða sem vann samkeppni um hátíðarljóð í tilefni af lýðveldisstofnuninni.**

# Erlendir gagnrýnendur hrífast af plötu Tómasar R. og Eyþórs

Plata þeirra Tómasar R. og Eyþórs Gunnarssonar, Innst inni, sem kom út í lok síðasta árs, hefur hlotið afar lofsamleg ummæli í erlendum djasstímaritum austan hafs og vestan. Í danska blaðinu JazzSpecial skrifar gagnrýnandinn Thorbjörn Sjögren: „Hér er nægt andrými, hér er ró, hér er nægur tími og hér slá hjörtun í takt í 11 lögum Tómasar. Og um leið er sveiflan ótrúlega sterk. Hér er á ferðinni ein óvæntasta og sterkasta tónlistarupplifun sem ég hef orðið fyrir um langa hríð.“ Í enska blaðinu Jazz Journal skrifar Andy Hamilton: „Það ríkir tregi yfir tónlistinni á þessari plötu og þótt hún sé ekki fjölbreytt er hún engu að síður einstaklega áhrifamikil,“ og gefur plötunni fjórar stjörnur af fimm. Í bandaríska tímaritinu All About Jazz skrifar C. Michael Bailey: „Þetta er meira en tónlist, þetta er hugarástand og allt um kring er allt eins og vera ber, að minnsta kosti meðan tónlistin varir. Leyfið þessari plötu að færa ykkur frið.“

Þeir Tómas og Eyþór munu halda síðbúna útgáfutónleika í Norræna húsinu 15. ágúst í sumartónleikaröð hússins. **– kb**



**Tómas R. Einarsson getur fagnað lofsamlegum dómum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR









# Jónsmessuhappdrætti Sjálfsbjargar

**Dregið var þann 24. júní 2018**

## Vinningar og vinningsnúmer

**1. Skemmtisigling á vegum Úrval Útsýn að verðmæti kr. 1.500.000,-.**

13089

**2.-6. Draumaferð að eigin vali hjá Úrval Útsýn hver að verðmæti kr. 500.000,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 10309 | 21907 | 24888 | 26241 | 29019 |

**7.-14. Vöruúttekt hjá Samsungsetrinu hver að verðmæti kr. 250.000,-**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2678 | 8641 | 11740 | 13294 |
| 17078 | 18714 | 22201 | 23672 |

**15.-39. Ferð að eigin vali hjá Úrval Útsýn hver að verðmæti kr. 150.000.-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1098 | 1383 | 3062 | 4386 | 4730 |
| 5382 | 8473 | 9674 | 11354 | 11785 |
| 12803 | 14165 | 14188 | 15323 | 15489 |
| 15529 | 18644 | 18944 | 20458 | 22035 |
| 25960 | 25987 | 27834 | 28450 | 29787 |

**40.-59. Vöruúttekt hjá Samsungsetrinu hver að verðmæti kr. 100.000.-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 737 | 810 | 1732 | 1852 | 1920 |
| 2116 | 2479 | 2591 | 2633 | 2702 |
| 2996 | 3509 | 4578 | 4661 | 4885 |
| 6046 | 8073 | 8775 | 8984 | 9013 |

**60.-100. Vöruúttekt hjá Samsungsetrinu hver að verðmæti kr. 75.000.-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 9160 | 9256 | 9890 | 10255 | 10557 |
| 10910 | 11884 | 11886 | 12349 | 12391 |
| 12583 | 12629 | 14938 | 14955 | 15008 |
| 15029 | 15191 | 15615 | 15827 | 15843 |
| 16233 | 16853 | 16907 | 16971 | 17164 |
| 17756 | 18299 | 19302 | 19394 | 19857 |
| 20720 | 21173 | 21307 | 22818 | 22876 |
| 23162 | 24479 | 24640 | 25782 | 28103 |
| 29319 | | | | |

(birt án ábyrgðar)

Handhafar vinningsmiða eru vinsamlega beðnir um að framvísa þeim á skrifstofu Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra að Hátúni 12, Reykjavík, 3ja hæð, opið milli kl. 10.00 – 15.00 - sími: 5500-360.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 12. júlí 2018.

Vinningaskrá er einnig birt á vefsíðu samtakanna, **www.sjalfsbjorg.is**. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning.









**Fókus hópurinn spilar á CenterHótel Miðgarði á Laugavegi í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 28. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Hulda – Hver á sér fegra föðurland?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Tónlistardagskrá í tali og tónum um líf skáldkonunnar Huldu. Helga Kvam verður á píanói og Þórhildur Örvarsdóttir syngur. Aðgangseyrir er kr. 3.000. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 2.000 og ókeypis inn fyrir 12 ára og yngri.

**Hvað?** Upphitun fyrir LungA
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Alls konar tónlistarfólk kemur fram á Húrra til að hita upp fyrir listahátíðina LungA. Frítt inn.

**Hvað?** M E S H
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Mesh er tilraun í umhverfissálfræði, samstarfi og hljóði undir stjórn Clays Chaplin. Í júnímánuði mun hópur hljóðlistafólks frá Los Angeles, Chicago og Reykjavík dvelja í húsi í sveit á Suðurlandi og skapa nýtt hljóðverk í gegnum tilraunir, spuna og samvinnu. Hver meðlimur hópsins er einstakur tón- og hljóðlistamaður og spunaleikari og mun leggja fram eigin hugmyndir og áhrif í sköpunarferlið. Hljóðfæraskipan er fjölbreytt og samanstendur af tölvum, hljóðgervlum, víólum, röddum, fundnum hljóðgjöfum, hurdy-gurdy og viola da gamba. Húsið er opnað kl. 20.30. Miðaverð 2.000 kr.

**Hvað?** Tónlistarflutningur í Akranesvita
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Akranesviti
Nemendur Tónlistarskóla Akraness sjá um tónlistarflutning í Akranesvitanum.

**Hvað?** Tónlist í garðinum – Fókus hópur
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** CenterHotel Miðgarður, Laugavegi



**Team Spark afhjúpar smíði sína á Háskólatorgi í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í dag munu Fókus hópurinn skemmta gestum og gangandi með vel völdum slögurum á CenterHotel Miðgarði. Fókus hópurinn samanstendur af hópi söngvara sem allir kynntust við tökur þáttanna The Voice Iceland og kepptu einnig í undankeppni Söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva 2018 með lagi sínu „Aldrei gefast upp“ eða „Battleline“.

**Hvað?** R6013: Sacha Bernardson, Rex Pistols, Sunna Friðjóns
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ingólfsstræti 20
Opið öllum aldurshópum endurgjaldslaust en frjáls framlög eru vel þegin. Dýraafurðalaus matur í boði.

### Viðburðir

**Hvað?** Bjór bingó
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Den Danske Kro, Ingólfsstræti
Bingóspjald kostar aðeins 300 krónur, góð tilboð á barnum og flottir vinningar. Ármann og Ingimar sjá um bingóið og lifandi tónlist frá kl. 22. Ekki gleyma að hamingjustund er frá kl.16-19 og tilvalið að hita upp fyrir bingó með ísssköldum bjór.

**Hvað?** Danspartí
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Danskennsla og danspartí fram á rauðanótt þar sem ólíkir dansstílar mætast. Allt frá tangó, salsa, lindy hop, jallabina, samkvæmisdönsum o.fl. Frítt inn og tilboð á barnum.

**Hvað?** Afhjúpun – Team Spark
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Háskólatorg, Háskóla Íslands
Team Spark, Formula Student lið Háskóla Íslands, afhjúpar nýjustu smíði sína. Afhjúpunin mun fara fram á Háskólatorgi og mun hún standa yfir á milli klukkan 5 og 7. Boðið verður upp á léttar veitingar.

**Hvað?** Helguleikur – útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Sal FÍH, Rauðagerði
Út er komin bókin Helguleikur eftir Kolbein Bjarnason. Af því tilefni efna Sumartónleikarnir í Skálholti og Bókaútgáfan Sæmundur til útgáfuhófs í sal FÍH í Rauðagerði 27 í Reykjavík í dag klukkan 17-19. Auk bókarinnar verður starf Sumartónleikanna kynnt en dagskrá þeirra hefst 7. júlí næstkomandi. Allir velkomnir – kaffi og konfekt.

**Hvað?** Tunglkvöld N°XI: Vör/Lip og Bókasafn föður míns
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Listasafn Einars Jónssonar
Tunglið er málsvari næturinnar, lítilmagnans og hins föla skins. Tunglið forlag fagnar þess vegna þeirri staðreynd að daginn er farið að stytta og nóttina að lengja með útgáfu tveggja nýrra Tunglbóka, á fullu tungli.

### Sýningar

**Hvað?** Opnun – Welcome to New Zoéland | Zoé Sauvage
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Listastofan, Hringbraut
New Zoéland/ Nýja Zoéland, er innblásin ferð í duttlungafullan hugarheim listamannsins Zoé Sauvage gegnum teikningu/ málverk, myndband, innsetningu. Landið sem er heimsótt: frændeyja Nýja-Sjálands. Hvað er eðlilegra en að þetta ímyndaða land rísi úr kafinu á Íslandi, næstum nákvæmlega andstæðum megin á hnettinum í gegnum miðja jörðina? Tilgangur listamannsins er hér að gefa, með auðmótanlegum tilraunum, innsýn í tengslin milli manns og þess náttúrulandslags sem sótt er heim, með áherslu á persónuleika ferðamannsins, ferðalanginn og draum hans, ímyndunarafl hans, flóttaþrá hans, þar sem upphafspunkturinn er ferðalag listamannsins sjálfs um gönguleiðir á Nýja-Sjálandi.




**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **IKEA.is**

IKEA®




LETHAL WEAPON
KL. 21:20
Frábærir spennuþættir, byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.

Frábær fimmtudagur
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




DECEPTION
KL. 19:50
Léttur og skemmtilegur sakamálaþáttur um virtan sjónhverfingamann sem verður eitt helsta leynivopn bandarísku alríkislögreglunnar við lausnir á flóknum glæpamálum.



NCIS
KL. 20:35
Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




CRASHING
KL. 22:05
Sögusviðið er New York og við fylgjumst með hinum seinheppna Pete sem er staðráðinn í að hefja nýtt líf eftir að eiginkonan yfirgefur hann.




MAGGIE
KL. 22:00
Ung kona smitast af sjúkdómi sem breytir sjúklingnum smám saman í uppvakning. Faðir hennar vill gera allt til að bjarga henni en hvað er til ráða?



BOARDWALK EMPIRE
KL. 22:00
Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum. Wall Street var á mikilli uppleið en mörg glæpagengi spruttu fram.



Allt þetta og meira til
á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Tommi og Jenni**
**07.40 Strákarnir**
**08.05 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Á uppleið**
**10.40 Jamie's Super Food**
**11.25 Í eldhúsinu hennar Evu**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Being John Malkovich** Frábær mynd með John Malcovich, John Cusack, Cameron Diaz og Catherine Keener. Craig Schwartz fær vinnu á undarlegum stað og uppgötvar göng bak við skjalaskáp nokkurn á 7½. hæð. Sá sem fer inn í göngin lendir umsvifalaust inni í vitund kvikmyndaleikarans Johns Malkovich og dvelur þar í 15 mínútur. Craig sér ótvíræða kosti í stöðunni og upphugsar aðferð til að græða á huga leikarans knáa. Málin eru þó flóknari en svo og brátt er Craig kominn í hálfgerða sjálfheldu með þessar ráðagerðir sínar.
**14.50 Dear Dumb Diary**
**16.25 PJ Karsjó**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**19.00 Fréttayfirlit og veður**
**19.05 Modern Family**
**19.25 The Big Bang Theory**
**19.50 Deception**
**20.35 NCIS**
**21.20 Lethal Weapon**
**22.05 Crashing**
**22.35 Real Time with Bill Maher**
**23.30 Burðardýr** Þáttaröð um einstaklinga úr íslenskum veruleika sem flækst hafa í skuggavef alþjóðlegs eiturlyfjasmygls. Í hverjum þætti heyrum við einstakling segja sanna sögu sína. Skipuleggjendur eiturlyfjasmygls nýta sér neyð fórnarlamba, nota hótanir og ofbeldi til að fá vilja sínum framgengt. Í þáttunum kynnumst við manneskjunum á bak við fyrirsagnirnar, fólkinu sem við köllum burðardýr. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.05 The Tunnel: Vengeance**
**00.55 C.B. Strike**
**01.55 Vice** Ferskur fréttaþáttur frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.
**02.25 Girls** Fimmta gamanþáttaröðin um vinkvennahóp á þrítugsaldri sem býr í draumaborginni New York. Fjallað er um aðstæður þeirra, samskiptin við hitt kynið, baráttuna við starfsframann og margt fleira.
**02.55 Abortion: Stories Women Tell**
**04.25 Being John Malkovich**

## STÖÐ 3

**19.10 Man Seeking Woman**
**19.35 The Last Man on Earth**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Supergirl**
**21.35 The Detour**
**22.00 Boardwalk Empire**
**22.55 The Simpsons**
**23.20 American Dad**
**23.45 Bob's Burgers**
**00.10 Man Seeking Woman**
**00.35 Seinfeld**
**01.00 Friends**
**01.25 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13 Grettir**
**07.27 K3**
**07.38 Mæja býfluga**
**07.50 Tindur**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Ævintýraferðin**
**10.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.48 Hvellur keppnisbíll**
**11.00 Stóri og Litli**
**11.13 Grettir**
**11.27 K3**
**11.38 Mæja býfluga**
**11.50 Tindur**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Ævintýraferðin**
**14.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.48 Hvellur keppnisbíll**
**15.00 Stóri og Litli**
**15.13 Grettir**
**15.27 K3**
**15.38 Mæja býfluga**
**15.50 Tindur**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Ævintýraferðin**
**18.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.48 Hvellur keppnisbíll**
**19.00 Ratchet og Clank**



Mörgæsirnar frá Madagaskar
kl. 08.24, 12.24 og 16.24

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.20 As Good as It Gets** Jack Nicholson og Helen Hunt fengu Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í þessari frábæru gamanmynd. Aðalpersónan er kuldalegur og með eindæmum sérvitur náungi sem forðast náin samskipti við annað fólk. Örlögin haga því hins vegar þannig að hann tengist smám saman gengilbeinu á veitingahúsi og homma í næstu íbúð sterkum böndum.
**11.35 The Portrait of a Lady**
**14.00 Isabelle Dances Into the Spotlight**
**15.40 As Good as It Gets**
**17.55 The Portrait of a Lady** Áhrifamikil og rómantísk mynd frá 1996 með Nicole Kidman og John Malkovich. Isabel Archer er á undan sinni samtíð og storkar ríkjandi gildum. Hún fer í ferðalag um Evrópu og lendir þar í klóm Madame Merle og Gilberts Osmond sem ákveða að hagnast á þessari ungu og saklausu konu. Myndin er gerð eftir meistaraverki rithöfundarins Henrys James.
**20.20 Isabelle Dances Into the Spotlight**
**22.00 Maggie**
**23.35 Partisan**
**01.15 Morgan**
**02.50 Maggie** Spennutryllir frá 2015 með Arnold Schwarzenegger og Abigail Breslin. Ung kona smitast af sjúkdómi sem breytir sjúklingnum smám saman í uppvakning. Faðir hennar vill gera allt sem í hans valdi stendur til að bjarga henni en til hvaða ráða getur hann gripið? Hér er á ferðinni áhugaverð mynd með frumlegum söguþræði en hún gerist þegar skæður sjúkdómur sem breytir fólki smám saman í stórhættulega uppvakninga geisar á jörðu. Þegar ung kona, Maggie, uppgötvar að hún hefur sýkst flýr hún að heiman til að vernda föður sinn fyrir því sem koma skal. Hann tekur hins vegar ekki í mál að reyna ekki til þrautar að bjarga dóttur sinni og ákveður að finna hana hvað sem það kostar.

## RÚV

**13.15 HM stofan**
**13.50 Senegal - Kólumbía**
**15.50 HM stofan**
**16.20 Eldhugar íþróttanna**
**16.50 HM hetjur - Fritz Walter**
**17.00 Táknmálsfréttir**
**17.10 HM stofan**
**17.50 England - Belgía**
**19.50 HM stofan**
**20.25 Veður**
**20.30 Fréttir**
**20.55 Íþróttir**
**21.05 Í garðinum með Gurrý**
**21.35 Heimavöllur**
**22.30 Lögregluvaktin**
**23.15 Gullkálfar**
**00.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.05 Sumarmessan**
**07.45 Mjólkurbikar karla**
**09.25 Mjólkurbikar karla**
**11.15 Goals of the Season**
**12.10 Sumarmessan**
**12.50 Pepsi-deild kvenna**
**14.35 Pepsi-mörk kvenna**
**15.35 Pepsi-deild karla**
**17.20 Pepsi-deild karla**
**19.50 Sumarmessan**
**20.30 Premier League World**
**21.00 Sumarmessan**
**21.40 Pepsi-mörk kvenna**
**22.40 Undankeppni HM kvenna**

## GOLFSTÖÐIN

**07.10 Travelers Championship**
**12.10 Golfing World**
**13.00 Walmart Championship**
**15.00 KPMG Women's PGA Championship**
**19.00 The National**
**23.00 Inside the PGA Tour**
**23.25 Golfing World**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 WOW Cyclothon 2018 BEINT**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Man With a Plan**
**20.10 LA to Vegas**
**20.35 Flókkulíf**
**21.00 Instinct**
**21.50 How to Get Away With Murder**
**22.35 Zoo**
**23.25 The Tonight Show**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


Bætum við vörum daglega
ÚTSALAN
ER HAFIN
YFIR 4000 VÖRUR
Á MÖGNUÐU TILBOÐI!
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
20-75%
afsláttur!
KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR, DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL, BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR, BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR- OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR, HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

# Frægir á ferð og flugi

Þessi vika hefur kannski ekki verið neitt æðisleg veðurfarslega fyrir okkur venjulega fólkið á Íslandi – en ríka og fallega fólkið kvartar ekki né lætur það slíkt stöðva sig. Já, frægir eru sko svo sannarlega á ferð og flugi.



Shaq, Chris Webber, Nate Robinson, Reggie Miller og fleiri mættu á frumsýningu myndarinnar Uncle Drew sem fjallar um gamla menn spila körfubolta.







Paris var í París með unnusta sínum, Chris Zylka, á þriðjudaginn.

Khloe Kardashian? Ónei, þetta er vaxstytta sem hulunni var nýlega svipt af á Madame Tussauds safninu í Las Vegas.





Fræga fólkið er ekki alltaf að skemmta sér og glaumgosinn Neil Patrick Harris þurfti að mæta og auglýsa hnetusmjörstengda vöru á dögunum.



Benicio del Toro virtist eldhress á rauða dreglinum á frumsýningu myndarinnar Sicario 2.



Karl Bretaprins mætti á myndlistarsýningu í London í vikunni og leit á nokkrar myndir.

# SUMARSMELLURINN 2018
## NÚ MEÐ ÁVAXTABRAGÐI




Láttu RISA Opal með ávaxtabragði koma þér í rétta sumarskapið.
Skemmtilegt bragð sem þú verður að prófa.
**Opal, bætir andrúmsloftið.**

NÓI SÍRÍUS















frá uppsetningu útitorgsins í fyrra þar sem myndast alltaf góð stemming. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY

# Innipúkinn á sínum stað í ár

Tónlistarhátíðin Innipúkinn verður á sínum stað um verslunarmannahelgina þó að það sé í skoðun að útitorgið fái að standa í ár. Fyrsta tilkynning um listamenn á hátíðinni hefur borist í hús.

Innipúkinn er orðin ein elsta tónlistarhátíð landsins en hún var fyrst haldin árið 2002. Öll þessi ár hefur hátíðin verið ákveðið skjól fyrir þá sem nenna ekki að standa í neinum ferðalögum um verslunarmannahelgina og einnig mikilvægur vettvangur fyrir innlenda tónlistarmenn.

„Innipúkinn er þannig hátíð að það vilja allir spila á henni og spyrja engra spurninga – þetta er orðin ein elsta tónlistarhátíð landsins og skipulagið á hátíðinni er eiginlega sjálfseignarstofnun þannig að það á enginn Innipúkann og öllum hagnaði er skipt jafnt á milli allra bandanna sem þar koma fram og þá skiptir engu hvort þú ert Mugison eða GDRN. Miðaverði er stillt í hóf og við erum með frábæra styrktaraðila. Svo eru þessir tónleikastaðir tveir sem mér að minnsta kosti finnst skipta mestu máli í miðbænum – Húrra og Gaukur á Stöng sem hjálpa okkur mjög mikið. Vegna allra þessara atriða og hvernig allir koma saman þá myndast þetta skemmtilega andrúmsloft sem gerir okkur tónleikahöldurum mjög auðvelt fyrir, “ segir Ásgeir Guðmundsson, einn skipuleggjenda Innipúkans.

Ásgeir segir hátíðina verða með svipuðu sniði og áður – enda segir hann Innipúkann ekki hafa áhuga á því að breyta því sem þarf ekki að breyta. Hátíðin fer fram á Húrra og Gauki á Stöng og stendur í þrjá daga – föstudag, laugardag og sunnudag og grasrótinni verður gefið sitt pláss.

„Grasrótinni er alltaf gefinn góður séns og við höfum reynt að hafa það þannig. Fyrir mjög marga hefur þetta verið hátíðin sem hefur fyrsta „breikið“ – fyrsta hátíðin sem margir spila á áður en lengra er haldið.“

Síðustu ár hefur Innipúkanum fylgt útisvæði – Naustunum, götunni fyrir framan tónleikastaði hátíðarinnar, er lokað og grasþökum rúllað yfir malbikið. Þarna hafa verið haldnar myndlistarsýningar, bingó og myndast fjölskyldustemming á daginn. Þó hefur ekki borist leyfi fyrir þessari lokun í ár.

„Við erum búin að sækja um að loka aftur þessari götu. Það hefur auðvitað myndast góð og þversagnakennd stemming þar – útisvæði á Innipúkanum. En við lendum hins vegar núna í því að fyrstu viðbrögð frá umhverfis- og skipulagssviði, sem sér um að deila út þessum afnotaleyfum, eru bara „nei.“ Þetta er smá svona „computer says no“ vegna þessara framkvæmda sem eru þarna við enda Hafnarstrætisins við Lækjargötu. Vegna þess að það er einhver lokun þar þá þurfi að beina umferð um þessa götu, sem ég er ekki sammála að þurfi. Þetta er frekar vélrænt svar sem ég er náttúrulega búinn að andmæla og gerði fyrir löngu, borgin er með þetta í skoðun, við erum bjartsýn á að þetta komi í gegn.“

Ásgeir segist vonast til þess að þessu svari verði snúið við enda séu að hans mati sterk rök fyrir því að torgið fái að standa akkúrat þessa helgi.

„Við vonumst nú bara til þess að þetta séu fyrstu viðbrögð, sérstaklega í ljósi mikilvægis þess að vinna með okkur og öðrum sem vilja standa að því að gæða borgina lífi þessa helgi þar sem er kannski ekki mikið að frétta í þessari borg – það eru svo margir sem af einhverjum ástæðum kjósa að fara út á land á sama tíma og allir aðrir gera það. Innipúkatorgið hefur verið ansi mikilvægur partur af þessari stemmingu.“

Miðasala hefst í dag klukkan 10 á tix.is. stefanthor@frettabladid.is



Rari boys, Geisha Cartel og Yung Nigo Drippin spila saman. FRETTABLADID/EYÞÓR

## LISTAMENN SEM ERU KYNNTIR TIL SÖGUNNAR Í DAG

**JóiPé og Króli**
**GDRN**
**Bjartar sveiflur**
**HATARI**
**Girl Power**
**Svala Björgvinsdóttir**
**Logi Pedro**
**Une misère**
**Mugison**
**Sykur**
**BRÍET**
**Yung Nigo Drippin, RARI BOYS og Geisha Cartel (í sameiningu)**
**Prins Póló**

Listvinafélag Hallgrímskirkju 36. starfsár
Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society 36th season





# Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju

## The International Organ Summer in Hallgrímskirkja

16. júní – 19. ágúst 2018 / June 16 – August 19 2018

### Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12
**Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon**

## Schola cantorum

**Schola cantorum**, kammerkór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur ýmsar viðurkenningar og verðlaun fyrir tæran og vandaðan söng sinn, býður nú upp á sumartónleika sína í 10. sinn. Á efnisskrá Schola cantorum í sumar verða innlendar og erlendar kórperlur frá ýmsum tímum, m.a. eftir Mozart, Bruchner, Byrd og Mendelssohn. Hið tilkomumikla Klais-orgel mun stundum koma við sögu og af og til mun einsöngvari úr röðum kórfélaga hefja upp raust sína. Schola cantorum var valinn Tónlistarflytjandi ársins flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaunum 2017. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson.

**Schola Cantorum**, the prize winning chamber choir of Hallgrimskirkja is celebrating it´s 10th season of the popular Wednesdays Lunchtime Summer Concert this summer. The choir sings various beautiful music from their repertoire, both Icelandic choral pearls as well as famous choral works by Byrd, Bruchner, Mozart (Ave verum) and Mendelssohn, occasionally accompanied by the great Klais organ. Conductor is Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrimskirkja.



### Helgartónleikar
**með alþjóðlegum konsertorganistum**

**Weekend concerts**
**Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm**
**with international concert organists**



| | |
|---|---|
| 16th / 17th June | Eyþór Franzson Wechner, Blönduós Church |
| 23th / 24th June | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík |
| 30th / 1st July | Irena Chřibková, St James Basilica, Prague, Czech Republic |
| 7th / 8th July: | Winfried Bönig, Cologne Cathedral, Germany |
| 14th / 15th July: | Loreto Aramendi, Santa Maria Basilica, San Sebastian, Spain |
| 21st / 22nd July: | Thierry Escaich, Saint-Etienne-du-Mont, Paris, France |
| 28th / 29th July: | Thierry Mechler, Cologne Philharmonics, Germany |
| 4th / 5th August: | Elke Eckerstorfer, St. Augustin Church, Vienna, Austria |
| 11th / 12th August: | Hans-Ola Ericsson, Organ professor at McGill in Monreal, Canada |
| 19th August: | Hannfried Lucke, Mozarteum University, Salzburg, Austria. |

### Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12
**Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon**

| | |
|---|---|
| 21st June | Baldvin Oddsson trumpet and Steinar Logi Helgason organist of Háteigskirkja, Reykjavík |
| 28th June | Elísabet Þórðardóttir, organist at Kálfatjarnarkirkja, Hafnarfjörður |
| 5th July | Kitty Kovács, organist of Landakirkja, the Westmann Island |
| 12th July | Pamela Sensi flute, Steingrímur Þórhallsson organist of Neskirkja |
| 19th July | Þórunn Elín Pétursdóttir soprano and Lenka Mátéová organist of Kópavogskirkja, Kópavogur |
| 26th July | Lára Bryndís Eggertsdóttir, organist, Reykjavík |
| 2nd August | Kári Þormar, organist of Reykjavík Cathedral |
| 9th August | Friðrik Vignir Stefánsson, organist of Seltjarnarnes Church |
| 16th August | Jónas Þórir Jónasson, organist of Bústaðakirkja, Reykjavík |



LISTVINAFELAG.IS SCHOLACANTORUM.IS

Miðasala við innganginn 1 klst fyrir tónleika og á midi.is
Ticket sales at the entrance 1 hr before the concerts and online www.midi.is
Hádegistónleikar / Lunchtime concerts – 30 min: 2000 ISK - Schola cantorum – 30 min: 2500 ISK
Sunnudagstónleikar / Sunday concerts –60 min: 2500 ISK
Listvinir frá ókeypis inn á orgeltónleika sumarsins

Artistic Director: Hörður Áskelsson - Manager: Inga Rós Ingólfsdóttir mob. 696 2849
Concert Manager 2018: Gunnar Andreas Kristinsson mob. 865 5815

Gunnar Eggertsson · Reykjavíkurborg · Mennta- og menningarmálaráðuneytið · midi.is · Bílaleiga Akureyrar Höldur Europcar · Hotel Holt · Apotek



Sólveig Eva er spennt fyrir sinni fyrstu myndskreytisýningu um helgina á Reykjavík Fringe Festival. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Teiknar fleyg íslensk orð í villtri náttúru

Leikkonan og fyrirsætan Sólveig Eva eða Sóla er einstaklega klár með pensilinn. Hún hefur teiknað ýmislegt fyrir fyrirtæki á borð við Starbucks og Matís og heldur nú sína fyrstu sýningu.

Myndskreytirinn Sólveig Eva heldur sýningu sína Orð um komandi helgi með verkum sínum af orðum úr íslenskri tungu umvöfðum villtum íslenskum gróðri. Sýningin verður opnuð á Hlemmi Square 1. júlí kl. 20 og stendur til 8. júlí. Þetta er í fyrsta sinn sem Sólveig Eva heldur sýningu en hún hefur meðal annars myndskreytt fyrir Starbucks í Bretlandi, Matís á Íslandi og innanhúss verkefni fyrir Landor í Sydney.

„Ég gerði litabók úr stafrófi sem hægt er að nálgast á heimasíðunni minni, www.solaevadraws.com. Ef fólk hefur áhuga þá er hægt að hlaða henni niður ókeypis. En svo í kjölfarið fékk ég hugmynd að því að teikna íslensk orð og datt fyrst í hug jæja, mjög íslenskt orð. Síðan hélt ég áfram að finna önnur fleyg orð; jújú, já og jahá,“ segir Sólveig Eva, sem gjarnan er kölluð Sóla. „Svo ef maður segir þetta allt á innsoginu þá bætist menningarblærinn við.“

Hún sá listahátíðina Reykjavík Fringe Festival auglýsa eftir þátttakendum og ákvað að slá til en hátíðin fer fyrir ýmsum listrænum gjörningum, myndlist og leiklist.

Sólu er margt til lista lagt en utan þess að teikna fallega þá er hún leikkona og fyrirsæta í New York. Hún lærði leiklist í Rose Bruford í London en var nú að ljúka við seríu tvö af sjónvarpsþáttum á TruTV sem grínistinn Jon Glaser skrifar þar sem hún fer með aðalhlutverk.



Einstaklega fallegar teiknaðar myndir eftir Sólu.

„Það er mjög gaman að leika í þáttunum. Þeir eru mikið í improv-stíl, sem byggir á spuna og ég er búin að vera mikið í hér í New York,“ segir Sóla. „Í síðustu seríu fékk ég að leika með Michael Shannon og Janeane Garofalo og Jon Hodgman sem er draumur í dós og þetta er rosalega skemmtilegt þó svo að persónan mín sé óttaleg sætustelpa.“ Sóla er einnig í leikhópi með gömlum skólafélögum úr Rose Bruford og vinnur nú að útvarpsþáttum ásamt Bergdísi Júlíu Jóhannsdóttur.

**EN SVO Í KJÖLFARIÐ FÉKK ÉG HUGMYND AÐ ÞVÍ AÐ TEIKNA ÍSLENSK ORÐ OG DATT FYRST Í HUG JÆJA, MJÖG ÍSLENSKT ORÐ.**

Hægt verður að kaupa myndaplaköt eða póstkort með listaverkum Sólu á sýningunni eða hafa samband við hana í gegnum heimasíðuna hennar.

gj@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

HÁGÆÐA IÐNAÐARHURÐIR



VÉLABORG www.velaborg.is
Crawford
ASSA ABLOY
Járnháls 2-4 | 414-8600 | velaborg@velaborg.is

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíumskorts
- Lítil orka
- Þróttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kölkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur



Mamma Veit Best HREIN HEILSA
www.mammaveitbest.is



VIÐ SJÁUM UM BRÚÐKAUPIÐ
ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SEGJA JÁ!

Við leigjum og seljum
Tjöld, borð og stóla, uppblásna sófa, hljóðkerfi, ljósakerfi, skjávarpa og sýningartjöld, confetti sprengjur.

Sláðu á þráðinn ef eitthvað af þessu er að vefjast fyrir þér.
Það eina sem þú þarft að gera er að skemmta þér.

EXTON REYKJAVÍK
S: 575-4600
EXTON@EXTON.IS

EXTON AKUREYRI
S: 575-4660
AKUREYRI@EXTON.IS

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd
www.exton.is

Nýjar vörur frá geoSilica

Kísill Íslenskt kísilsteinefni
Renew Fyrir húð, hár og neglur
Recover Fyrir vöðva og taugar
Repair Fyrir bein og liði



Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

geoSilica ICELAND




FOLLOW US | INSTAGRAM | FACEBOOK | TWITTER | PINTEREST

ZARA

www.zara.com

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG HEILSUDÝNUR • GAFLAR • SA



SUMAR

# ÚTSALA

HEFST Í DAG







**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI**
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

ENGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.




ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR







VEFVERSLUN

www.betrabak.is

OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

Betra BAK

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Kristins Inga Jónssonar




## Ekki svo flókið

Það er ekki ofsögum sagt að íslensk fyrirtæki standi frammi fyrir breyttri heimsmynd. Alþjóðavæðing, breytt neytendahegðun og stórstígar tækniframfarir hafa leitt til harðvítugrar samkeppni og þurrkað út landamæri að nánast öllu leyti nema að nafninu til með þeim afleiðingum að heimurinn fer stöðugt minnkandi.

Við þessu þurfa fyrirtæki, sér í lagi á örmarkaði eins og þeim íslenska, nauðsynlega að bregðast ætli þau sér ekki að verða undir í samkeppninni. Þau verða að leita allra leiða til þess að hagræða og spara. Fyrir mörg þeirra er það einfaldlega lífsspursmál.

Það er því ekki nema von að ýmsir stórir samrunar standi fyrir dyrum, sér í lagi á smásölumarkaði, þar sem fyrirtæki reyna að mæta samkeppni að utan, hvort sem er frá verslunarrisum á borð við Costco og H&M eða netrisum eins og Amazon og ASOS.

Samkeppnisyfirvöld þurfa, ekki síður en fyrirtæki, að taka mið af breyttri heimsmynd í stað þess að reiða sig áfram á úreltar markaðsskilgreiningar. Jafnframt verða þau að hraða rannsóknum sínum á samrunamálum. Það þýðir ekki að fyrirtæki bíði mánuðum, ef ekki árum, saman upp á von og óvon á meðan yfirvöld gera upp hug sinn.

Fjórtán mánuðir eru frá því að Hagar og Olís skrifuðu undir kaupsamning og átta mánuðir síðan N1 og Festi gerðu slíkt hið sama. Engu að síður er enn óvíst hvenær niðurstöður liggja fyrir. Til samanburðar tók það bandarísk yfirvöld aðeins tvo mánuði að samþykkja kaup Amazon, stærstu netverslunar heims, á matvörurisanum Whole Foods. Samrunar upp á fáeina tugi milljarða króna á litla Íslandi geta vart verið flóknari en slík 1.500 milljarða króna risakaup.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland





